



Háskólinn
á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið
Kennaradeild-menntavísindabraut

Hvernig vegnar ættleiddum börnum af erlendum uppruna á
mið- og efsta stigi í grunnskóla?
„Lengi býr að fyrstu gerð“

Sigríður Ingvarsdóttir
Akureyri, febrúar 2013



Háskólinn
á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið
Kennaradeild-menntavísindabraut

Hvernig vegnar ættleiddum börnum af erlendum uppruna á
mið- og efsta stigi í grunnskóla?

„Lengi býr að fyrstu gerð“

Sigríður Ingvarsdóttir
Meistaraprófsritgerð lögð fram sem hluti
af námi til M.Ed.-gráðu í menntunarfræði
með áherslu á sérkennslu
Akureyri 2013

Ágrip

Markmið rannsóknarinnar er að auka skilning á hvernig börnum sem ættleidd hafa verið erlendis frá og dvalið hafa þar á stofnun, vegnar námslega og félagslega á miðstigi og efsta stigi grunnskólans. Rannsóknin var eigindleg viðtalsrannsókn sem byggði á ellefu hálfopnum viðtölum við sjö umsjónarkennara og þrjá sérkennara á miðstigi og efsta stigi í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Viðtölin voru tekin í apríl–júní 2012. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ákveðinn hópur ættleiddra barna af erlendum uppruna sem dvalið hafa á stofnun, er í aukinni hættu að eiga við námserfiðleika, athyglisbrest með eða án ofvirkni og/eða málþroskavanda að stríða. Munurinn á málþroska ættleiddu barnanna í rannsókninni var mikill og spannaði allt frá góðum málþroska til alvarlegs málþroskavanda. Í niðurstöðum kemur fram að meirihluti nemenda er í góðum tengslum við foreldra, kennara og bekkjarfélaga að mati viðmælenda en það stangast á við fjölmargar erlendar rannsóknir sem benda til hins gagnstæða. Þótt ákveðinn hópur ættleiddra barna sem dvalið hafa á stofnun, sé í aukinni áhættu varðandi náms- og hegðunarerfiðleika sem og frávika í málþroska þá eiga þessi börn, að mati viðmælenda í rannsókninni, oft sterkara tilfinningalegt bakland í foreldrum en mörg önnur börn. Miklar líkur eru á því að þessi öflugi stuðningur foreldra vinni gegn áhættuþáttum og getur orðið hornsteinn að velgengni barnanna bæði félagslega og tilfinningalega. Niðurstöður sýna jafnframt að efla þarf verulega þekkingu og skilning skólafólks á þeim erfiðleikum sem mörg börn, ættleidd erlendis frá, kunna að glíma við.

Abstract

The goal of the research is to expand understanding of how children, who were adopted from another country and lived in an institution, do academically and socially at the mid- and upper levels of compulsory school. The study consisted of qualitative research, based on 11 half-open interviews with seven supervising teachers and three special-education teachers at the mid- and upper levels of compulsory schools in the capital area. The interviews were taken in the period April-June 2012. The research findings indicate that a certain group of adopted children of foreign origin who have lived in an institution are at increased risk of having difficulties with studies, attention disorder (with or without hyperactivity) and/or language development. The difference in the adopted children's language development was great, ranging from good language development to serious language development difficulties. The findings show that a majority of students have good mental relations with parents, teachers and classmates, in the view of those interviewed, but this contradicts numerous foreign studies indicating the opposite. Although a certain group of adopted children who have stayed in an institution is at increased risk regarding academic and behavioural difficulties as well as deviations in language development, in the view of those interviewed in the research, these children often have stronger emotional support from parents than many other children. It is highly probable that this strong support from parents counteracts risk factors and can become a cornerstone of the children's success, both socially and emotionally. The findings also show that school people's knowledge and understanding of the difficulties that many children adopted from another country may be grappling with must be substantially strengthened.

Formáli

Þessi ritgerð er rannsóknarverkefni til fullnaðar M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri með áherslu á sérkennslu. Ritgerðin var unnin á tímabilinu janúar–nóvember árið 2012 og er 40 einingar (ECTS). Ritgerðin fjallar um hvernig ættleiddum börnum erlendis frá vegnar námslega og félagslega á miðstigi og efsta stigi grunnskólans. Leitað er svara við því hver reynsla kennara er af því að kenna ættleiddum börnum. Dr. Jórunn Elísdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri, veitti mér leiðsögn við gerð verkefnisins og fær hún mínar bestu þakkir fyrir ómetanlegan stuðning og ánægjulegt samstarf. Er það ekki ofmælt að án hennar aðstoðar hefðu ágallar verksins orðið mun fleiri en raunin er.

Höllu Tulinius þakka ég einnig fyrir yfirlesturinn og þarfar ábendingar varðandi ritgerðina. Einnig þakka ég kennurum í menntunarfræðum Háskólans á Akureyri fyrir frábæra samveru í námi mínu og góða kennslu.

Jafnframt vil ég þakka skólastjórnendum sem aðstoðuðu mig að finna viðmælendur og kennara en án þeirra hefði þessi rannsókn aldrei orðið að veruleika. Þá fær Hanna Kristín Stefánsdóttir, kennari mínar bestu þakkir fyrir yfirlesturinn.

Síðast en ekki síst fær fjölskylda mínar bestu þakkir fyrir umburðarlyndi og þolinmæði meðan námið átti hug minn allan, talaði í mig kjark þegar á móti blés og gladdist með mér þegar tilefni var til. Stuðningur þeirra var ómetanlegur

.

Efnisyfirlit

Ágrip	iii
Abstract.....	iv
Formáli.....	v
Fæðing Mósesar	1
1. Inngangur	2
1.2. Tilgangur rannsóknar og rannsóknarspurningar	5
1.3. Uppbygging ritgerðarinnar	6
2. kafli – Ættleiðing	8
3. kafli – Geðtengslakenningar	12
3.1. Geðtengslakenning Johns Bowlby	12
3.2. Stig tengslamyndunar.....	14
3.3. Framandi aðstæður Ainsworth	15
3.4. Viðbótarflokkur Main og Solomon.....	16
3.5. Alþjóðleg greining á geðtengslaröskun.....	17
3.6. Víðtæk áhrif af rannsóknum Bowlbys og Ainsworth	17
3.7. Einkenni geðtengslaröskunar	19
3.8. Rannsóknir á geðtengslaröskun barna.....	20
3.8.1 Geðtengslaraskanir og námsörðugleikar	22
3.9. Stofnanaeinhverfa – stofnanadeyfð.....	23
3.10. Kenning Eriks Eriksons um sjálfsmyndina	26
3.11. Rannsóknir á uppruna og sjálfsmynd ættleiddra barna	28
4. kafli - Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD).....	31
4.1. Skilgreining á ADHD.....	31
4.2. ADHD og skólaganga barna	32
4.3. Rannsóknir á ættleiddum börnum með ADHD.....	33
5. kafli – Málþroski.....	36
5.1. Almennt um málþroska	36

5.2. Þróun máltökunnar	37
5.3. Rannsóknir á málþroska og námsþroska ættleiddra barna.....	38
6. kafli – Félagshæfni.....	42
6.1. Skilgreining á félagshæfni	42
6.2. Rannsóknir á félagshæfni	44
7. kafli – Rannsóknin	46
7.1. Tilgangur rannsóknar og rannsóknarspurningar	46
7.2. Rannsóknaraðferð	46
7.3. Þátttakendur.....	48
7.4. Framkvæmd	48
7.5. Gagnagreining	48
7.6. Réttmæti og áreiðanleiki	49
7.7. Siðfræði.....	50
8. Niðurstöður	51
8.1. Reynsla kennara af að kenna ættleiddum börnum erlendis frá sem hafa dvalið þar á stofnun fyrir ættleiðingu	51
8.2. Geðtengsl	53
8.2.1. Geðtengsl við foreldra	53
8.2.2. Tengsl við kennara og bekkjarfélaga.....	55
8.3. Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD).....	57
8.4. Málþroski	58
8.5. Félagsleg samskipti	60
8.5.1. Uppruni og litarháttur	62
8.5.2. Jákvæðni gagnvart foreldrum	64
8.5.3. Sterkar og veikar hliðar	64
8.6. Þekking kennara á ættleiddum börnum erlendis frá sem dvalið hafa þar á stofnun fyrir ættleiðingu	66
9. Umræður	68
9.1. Reynsla kennara af að kenna ættleiddum börnum sem dvalið hafa á stofnun erlendis	68
9.2. Geðtengsl við foreldra.....	69

9.2.1. Tengsl við kennara og bekkjarfélaga.....	71
9.2.2. Stofnanaeinhverfa.....	73
9.3. Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD).....	73
9.4. Málproski	75
9.5. Félagsleg samskipti	77
9.5.1. Uppruni og litarháttur	78
9.5.2. Sterkar og veikar hliðar	80
9.6. Þekking kennara á ættleiddum börnum sem hafa dvalið á stofnun. Hvaðan er sú þekking fengin?.....	81
10. Lokaorð	83
Heimildaskrá	87
Yfirlit yfir fylgiskjöl	103
Fylgiskjal I. Staðfesting frá Persónuvernd	105
Fylgiskjal II. Tilkynning til Persónuverndar	106
Fylgiskjal III. Kynning á rannsókn	110
Fylgiskjal IV. Samþykkisyfirlýsing	112
Fylgiskjal V. Tengslahringurinn (e. Circle of Security)	113
Fylgiskjal VI. Rofinn tengslahringur (e. Limited Circles of Security).	114
Fylgiskjal VII. Óreiðukennd geðtengsl (e. Circle of Disorganization).	115

Fæðing Mósesar

Þá skipaði Faró þjóð sinni að kasta hverju nýfæddu hebresku sveinbarni í ána Níl, en láta meybörn lifa...

Maður nokkur af Leví ætt gekk að eiga dóttur Leví. Hún varð þunguð og fæddi son. Þegar hún sá hvað barnið var fallegt, faldi hún það í þrjá mánuði, en lengur gat hún ekki leynt því. Náði hún í körfu og þétti hana með leir og tjöru og setti hana við bakka Nílar. En systir hans stóð þar á lengdar til að vita, hvað um hann yrði.

Þá gekk dóttir Faraós ofan að ánni og veitti körfunni athygli og lauk henni upp og sá barnið... Það var að gráta og hún kenndi í brjósti um það.

„Hvað er þetta?“ sagði hún, „Ó, þetta er lítill hebreskur drengur.“ Þá sagði systir drengsins við dóttur Farós: „Á ég að sækja eina af hebresku konunum sem barnföstru til að hafa barnið á brjósti fyrir þig?“

Og dóttir Farós sagði henni að gera það og telpan fór og sótti móður barnsins. Svo konan tók barnið og hafði það á brjósti. En þegar barnið var orðið nógu gamalt, fór hún með það til dóttur Farós, sem tók hann sér í sonar stað og kallaði Móses“ (Biblían, 1981, bls. 98-102).

1. Inngangur

Sá aðskilnaður sem fylgir því að missa foreldra sína hefur djúp áhrif á barn jafnvel þótt það geri sér ekki grein fyrir hvað er að gerast og sé ekki meðvitað um áhrifin. John Steinbeck minnir okkur óþægilega á þetta í bók sinni *East of Eden*, „*The greatest terror a child can have is that he is not loved, and rejection is the hell he fears*“ (Steinbeck, 1968, bls. 22).

Í þessari rannsókn verður leitast við að varpa ljósi á það hvernig ættleiddum börnum erlendis frá vegnar námslega og félagslega á miðstigi og efsta stigi grunnskóla. Sérstaða ættleiddra barna er margþætt. Það sem þau eiga öll sameiginlegt er að hafa gengið í gegnum þungbæra lífsreynslu sem hefur meiri áhrif á líf þeirra en nokkuð annað á lífsleiðinni. Þau hafa misst kynfjölskyldu og ættingja. Þessi aðskilnaður og missir sem honum fylgir, hefur djúp áhrif á barnið jafnvel þótt það sé ef til vill ekki meðvitað um áhrifin.

Til eru fjölmargar niðurstöður erlendra rannsókna sem hafa sýnt að börn sem alist hafa upp fyrstu mánuði og jafnvel ár ævinnar á stofnunum, geti átt við þroskafrávik að stríða auk hegðunarvanda og tilfinningalegra erfiðleika í ríkari mæli en önnur börn. Möguleiki barnanna til eðlilegrar tengslamyndunar getur verið skertur eða jafnvel ekki til staðar. Einnig getur tengslamyndunin haft áhrif á hvernig þessum börnum tekst að mynda heilbrigð geðtengsl síðar á lífsleiðinni (Bowlby, 1953, bls. 36–53; Federici, 2003, bls. 73; Gunnar og Kertes, 2005, bls. 72; Johnson, 2002, bls. 39).

Síðustu þrjá áratugi hafa að meðaltali á annan tug barna verið ættleidd til Íslands á hverju ári. Mörg þessara barna hafa dvalið á stofnun áður en þau komu til landsins, sum allt frá fæðingu. Rannsóknir (Dalen, 2007, bls. 200; Gunnar og Kertes, 2005, bls. 27–47) leiddu í ljós að 20% ættleiddra barna frá Rússlandi og Austur-Evrópu voru fyrirburar og höfðu lága fæðingarþyngd vegna slæmra lífsskilyrða hjá mæðrum á meðgöngu. Ákveðnir áhættuþættir eins og vannæring, fyrirburafæðingar, áfengisneysla móður á meðgöngu og löng stofnanavist getur aukið líkur á skertum vitsmunabroska barnanna sem kann að koma fram í námserfiðleikum, slakri félagsfærni, tengslaröskun og seinkun í málþroska hjá þessum börnum (Dalen, 2007, bls. 205). Deborah og Hwa (2008, bls. 150) gerðu samanburðarrannsókn á ættleiddum börnum frá Kína og Austur-Evrópu sem leiddi í ljós að kínversku börnin komu betur út tilfinningalega og vitsmunalega en jafnaldrar þeirra frá Austur-Evrópu. Engu að síður sýndu 75% kínversku barnanna einkenni tengslaskerðingar, veikleika í fínhyrfingum, tilfinningalega og félagslega erfiðleika og voru með seinkaðan

málþroska. Rannsakendur skýrðu niðurstöður að nokkru leyti með því að aðbúnaður hafi verið betri á stofnunum víða í Kína en í mörgum öðrum löndum.

Niðurstöður fyrrnefndra rannsókna sýna svo ekki verður um villst að börn sem hafa verið á stofnunum fyrir ættleiðingu eru í áhættuhópi varðandi sérstæka námsörðugleika, tilfinningalega og félagslega örðugleika. Þetta er talið vera vegna þess að aðbúnaði þeirra á fyrstu ævimánuðum hefur oft verið verulega ábótavant. Það er því brýnt að þekking sé til staðar og skólinn hafi tök á því að veita börnum sem ættleidd eru frá öðrum löndum þann stuðning sem þau þurfa á að halda.

Samkvæmt 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Þar segir:

Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna (Lög um grunnskóla 91/ 2008).

Aðalnámskrá grunnskóla (2011) leggur áherslu á *skóla án aðgreiningar* þar kemur fram að hverjum skóla sé skylt að koma til móts við þarfir nemenda samkvæmt því sem fram kemur hér:

Allir eiga rétt á að stunda skyldunám í almennum grunnskólum án aðgreiningar sem öll börn sækja. Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins um manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Í skóla án aðgreiningar er gengið út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 41).

Jafnframt segir:

Nemendahópur í grunnskóla er fjölbreyttur og þarfir þeirra mismunandi. Sveitarfélög skulu sjá til þess að skólaskyld börn, fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir þeirra eins og þær eru metnar. Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sérstækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 41).

Ætla má að ættleidd börn falli inn í einhvern þessara flokka miðað við fyrrnefndar rannsóknir Dalen (2007, bls. 205) og Deborath og Hwa (2008, 150). Rannsókn Lee (2011, bls. 28-32) bendir til þess, að þekking skólafólks á einkennum ættleiddra barna erlendis frá sé oft af skörnum skammti, sem veldur því að þau fá oft ekki verkefni við hæfi, fyllast mótþróa og skólaleiða og flosna jafnvel frá námi.

Kveikjan að rannsókninni sem hér er greint frá, er einlægur áhugi minn á ættleiddum börnum og velferð þeirra. Sjálf er ég móðir ættleidds drengs sem hefur gefið og kennt mér meira en nokkuð annað sem hefur komið fyrir mig á lífsleiðinni. Þessi persónulegu kynni mín af ættleiðingu og þeim aðilum sem hún varðar, verður mér vonandi styrkur við gerð þessarar rannsóknar. Undirtitill þessa verkefnis, *lengi býr að fyrstu gerð*, er valinn með það í huga að reynsla á fyrstu árum barnsins getur vegið þyngra á ýmsan hátt en sú reynsla sem það mætir síðar á lífsleiðinni. Einnig má velta því fyrir sér hvort hugsanlegt sé, að ákveðin félagsmótun þurfi að koma til á tilteknu aldursbili að öðrum kosti verði erfiðara fyrir barnið að tileinka sér námið. Þótt við vitum talsvert um sérstöðu ættleiddra barna er rannsakanda ekki kunnugt um, að gerðar hafi verið rannsóknir um stöðu þeirra í grunnskóla. Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (2010, bls. 67–75) gerðu langtímarannsókn á ættleiddum erlendum börnum á Íslandi, aðlögun og samskipti í fjölskyldum og leikskólum. Niðurstaða þeirra benti til, að erlendu ættleiddu börnin hefðu aðlagast vel innan fjölskyldna og leikskóla. Leikskólakennarar töldu að börnin stæðu öðrum börnum fyllilega jafnfætis. Margrét Ólafsdóttir, aðjúnkt í þroskasálfræði og móðir ættleiddrar stúlku bendir hins vegar á, að umbúnaður leikskólans miði að því að laga sig að þörfum barnsins og mikið tillit sé þar tekið á hvaða þroskastigi barnið er. Það er ekki fyrr en komið er í grunnskóla að vandamálin fara á skjóta upp kollinum. Þótt vissulega sé tekið tillit til þroska barna í grunnskóla er kerfið þar námsmiðaðra og gerðar meiri námskröfur til barnanna. Auk þess geti grunnskólinn reynst börnum með tengslaröskun erfiðari, en eitt af meginverkefnum grunnskólans er að mynda góð tengsl sem er ekki endilega auðvelt fyrir erlendu ættleiddu börnin (Margrét Ólafsdóttir, 2009, bls. 256–264). Skólinn er sennilega, að heimilinu undanskildu, mikilvægasti áhrifavaldur í lífi barna og unglinga enda dvelja þau innan veggja skólans stóran hluta dagsins. Ég hef lítið fengist við kennslu en kenndi í þrjú ár sem stundakennari með háskólanámi. Í mínum huga er árangursrík kennsla sambland af list, reynslu, fræðilegri þekkingu og því getur skortur á faglegri umræðu hamlað allri skólaþróun. Það er sífellt flóknara að koma til móts við ólíkar þarfir allra nemenda og gera sér grein fyrir hvað kemur þeim best til að koma þeim til manna. Eftir að hafa lokið BA námi við félagsvísindadeild Háskóla Íslands hélt ég nokkrum árum síðar til Bretlands og lauk þar meistaranámi í list-og menningarstjórnun frá City University of London. Lengst af hef ég starfað við markaðs-og kynningarstörf tengd listum og menningu.

Fyrir fjórtán árum síðan ættleiddum við yndislegan dreng erlendis frá. Þegar hann hóf grunnskólagögnu sína var lítil þekking var til staðar í skólakerfinu á hvernig best væri að nálgast börn ættleidd börn erlendis frá. Undantekningarlaust voru þetta góðir kennarar og

yndislegar manneskjur sem ég hef átt afar gott samstarf við og margir hafa orðið góðir persónulegir vinir mínir. Ég hef komið talsvert að málefnum ættleiddra barna var einn af stofnendum og átti sæti í stjórn Samtaka barna með tengslaraskanir sem stóð af fagfólki og foreldrum ættleiddra barna. Árið 2003 sátum við ráðstefnu um tengslaraskanir barna í Richmond í Bandaríkjunum þar sem margir af hæfustu sérfræðingum í heiminum fluttu fyrirlestra um geðtengslaröskun. Stefna samtakanna var frá upphafi að miðla fræðslu til foreldra, kennara og annars fagfólks auk annarra sem umgangast börn með tengslaraskanir. Fyrsta námstefna samtakanna um tengslaröskun var haldin hérlandis í janúar árið 2005 fyrir fullu húsi, þar sem helstu sérfræðingar Bandaríkjanna, fluttu fyrirlestra um ýmsar hliðar tengslaröskunar. Önnur námstefna var haldin í október sama ár með heimsþekktum fyrirlesurum. Ári síðar átti ég þátt í að stofna foreldrafélag ættleiddra barna og fyrsti formaður félagsins frá 2006-2007. Þar sem málefni og skólaganga ættleiddra barna eru mér afar hugleikin ákvað ég að gera gangskör hvernig ættleiddum börnum vegnar í grunnskóla hérlandis svo hægt væri að mæta þessum hópi nemenda á markvissan hátt. Sjálf hef ég haft ómælda ánægju af því að ígrunda þessi málefni sem hér eru til umræðu enda er fátt skemmtilegra en börn og ungt fólk sem er komast til vits og ára.

Í þessari rannsókn er fyrst og fremst verið að greina frá reynslu og viðhorfum grunnskólakennara til ákveðins hóps nemenda. Ekki koma fram raddir foreldra eða nemenda. Full þörf væri á því að gera rannsókn sem tæki til fleiri sjónarmiða.

1.2. Tilgangur rannsóknar og rannsóknarspurningar

Tilgangur rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um hvernig ættleiddum börnum erlendis frá vegnar á miðstigi og efsta stigi í grunnskóla á Íslandi. Rannsakanda er ekki kunnugt um að rannsókn hafi verið gerð um það hvernig ættleiddum börnum vegnar í grunnskóla hérlandis og ákvað að gera gangskör að því að skoða þessi mál nánar svo hægt væri að mæta þessum hópi nemenda á markvissan hátt. Tekin voru ellefu viðtöl við tíu grunnskólakennara sem höfðu reynslu af því að kenna ættleiddum börnum erlendis frá.

Sérstakur gaumur er gefinn að aldri barnanna við komuna til Íslands og hvort aldur við ættleiðingu hafi áhrif á námsárangur þeirra og tilfinningalega líðan. Þá er skoðað hvaða þekkingu kennarar hafa á ættleiddum börnum erlendis frá sem hafa dvalið á stofnun svo hægt sé að koma betur til móts við þennan hóp nemenda.

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

a) Hvernig vegnar ættleiddum börnum af erlendum uppruna náms- og félagslega á miðstigi og efsta stigi grunnskóla?

b) *Hefur aldur þeirra við ættleiðingu haft áhrif á hvernig þeim vegnar í skólakerfinu?*

c) *Hver er þekking kennara á ættleiddum börnum, sem hafa dvalið á stofnun, að mati kennaranna; hvaðan er sú þekking fengin?*

1.3. Uppbygging ritgerðarinnar

Ritgerð þessi skiptist í tíu kafla með inngangi. Fyrstu fimm kaflarnir innihalda fræðilega umfjöllun. Þar á eftir er fjallað um rannsóknina, niðurstöður, umræður og lokaorð.

Í öðrum kafla er fjallað um ættleiðingu en hún er ein af mörgum leiðum til að mynda fjölskyldu. Í þeim tilvikum, sem barnið er umkomulaust vegna þess að foreldrar eða ættingjar geta ekki annast uppeldi þess, getur ættleiðing oft verið besta úrræðið fyrir barnið. Alþjóðlegir samningar kveða skýrt á um það að ættleiðing milli landa skuli fara fram með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Í þriðja kafla verður fjallað um geðtengslakenningu Johns Bowlby (1907–1990) sem var faðir tengslakenningarinnar (e. attachment theory). Fjallað verður um Mary Ainsworth (1913–1999) sem var nán samstarfskona Bowlbys, þróaði með honum tengslakenninguna enn frekar og flokkaði tengsl í traust og ótraust geðtengsl. Komið verður inn á viðbótarflokk óreiðukenndra geðtengsla sem Main og Solomon bættu við flokkun Ainsworth. Þá verður sagt frá víðtækum áhrifum Bowlbys og Ainsworth, einkennum geðtengslaröskunar og erlendum rannsóknum. Stuttlega verður fjallað um stofnanaeinhverfu (e. quasi-autism) sem er áunnin hegðun sem rakin er til alvarlegrar vanrækslu á stofnunum. Kaflanum lýkur með umfjöllun þar sem kenning Eriksons á sjálfsímynd er kynnt þar sem hvert þroskaskeið er tengt aldri og rannsóknum á uppruna og sjálfsímynd ættleiddra barna.

Í fjórða kafla verður athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD) gerður að umtalsefni og hvernig erfiðleikar barnsins birtast í hegðun þess, gjörðum og námserfiðleikum. Jafnframt verður rýnt í rannsóknir sem tengjast viðfangsefninu.

Í fimmta kafla verður fjallað almennt um málþroska, þróun máltökunnar, málþroska ættleiddra barna og hvaða áhrif stofnanavist hefur á málþroska barna fyrir 12 mánaða aldur og fram til 30 mánaða aldurs. Greint verður frá rannsóknum um málþroska ættleiddra barna.

Sjötta kafla, lýkur með á umfjöllun um félagshæfni. Gerð verður grein fyrir mikilvægi hennar og hversu víðtæk áhrif hún getur haft á lífshlaup barna og unglinga og ekki síst skólagöngu. Vikið verður að rannsóknum sem tengjast félagshæfni.

Í sjöunda kafla er fjallað um rannsóknina og þá aðferðafræði sem notuð er í rannsókninni. Gerð verður grein fyrir tilgangi rannsóknarinnar og rannsóknarspurningum,

gagnasöfnun, þátttakendum, úrvinnslu gagna, réttmæti rannsóknarinnar og siðferðilegum álitamálum.

Í áttunda kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Í níunda kafla eru niðurstöður skoðaðar og ræddar með tilliti til rannsóknarspurninga og hins fræðilega bakgrunns.

Í tíunda kafla verða niðurstöður dregnar saman og leitast verður við að setja fram tillögur um leiðir til að koma betur til móts við þennan hóp barna.

2. kafli – Ættleiðing

Ættleiðing vísar til þess einhverjir hafa tekið að sér barn og gengið því í foreldra stað. Barnið er ekki líffræðilegt afkvæmi þeirra en þetta er löglegt ferli sem felur í sér að barnið verður hjá þeim sem ættleiða það til frambúðar (Mörður Árnason, 2005). Eðli málsins samkvæmt gilda ákveðin sjónarmið og reglur um ættleiðingar og verður sjónum einkum beint að börnum sem ættleidd eru erlendis frá í þessari rannsókn. Fáar eða engar uppeldisaðgerðir gagnvart barni eru örlagaríkari og ábyrgðarmeiri en ættleiðing. Í dag er ættleiðing barns verndarúrræði fyrir barnið eins og fram kemur í Haag- samningnum um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá árinu 1993 (Hrefna Friðriksdóttir, 2011, bls. 19).

Ættleiðingar geta verið með ýmsu móti með tilliti til mismunandi aðstæðna. Með frumættleiðingu er átt við ættleiðingu á barni sem ekki er barn eða kjörbarn maka umsækjanda eða sambúðarmaka (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005, 1. mgr. 1. gr.). Í þessu felst að slitin eru með öllu tengslin við kynforeldra barnsins ásamt réttindum og skyldum þeim samfara sem flytjast við ættleiðingu til ættleiðenda (Lög um ættleiðingar, 130/1999, 25. gr.). Í þeim tilvikum sem barnið á engan að og loku er fyrir það skotið að það geti alist upp á heimili foreldra eða ættingja getur ættleiðing oftast verið besta úrræðið (Johnson, 2002, bls. 39). Með stjúpættleiðingu er átt við ættleiðingu á barni eða kjörbarni maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005, 1. mgr. 2. gr.). Með alþjóðlegri fjölskylduættleiðingu er átt við ættleiðingu erlends ríkisborgara eða fyrrum erlends ríkisborgara sem á fasta búsetu hér á landi á tilteknu barni sem er umsækjanda náskýlt og sem er búsett í upprunalandi hans. Þetta á við hvort sem umsækjandi sækir einn um ættleiðingu eða með maka sínum (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005, 1. mgr. 3. gr.).

Í þessari rannsókn verður einungis fjallað um frumættleiðingar á börnum sem fædd eru utanlands. Með frumættleiðingu er átt við ættleiðingu á barni sem ekki er barn eða kjörbarn sambúðarmaka (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005, 1. mgr. 1. gr.).

Frumættleiðing er skilgreind fyrst og fremst sem ættleiðing innanlands eða ættleiðing milli landa sem hefur oft verið nefnd alþjóðleg ættleiðing. Ættleiðingar barna milli landa verða að byggja á grundvallarreglum alþjóðasamninga og ýrústu kröfum um túlkun þeirra til samræmis við hagsmuni barns. Í því sambandi er mikilvægt að gera strangar kröfur til

þeirra sem fá leyfi til að ættleiða barn og tryggja að barnið fái bestu hugsanlegu aðstæður (Lindgren, 2010, bls. 14–15).

Á síðustu öld áttu sér stað miklar breytingar í ættleiðingum barna milli landa. Á fyrri hluta aldarinnar var lítið um ættleiðingar hérlendis milli landa og má væntanlega rekja það til skorts á væntanlegum kjörforeldrum. Eftir seinni heimsstyrjöldina tók ættleiðingum milli landa að fjölga verulega í heiminum. Í flestum tilvikum voru börn frá fátækari ríkjum heimsins ættleidd til ríkja þar sem lífsskilyrði voru góð. Áætlað er að næstum ein milljón barna muni hafa verið ættleidd milli landa á árunum 1948–2000 (Lindgren, 2010, bls. 161). Talið er að fyrstu ættleiddu börnin erlendis frá hingað til lands hafi komið frá Danmörku, Noregi og Þýskalandi. Árið 1969 kom fyrsta barnið frá Kóreu, síðan komu börn frá Guatemala og Indónesíu (Ingibjörg Birgisdóttir, 2008, bls. 1–4). Árið 1983 var félagið Íslensk ættleiðing stofnað en markmið þess er að aðstoða fólk við að ættleiða börn af erlendum uppruna. Starf félagsins tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Haag-samningnum sem Ísland er aðili að. Báðir sáttmálar kveða á um, að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang. Félagið er meðlimur í samtökum ættleiðingarfélaga í Evrópu (EurAdopt) og samtökum norrænna ættleiðingarfélaga, NAC (Ingibjörg Birgisdóttir, 2008, bls. 1–4).

Á síðustu öld voru réttindi barna mikið í umræðunni á alþjóðavettvangi. Ákveðin þáttaskil urðu við undirritun samnings Sameinuðu þjóðanna (SP) um réttindi barnsins árið 1989. Ísland undirritaði hann árið 1991. Ísland gerðist aðili að samningi SP um réttindi barnsins og var hann fullgiltur árið 1992 (Alþingistíðindi, 2008, bls. 3920). Samningur SP um réttindi barnsins er einn stærsti alþjóðasamningur sem gerður hefur verið um mannréttindi barna í víðum skilningi. Barnasáttmálinn hefur verið staðfestur af 192 aðildarríkjum SP og er hann sá mannréttindasamningur sem hefur verið staðfestur af flestum þjóðum. Meginreglur Barnasáttmála SP nr. 18/1992 fela í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarf sérstaka vernd umfram hina fullorðnu. Þar er að finna undirstöðuviðhorf sem taka verður tillit til þegar löggjöf um ættleiðingarmál er mótuð (Hrefna Friðriksdóttir, 2011, bls. 37).

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. Barnasáttmála SP segir m.a. að aðildarríki beri að virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum.

Í ákvæði 3. gr. Barnasáttmálans er lögð áhersla að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Ákvæði 6. gr. segir að

aðildarríki viðurkenni að sérhvert barn hafi meðfæddan rétt til lífs. Auk þess segir að þeim beri eftir fremsta megni að tryggja að börn megi lifa og þroskast.

Í 20. gr. Barnasáttmálans er kveðið á um rétt barns sem ekki nýtur fjölskyldu en það á rétt á sérstakri vernd og aðstoð ríkisvaldsins. Slík umönnun getur falist í fóstri, ættleiðingu, ef nauðsyn krefur eða vistun á viðeigandi stofnun.

Ákvæði 21. gr. Barnasáttmálans fjallar um ættleiðingu sem gerir kröfur til þeirra ríkja, sem leyfa ættleiðingu, að tryggja að fyrst og fremst sé litið til þess sem barninu er fyrir bestu. Auk þess eru skilgreindar lágmarkskröfur sem aðildarríkjum ber að fylgja.

Haag-samningurinn var gerður árið 1993 um alþjóðlegan einkamálarétt vegna þeirrar miklu aukningar sem átti sér stað í ættleiðingum barna milli landa upp úr árinu 1960. Haag-samningnum var ætla að útfæra nánar ákvæði Barnasáttmála SÞ um ættleiðingar og tryggja að fylgt verði þeirri grundvallarreglu að heill barnsins skuli ávallt sitja í fyrirrúmi. Markmið Haag-samningsins er að samræma þau skilyrði sem stjórnvöld í samningsríkjum setja um ættleiðingu og honum ætlað að tryggja að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins að leiðarljósi og að mannréttindi séu virt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að farsælast sé fyrir barn að alast upp hjá fjölskyldu sinni. Ef það gengur ekki eftir er í öðru lagi leitast við að tryggja barninu fullnægjandi umönnun í heimalandi sínu með því að ættleiða það eða koma því fyrir í fóstur innanlands. Rökin fyrir því eru að tengsl barnsins við uppruna sinn og möguleiki barns að halda tengslum við fjölskyldu eða nána ættingja eru talin mikilvæg. Þessar fyrrnefndu leiðir verður að kanna til hlítar áður en hugað er að því að ættleiðing milli landa komi til greina. Þessi regla er rauði þráðurinn í alþjóðasamningum um ættleiðingar (Hrefna Friðriksdóttir, 2010, bls. 19).

Íslensk lög um ættleiðingar nr. 130/1999 tóku mið af þeim lagabreytingum sem gerðar höfðu verið annars staðar á Norðurlöndum eftir að Haag-samningurinn varð fullgiltur í þeim löndum (Hrefna Friðriksdóttir, 2010, bls. 23).

Miklar umræður hafa átt sér stað um þróun ættleiðingar milli landa. Á sama tíma og fleiri þjóðir gerast aðilar að Haag-samningnum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem ætlað er að bæta hag barna, lengist í mörgum löndum sá tími sem börnin eyða á stofnunum áður en unnt er að ættleiða þau lagalega úr landi (Hrefna Friðriksdóttir, 2011, bls. 17).

Biðtími verðandi kjörforeldra getur verið allt upp í sex ár en er mismunandi eftir löndum (Kristinn Ingvarsson, tölvupóstur, 2. október 2012). Sum hefðbundin upprunalönd hafa stöðvað eða takmarkað ættleiðingar. Ástæður geta verið margþættar en hér má nefna aukna hagsæld í sumum löndum eins og Kína sem gerir fleiri foreldrum mögulegt að annast börn sín. Þá má nefna að um leið og fleiri lönd gerast aðilar að ofangreindum samningunum er

meiri vinna lögð í að leita að foreldrum í upprunalandi barnsins. Ennfremur má nefna breytt viðhorf meðal þessara þjóða, t.d til einstæðra foreldra, lækkaða fæðingartíðni og fjölgun ættleiðinga innanlands (Lindgren, 2010, bls. 16–18). Sumar þjóðir hafa tekið fyrir ættleiðingar vegna gruns um sölu á börnum til ættleiðingar eða annars konar spillingu sem rekja má til þrýstings frá væntanlegum foreldrum (Selman, 2009, bls. 591–592).

Ættleiðingum barna með skilgreindar sérþarfir hefur farið fjölgandi talsvert á undanförunum árum. Frá árinu 2006 hefur Íslensk ættleiðing verið með samning við Kína um milligöngu vegna barna með sérþarfir. Hingað til lands hafa komið 43 börn með sérþarfir (Kristinn Ingvarsson, tölvupóstur, 2. október 2012). Ljóst er að sum þeirra barna, sem ættleidd eru með skilgreindar sérþarfir, þurfa á meiri lækniþjónustu að halda en þau sem eru ættleidd án sérþarfa og jafnframt má búast við að einhver þeirra þurfi á sérkennslu að halda í skóla (Rycus, Freundlich, Hughes, Keefer og Oakes, 2006, bls. 221).

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hafa frumættleiðingar frá útlöndum frá árunum 1990–2011 verið alls 356. Langflest barnanna, sem hafa verið frumættleidd á þessu tímabili, hafa verið á fyrsta og öðru aldursári. Flest ættleidd börn, sem hingað hafa komið á þessu tímabili, eru frá Kína, síðan kemur Indland og Kólumbía og svo nokkur börn frá öðrum löndum (Hagstofa Íslands, 2011).

Ættleiðingar er málaflokkur sem heyrir undir innanríkisráðuneytið og samkvæmt nýlegri reglugerð nr. 1264/2011 veitir sýslumaðurinn í Reykjavík leyfi til ættleiðinga (Reglugerð um veitingu leyfa til ættleiðingar nr. 1264/2011). Sýslumaður veitir jafnframt forsamþykki til ættleiðingar barna erlendis frá og leitar eftir umsögn barnaverndarnefndar um hæfi umsækjenda áður en samþykki er veitt (Hrefna Friðriksdóttir, 2011, bls. 24). Félagið Íslensk ættleiðing er eina löggilta ættleiðingarfélagið sem starfar á Íslandi.

Í lögum um ættleiðingar nr.130/1999 og reglugerð um ættleiðingar er mjög skýrt kveðið á um hverjir geta fengið leyfi til ættleiðingar og hvaða skilyrði ættleiðendur skuli uppfylla. Kröfur eru meðal annars gerðar varðandi hæfni til að fara með forsjá, heilsufar, sambúðartíma, aldur umsækjanda, húsnæði og efnahag (Reglugerð um ættleiðingarfélög, nr. 453/2009).

3. kafli – Geðtengslakenningar

Djúp varanleg tengsl eru forsenda hamingju og velgengni. Flest börn mynda sterk tilfinningatengsl við sína nánustu strax í frumbersku. Þessi tengsl eru nefnd *geðtengsl* (Bowlby, 1969, bls. 371) og verður það hugtak notað hér. Geðtengsl barns myndast við þá sem svara líkamlegum og andlegum þörfum þess og sinna því að staðaldri. Af ýmsum ástæðum geta þessi tengsl rofnað sem getur haft alvarleg áhrif á líkams-, vitsmuna- og tilfinningaþroska barnsins (Bowlby, 1969, bls. 371–372). Hugtakið *umönnunaraðili* (e. caregiver) verður notað hér yfir fullorðinn aðila sem barn leitar eftir að mynda geðtengsl við.

Til að fá innsýn í hvað gerist þegar þetta mikilvæga samband rofnar verður fjallað í þessum kafla um geðtengslakenningar Bowlbys og Ainsworth sem ásamt fleirum lögðu grunninn að þróun þessara kenninga. Einnig verður greint frá rannsóknum um geðtengsl barna sem vistuð hafa verið á stofnunum og hafa síðar verið ættleidd. Þá verður fjallað um það sem kallast stofnanaeinhverfa. Kaflanum lýkur með umfjöllum um kenningu Eriksons um sjálfsmynd þar sem hvert þroskaskeið er tengt aldri og rannsóknum á uppruna og sjálfsímynd ættleiddra barna.

3. 1. Geðtengslakenning Johns Bowlby

Á síðari hluta fimmta tugar síðustu aldar vaknaði áhugi fræðimanna á að rannsaka hvaða áhrif stofnanavist hefði á lítil börn. Í seinni heimsstyrjöld urðu mörg börn föður- og jafnvel móðurlaus og var komið fyrir á munaðarleysingjahælum eða vöggustofum. Sérfræðingar reyndu að meta hvaða áhrif slík stofnanadvöl hefði á börn enda ljóst að þau misstu af þeim nánu tengslum sem tíðkast í fjölskyldum (Bretherton, 1992, bls. 760).

Brauðryðjandi þessara rannsókna var John Bowlby (1907–1990) sem var breskur barnageðlæknir og hefur hann með réttu verið kallaður faðir geðtengslakenningarinnar (e. attachment theory). Áður en hann hóf nám í lækisfræði starfaði hann með börnum sem áttu við mikla hegðunarörðuleika að stríða. Hann taldi erfiðleika barnanna mætti rekja til aðskilnaðar við móður eða vanrækslu í uppeldinu (Bretherton, 1992, bls. 760).

Bowlby sýndi fram á í fjölmörgum rannsóknum að börn undir sjö ára aldri, sem vistuð voru á stofnunum í lengri tíma eða skemmri tíma urðu illa úti á allan hátt. Þau stækkuðu minna voru seinni til máls og greindarvísitala þeirra var mun lægri en annarra barna. Með aldrinum kom í ljós að þau áttu í erfiðleikum með að mynda djúp og varanleg tengsl við aðra manneskju. Þessi áhrif stofnanadvalar voru rakin til þess að börnin fóru á mis

við umönnun móður eða staðgengils hennar. Bowlby sýndi fram á, að langtímaafleiðingar aðskilnaðar gátu leitt til andfélagslegrar hegðunar hjá börnum og unglingum og geðraskana á fullorðinsárum (Bowlby, 1953, bls. 21–23). Van IJzendoorn, Marinus, Luijk og Femine (2008, bls. 341–366) gerðu heildargreiningu á rannsóknum á vitsmunabroska 3888 ættleiddra barna í 19 löndum. Þau könnuðu vitsmunabroska barnanna og báru saman annars vegar börnin, sem höfðu dvalið á stofnunum, og börnin sem höfðu verið á fósturheimilum. Niðurstaðan var að börnin, sem alin voru upp á stofnunum, sýndu lægri greindarvísutölu, að meðaltali 84 stig, en börnin, sem höfðu verið á fósturheimilum voru með hærri greindarvísutölu, að meðaltali 104 stig. Bowlby hélt áfram að þróa hugmyndir sínar um geðtengsl (e. attachment) á sjötta áratug síðustu aldar meðan hann starfaði sem ráðgjafi heimilislausra barna hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (Bowlby, 1953, bls. 7). Bowlby ásamt fleirum taldi að náíð, órofa samband og gagnkvæmt samband milli móður eða móðurstaðgengils og barns væri forsenda andlegs heilbrigðis barnsins (Rutter, 2008, bls. 958–974). Hann leitaði skýringar á þessu mikilvæga sambandi í dýraríkinu. Hann varð meðal annars fyrir áhrifum frá atferlisfræðingnum Konrad Lorenz (1903–1989) sem hafði gert rannsóknir í dýraríkinu og veitti því eftirtekt að nýfæddir gæsaungar hænast að móður, elta hana og sýna hliðstæður við kvíða þegar þeir eru aðskildir frá henni. Þessi viðbrögð dýra og manna eru meðfædd og eiga rætur að rekja til líffræðilegrar starfsemi (Bowlby, 1969, bls. 211). Bowlby var í nánú samstarfi við bandaríska atferlisfræðinginn Harry Harlow (1905–1981) sem gerði athyglisverðar rannsóknir á apaungum sem voru aðskildir frá mæðrum sínum við fæðingu en fengu að öðru leyti gott atlæti. Fljótlega kom í ljós að hegðun unganna var í alla staði afbrigðileg. Ungarnir reru fram og aftur, léku sér ekki og vörðu sig ekki þegar ráðist var á þá heldur beindu árásinni gegn sjálfum sér (Bowlby, 1969, bls. 221; Harlow, 1962, bls. 1–9). Harlow taldi að með þessum tilraunum væri ekki eingöngu verið að sýna hegðun og sálarlíf unganna heldur einnig hliðstæður í mannlegu fari (Bowlby, 1973, bls. 135–136). Bowlby benti á, að um væri að ræða flókið samspil margra þátta. Lundarfar barnsins skiptir máli um hvernig til tekst við myndun geðtengsla, veikindi foreldra eða barns. Einnig geta veikindi foreldra eða barns og erfiðleikar tengdir lífsafkomu haft áhrif á það hversu traust geðtengsl verða. Áhrifin geta komið fram í því að foreldrar verði sinnulausari og hafi minni orku aflögu til að sinna börnum sínum einkum ef um er að ræða alvarleg veikindi eða geðraskanir. Margt bendi til þess að styrkleiki geðtengsla í frumbersku geti haft úrslitaáhrif á hæfni barnsins til þess að mynda varanleg sambönd við annað fólk, t.d. maka og eigin börn síðar á ævinni (Bowlby, 1988, bls. 1–10).

Árið 1951 birti Bowlby Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni skýrslu um geðheilsu munaðarlausra barna sem höfðu dvalið á stofnunum og notaði hann geðtengslahugtakið í fyrsta sinn opinberlega sem markaði ákveðin tímamót. Hann tók einnig mið af rannsókn Renés Spitz (1945) þar sem hann lýsti hugarástandi barna sem verða viðskila við móður sína á aldrinum sex til tólf mánaða (Bowlby, 1973, bls. 29; Bretherton, 1992, bls. 765). Skýrslan kom út undir heitinu *Maternal care and mental health*. Árið 1953 kom bókin *Child care and growth*. Vakti hún heimsathygli og var þýdd á fjórtán tungumál (Bretherton, 1992, bls. 764). Geðtengslakenningin kom síðan út í þremur bindum þegar Bowlby hafði uppfært hana og tók mið af öryggiskenningu Ainsworth. Fyrsta bindið kom út árið 1969 og fjallaði um geðtengsl eða tengsl barns við móður sína (e. attachment). Annað bindið kom út 1973 og fjallaði um aðskilnað (e. separation). Meginefni þess er aðskilnaðarkvíði. Þriðja og síðasta bindið kom út 1980 og fjallaði um sorg og missi (e. loss) í frumbersku (Bretherton, 1992, bls. 777–781).

3.2. Stig tengslamyndunar

Bowlby skipti geðtengslum barna í fjögur eftirfarandi stig. Fyrsta stigið (e. preattachment stage) stendur frá fæðingu að 8–12 vikna aldurs. Hann taldi að börn innan við þriggja mánaða væru ófær um að mynda geðtengsl. Hérna fylgir kornabarnið móður sinni með augunum og snýr höfðinu þegar það heyrir rödd móður sinnar.

Á öðru stigi tengslamyndunnar (e. attachment in making) frá 8–12 vikna að 6 mánaða verður ungabarnið háð móður eða staðgengli. Barnið byrjar að gera mannamun og óskar eftir nærveru móður umfram aðra.

Þriðja stig tengslamyndunar (e. clear cut attachment) nær frá 6 til 24 mánaða. Frá 6 mánaða aldri fara geðtengslin að mótast. Þá grætur barnið og sýnir merki um aðskilnaðarkvíða þegar það er skilið frá móður eða umönnunaraðila. Í lok fyrsta ársins fer barnið að hafa varann á sér varðandi ókunnuga og hræðast ókunnar aðstæður. Þegar barnið sér móður sína aftur hættir það að gráta og hún má helst ekki fara úr augsyn.

Á fjórða stigi tengslamyndunnar, sem er frá 25 mánaða aldri, snarminnka viðbrögð barnsins við aðskilnaðinum. Barnið getur leikið sér í meiri fjarlægð frá móður og lítur á hana sem sjálfstæðan einstakling. Traustara samband hefur þróast milli barns og móður (Sadock og Kaplan, 2007, bls. 138).

3.3. Framandi aðstæður Ainsworth

Næstu tímamót í mótun geðtengslakennningarinnar voru seint á sjöunda áratugnum þegar rannsóknir Mary Ainsworth (1913–1999) sýndu að greina mátti nokkur hegðunarmynstur á geðtengslum eftir því hvernig börn bregðast við í „framandi aðstæðum“ (e. strange situation). Ainsworth var bandarískur sálfræðingur og nán samstarfsskona Bowlbys og þróaði ásamt samstarfsfólki sínu mælingaraðferð til að mæla geðtengsl við framandi aðstæður þar sem hegðun barnanna var skráð niður. Flokkun geðtengsla var meðal annars byggð á geðtengslakenningu Bowlbys. Þessi aðferð hefur síðan verið notuð í tugum rannsókna og er viðurkennd sem áreiðanlegt tæki til að mæla hversu mikið öryggi barnið upplifir gagnvart móður (Bretherton, 1992, bls. 759–775). Rannsóknir hafa sýnt fylgni milli geðtengsla barns á fyrsta aldursári í framandi umhverfi og geðtengsla nokkrum árum síðar. Þátttakendur í framandi aðstæðum voru móðir, barnið hennar, sem var 12–18 mánaða gamalt, og ókunnug manneskja. Rannsóknin hófst með því að móðir og barn hennar komu inn í leikherbergi. Barnið var skilið eftir við ýmsar aðstæður, einsamalt með móður eða ókunnugri manneskju. Oft grétu börnin þegar móðir þeirra fór fram og sýndu mikla vanlíðan. Ókunnuga manneskjan reyndi að hugga barnið eða dreifa athygli þess með því að leika við það. Stundum tókst það að einhverju leyti og stundum alls ekki og var þá náð í móður. Það voru viðbrögð barnsins við endurfundunum fremur en aðskilnaðinum sem byggðu á formgerð tengslanna (Ainsworth og Bell, 1970, bls. 1188). Ainsworth skoðaði annars vegar hversu oft og hve lengi barnið leitaði til móður og hins vegar hegðun barna gagnvart ókunnugum. Metið var hvort barnið hefði myndað traust geðtengsl við móður. Ainsworth og samstarfsmenn hennar gerðu greinarmun á traustum og ótraustum geðtengslum og var þeim raðað á samfelldan kvarða frá geðtengslaflokki, A að flokki C en flokkur B var staðsettur á milli þeirra (Ainsworth og Bowlby, 1991, bls. 331–341).

Traust geðtengsl (e. secure attachment) B eru til staðar þegar barnið er í góðu jafnvægi í framandi aðstæðum. Sýnir móður jákvæða athygli og vill ekki sleppa móður þegar hún fer. Þegar barnið sér móður sína aftur verður það glatt og leyfir henni að hugga sig (sjá fylgiskjal V).

Flóttaleg geðtengsl (e. avoidant attachment) A birtast í því að barnið sýnir lítil mótæmi þegar móðir bregður sér frá og barnið heldur áfram að leika sér. Þegar móðirin snýr aftur lætur barnið eins og hún sé ekki til og leitar ekki í fangið á henni. Ótraust geðtengsl með mótþróa (e. resistant attachment) C koma fram í því að barnið er óhuggandi við aðskilnað. Þegar móðirin snýr aftur gengur henni illa að hugga barnið og það er lengi að jafna sig. Þegar móðirin tekur barnið upp sýnir það löngun eftir hlýju en jafnframt mótþróa,

getur verið árásgjarnt og ýtir móðurinni burt eða snýr sér undan (Bowlby, 1973, bls. 354–357).

Ainsworth rannsakaði einnig viðmót mæðra gagnvart börnum sínum og taldi að það skipti verulegu máli þar sem geðtengsl væru fremur byggð á umhverfi en erfðum. Hún rannsakaði samskipti mæðra við ungabörn sín við brjóstagjöf og síðar í öðrum samskiptum á heimilinu. Ferns konar mælikvarðar voru notaðir. Í fyrsta flokknnum var athugað hversu næmar mæður eru í svörum sínum við barnið. Í öðrum flokknnum var kannað hvort móðirin væri ánægð með barnið. Í þriðja flokknnum var skoðað hvort móðirin náði að mynda jafnvægi í sambandinu við barnið. Í fjórða flokknnum var litið til þess hversu fljót móðirin var að bregðast við merkjum barnsins eða hvort hún var annars hugar og upptekin af eigin gjörðum (Ainsworth og Bowlby, 1991, bls. 331–341). Þessar athuganir á viðmóti mæðra bentu til að jákvætt viðmót stuðlaði að gagnkvæmu trausti, skilningi og ástúð en neikvætt viðmót að ótraustum geðtengslum. Wu, Dixon, William, Dalton, Tudiver og Liu (2011, bls. 469) benda á líkt og Bowlby (1988, bls. 1–10), að skapgerð barna geti einnig gegnt mikilvægu hlutverki í myndun geðtengsla. Sum börn eru frá upphafi erfið og erfiðleikar varðandi uppeldið eru tilkomnir vegna þess en ekki af þeirri ástæðu að foreldrar hafi brugðist börnunum. Wu og félagar (2011, bls. 469) benda á, að erfið börn eigi það til að hrinda öðrum frá sér og þannig getur myndast vítahringur.

3.4. Viðbótarflokkur Main og Solomon

Þriðju tímamót í geðtenglakennningunni voru árið 1990 þegar Main og Salomon lögðu til viðbótarflokkinn óreiðukennd/ringluð geðtengsl (e. disorganized/disoriented attachment) við flokkun Ainsworth eða ruglingsleg geðtengsl sem verður notað hér. (sjá fylgiskjöl VI og VII). Main og Salomon töldu að börn, sem hefðu þolað alvarlega vanrækslu eða dvalið lengi á stofnunum, ættu heima í flokki ruglingslegra geðtengsla (Goodman og Pfeffer, 1998, bls. 490–525). Helstu einkenni, sem koma fram í framandi aðstæðum hjá börnum með ruglingsleg geðtengsl, er flókin samsetning af flóttalegum og mótþróafullum geðtengslum. Barnið veit ekki í hvorn fótinn það á að stíga þegar það sér móður sína eða umönnunaraðila. Barnið hleypur til móður sinnar eða stoppar á miðri leið, snýr sér við og hleypur frá henni. Barnið virðist ruglað og getur „frosið“ og þegar hún snýr aftur ýtir barnið henni harkalega frá sér (Main og Salomon, 1990, bls. 136).

3.5. Alþjóðleg greining á geðtengslaröskun

Fjórdi tímamótin á geðtengslahugtakinu urðu árið 1980 þegar hugtakið *geðtengslaröskun* (e. reactive attachment disorder) birtist í DSM-III (e. Diagnostic and statistical manual of mental disorders), í þriðju útgáfu flokkunarkerfis bandaríska geðlæknafélagsins á geðröskunum. Þetta var í fyrsta sinn sem læknisfræðileg skilgreining á geðtengslaröskun birtist í hinu virta DSM-flokkunarkerfi og var skilgreind sem röskun hjá litlum börnum. Gert var ráð fyrir því að geðtengslaröskun kæmi einungis fram hjá börnum sem dvalið höfðu á stofnunum og fengið skerta umönnun eða verið alvarlega vanrækt og áttu þar af leiðandi erfitt með að mynda geðtengsl. Flokkunin byggði talsvert á rannsóknum Bowlbys og Spitz frá síðari heimsstyrjöldinni (Zeanah, 1996, bls. 42–52). Alþjóðlega flokkunarkerfið ICD-10 (International classification of diseases) kom út árið 1992 og hafði sams konar greiningarviðmið fyrir geðtengslaröskun og DSM-IV. Sameiginleg viðmið eru til dæmis greining fyrir fimm ára aldur og skipting í hamlaða (e. inhibited) og hömlulausa (e. disinhibited) gerð geðtengslaröskunar. Barn með hamlaða hegðun er að jafnaði hlédrægt og áhugalaust gagnvart fólki en barn með hömlulausa hegðun hænist að hverjum sem er, fullkomlega gagnrýnislaust. Geðtengslaröskun er aðgreind frá þroskahömlun í báðum flokkunarkerfum DSM-IV og ICD-10 eins og einhverfa. Þó finnast sameiginleg einkenni með einhverfum börnum eins og skert félagshæfni og sjálfsvandi hegðun (e. self-stimulating) en einkenni einhverfu eru mun alvarlegri (Bretherton, 1992, bls. 759–775; Zeanah o.fl., 2011, bls. 819–833).

3.6. Víðtæk áhrif af rannsóknum Bowlbys og Ainsworth

Rannsóknir Bowlbys hafa ekki verið óumdeildar en mörkuðu tímamót innan sálfræðinnar og meðal almennings. Deilt hefur verið um hvort vegur þyngra stofnanavist, erfðir eða skapgerð. Geðtengslakenningin hefur meðal annars verið gagnrýnd fyrir að gera of mikið úr umhverfispáttum og draga úr mikilvægi einstaklingsbundinna þátta eins og skapgerðar barna (Zeanah o.fl., 2011, bls. 825). Sumir telja jafnvel að geðtengslakenning geri of mikið úr því að barn myndi tengsl við móður (Boris og Zeanah, 1999, bls. 1–9).

Í rannsókn sem Shafler og Poehlmann (2010, bls 395–415) gerðu kom fram að fáir barn skerta umönnun geti það leitt til geðrænna vandamála. Hins vegar getur barnið þróað eðlileg geðtengsl ef það fær stöðuga umönnun við ákveðna manneskju. Einnig kemur fram að viðbrögð barnsins má ef til vill tengja við skapgerð þess sem getur ráðið úrslitum um geðræna heilsu barnsins og geðtengslamyndun við móður.

Síðustu áratugi hefur rannsóknum á þroska og starfsemi heilans miðað mjög áfram og nú er vitað að þroski mikilvægra heilasvæða er mjög undir því kominn að barnið fái örvun og umönnun við hæfi í frumbersku (Rutter, 2008, bls. 958–974). Í þessu samhengi má benda á rannsókn sem Metha, Golembo, Nosarti, Colvert, Mota, Williams o.fl. (2009, bls. 943) gerðu. Niðurstöður leiddu í ljós, að virkni möndlu í hægri heila er minni hjá börnum sem hafa dvalið á stofnunum þar sem örvun og umhyggja er í lágmarki. Rýrnun í heilahveli er rakin til stofnanavistar og truflaðra geðtengsla.

Þótt sumt hafi verið gagnrýnt í niðurstöðum Bowlbys og Ainsworth eru aðalatriði þeirra enn viðurkennd og virt. Margar þjóðir tóku niðurstöður þeirra alvarlega og breyttu fyrirkomulagi barnaheimila sinna í samræmi við það sem talið var barninu fyrir bestu eins og alhliða örvun og samneyti við fullorðna manneskju.

Um miðja síðustu öld var börnum hérlendis sem gátu af einhverjum ástæðum ekki verið hjá foreldrum sínum komið fyrir á vöggustofum eða öðrum stofnunum. Þá tíðkaðist það að foreldrar máttu ekki heimsækja börn sín á vöggustofuna nema eina sinni í viku. Var því borið við að heimsóknir gætu komið börnunum í uppnám (Viðar Eggertsson, 2007, bls. 39). Samkvæmt Bowlby (1953, bls. 21–23) getur það orðið upphaf að truflunum á tilfinningaþroska ef barn hefur svo lítil tengsl við foreldra eða nána umönnunaraðila sem hér var boðið upp á.

Það tók langan tíma að breyta starfsemi á barnadeildum og vöggustofum þrátt fyrir að niðurstöður fjölmargra rannsókna bentu ótvírætt til að þess væri þörf. Margir töluðu fyrir daufum eyrum áður en umbætur náðu fram að ganga. Á sjöunda áratugnum var rekin hér vöggustofa Thorvaldsenfélagsins. Í frásögn Viðars Eggertssonar, sem dvaldi þar á þriðja ár ásamt systur sinni, kemur fram að börnin voru geymd í rúmunum og ekki tekin upp nema í brýnni nauðsyn. „Foreldrar máttu koma einu sinni í viku og horfa á börnin í gegnum gler og máttu aldrei snerta þau. Þegar við systkinin komum heim vorum við eins og dýr í búi. Við vildum ekki vera snert og vorum ótalandi, tveggja og hálfis árs“ (Viðar Eggertsson, 2007, bls. 39). Sigurjón Björnsson, sálfræðingur nefndi þetta fyrirkomulag „gróðrarstíu andlegrar veiklunar“ (Sigurjón Björnsson, 1967, bls. 12). Þetta hefur þó breyst mikið til hins betra síðustu 30 árin og nú er ríkjandi sú stefna að leggja börn ekki inn á sjúkrahús eða aðrar stofnanir nema brýna nauðsyn beri til. Foreldrar eru hvattir að vera sem lengst og mest hjá börnunum sínum á sjúkrahúsinu. Börnunum er séð fyrir leikföngum, bókum, hljómlist svo og annars konar örvun svo sjúkrahúsdvölin valdi sem minnstum skaða.

Áhugi á að rannsaka uppvaxtarskilyrði munaðarlausra barna færðist í vöxt upp úr 1990. Allmörg börn frá munaðarleysingjahælum í Rúmeníu voru ættleidd til Vesturlanda.

Þar sem um var að ræða talsverðan fjölda barna myndaðist kjörið tækifæri fyrir sérfræðinga að rannsaka hvaða áhrif þessar bágbornu aðstæður höfðu á síðari þroska barnanna. Þessi börn höfðu dvalið á stofnunum við ómannúðlegar aðstæður þar sem börnin lágu vannærð og afskipt í rúmunum. Andleg, félagsleg örvun var í lágmarki og fátt starfsfólk sem átti að sinna mörgum börnum (Morrison, 2004, bls. 168–183). Í rannsóknum kom í ljós að greindarvísitala barnanna var mun lægri en annarra barna, þau voru sinnulaus og sljó og máltaka og andlegur þroski var því verulega á eftir því sem eðlilegt getur talist (Johnson, 2000, bls. 113). Rannsókn Metha o. fl. (2009, bls. 943–951) sýndi að heili barnanna sem dvalið höfðu á munaðarleysingaheimilum í Rúmeníu við alvarlega vanrækslu fyrstu mánuði eða ár ævinnar hafði ekki náð að þroskast sem skyldi. Greindarvísitala barnanna var lægri en almennt gerðist. Það vantaði virkni í þann hluta heilans sem sér um getu barnsins til sjálfsstjórnar og flókinna félagslegra samskipta. Fjölmargar rannsóknir sýna að sú andlega og vanræksla, sem börnin máttu þola í Rúmeníu, var meiri og alvarlegri en á stofnunum í mörgum öðrum löndum (Marinus, Ijzendoorn, Palacios, Sounga-Barke, Gunnar, Panaviota o.fl., 2011, bls. 8–30). Þá hefur verið bent á að ekki sé hægt að greina á milli andlegs og líkamlegs skorts á þroska barnanna þar sem flest þeirra höfðu liðið fyrir hvort tveggja (Dalen, 2007, bls. 201).

Í rannsókn sem Stevens, Songa-Barkes, Kreppner, Beckett Castle, Colvert o.fl. gerðu (2008, bls. 385–398) kom í ljós að ættleiddu börnin frá Rúmeníu sýndu meiri tilfinningarvanda, hegðunarerfiðleika og hærri tíðni ofvirknieinkenna en börn sem ættleidd voru frá Bretlandi og börn sem ekki voru ættleidd.

3.7. Einkenni geðtengslaröskunar

Með hliðsjón af geðtengslakenningu Bowlbys er talið að helsta orsök geðtengslaröskunar sé skortur á umönnun í frumbersku hvort sem um er að ræða stofnanavist, vanrækslu eða önnur áföll. Samkvæmt klínískum viðmiðum eru megineinkenni geðtengslaröskunar tvær eins og fram kemur í kafla 3.5. Annars vegar barn með hamlaða hegðun sem er að jafnaði kvíðið, hlédrægt og áhugalaust gagnvart fólki. Hins vegar barn með hömlulausa hegðun sem hænist fullkomlega gagnrýnislaust að hverjum sem er. Barn með hömlulausa hegðun á oft erfitt í samskiptum við jafnaldra og uppalendur. Það virðist ekki skynja hrynjandina í mannlegum samskiptum og á erfitt með að setja sig í spor annarra. Oftar en ekki mistúlkar barnið vísbendingar um hvað er félagslega viðeigandi.

Rutter, Colvert, Kreppner, Beckett, Castle, Grootheus o.fl. (2007, bls. 17–30) athuguðu geðtengsl barna með rannsóknaraðferðinni „framandi aðstæður“ og flokkunarkerfi

Ainsworth. Fram kom að félagslyndi stofnanabarna var ólíkt því sem eðlilegt getur talist. Talsvert bar á hömlulausri hegðun hjá stofnanabörnum. Flest stofnanabörnin áttu það sammerkt að vera óeðlilega vingjarnleg við ókunnuga og gátu þess vegna hlaupið burt með þeim án þess að átta sig á hættunni sem því gat fylgt. Þetta hegðunarmynstur átti við í misríkum mæli en fór talsvert eftir því hvað börnin höfðu dvalið lengi á stofnun. Oft leituðu þau fremur huggunar hjá ókunnugu fólki en hjá kjörforeldrum ef eitthvað kom upp á samskiptum. Rannsókn Zeanahs, Berlin og Boris (2011, bls. 819–833) kom fram, að flest börn sem dvalið höfðu á stofnun í Rúmeníu við slæmar aðstæður sýndu truflun á geðtengslum þegar hegðun þeirra við umönnunaraðila var athuguð. Jafnframt kom fram að sum barnanna höfðu mikla athyglispörf og reyndu að draga að sér athygli með óviðunandi hegðun sem lýsti sér í því að börnin kröfðust stöðugar athygli kjörforeldranna. Börnin gátu einnig verið óþægilega stjórnsöm og árásargjörn bæði í orðum og gjörðum og samskiptin voru meira á þeirra forsendum. Af þeim sökum áttu þau erfitt uppdráttar félagslega og voru oft vínafá þótt þau leituðu eftir samskiptum við önnur börn.

3.8. Rannsóknir á geðtengslaröskun barna

Bruce, Tarullo og Gunnar (2009, bls. 157–171) könnuðu hvort munur væri á geðtengslum ættleiddra barna, sem dvalið höfðu á stofnun og ættleiddra barna sem vistuð höfðu verið á fósturheimilum. Í rannsókninni voru 120 börn á aldrinum 6–7 ára. Börnir voru saman þrír hópar: a) ættleidd börn sem höfðu dvalið á stofnunum; b) ættleidd börn sem dvalið höfðu á fósturheimilum; c) börn sem ekki voru ættleidd. Í ljós kom, að félagsleg samskipti barna, sem dvalið höfðu á stofnunum og fósturheimilum, voru ólík félagslegum samskiptum barna sem ekki voru ættleidd. Hegðun ættleiddra barnanna sem dvalið höfðu á stofnunum og fósturheimilum var oft yfirborðsleg, ópersónuleg og þau gerðu sér lítinn mannámun sem rakið er til vöntunar á geðtengslum. Það sem kom á óvart í rannsókninni var að lítill munur mældist milli þeirra barna sem dvalið höfðu á fósturheimilum og stofnunum hvað snerti samskipti við ókunnuga. Fylgni mældist ekki milli hömlulausrar hegðunar og vitsmunabroska. Þessi einkenni áttu við í mismiklum mæli en héldust í hendur við lengd stofnana- eða fósturheimilisdvalar. Lítill munur var á umræddri hegðun eftir upprunalandi barnanna. Flest barnanna sem aldrei höfðu verið á stofnun, mældust með örugg geðtengsl. Þetta er samhljóma niðurstöðum rannsóknar Rutter o.fl. (2007, bls. 17) sem sýndi að börn geta haldið áfram að sýna hömlulausa hegðun löngu eftir að þau hafa myndað góð geðtengsl við kjörforeldra sína. Börn, sem hafa dvalið á stofnun í 24 mánuði, eru í meiri hættu að vera með geðtengslaraskanir en börn sem ættleidd eru fyrir 12 mánaða aldur.

Fjölmargar rannsóknir benda til að lengd stofnanadvalar hafi mikil áhrif á hvernig til tekst með geðtengslamyndun. Talsverður munur er á börnum, sem eru ættleidd innan við 12 mánaða aldur, og börnum sem ættleidd eru eftir þann aldur (Van den Dries, Juffer, Van IJzendoorn og Bakermans-Kranenburg, 2009, bls. 410). Stevens o.fl. (2008, bls. 385–398) rannsökuðu áhrif stofnavistar á 165 börnum, sem ættleidd voru til Bretlands fyrir 43 mánaða aldur, og báru saman við innlend börn sem höfðu verið ættleidd fyrir 6 mánaða aldur. Þau skoðuðu börnin fjögurra, sex og ellefu ára. Í ljós kom að börnin sem ættleidd voru fyrir 6 mánaða aldur náðu sambærilegum vitsmuna- og líkamsþroska fjögurra ára og jafnaldrar þeirra sem voru ættleidd innanlands. Ef þau voru ættleidd eftir 6 mánaða aldur voru þau í meiri hættu með að vera með hegðunartruflanir en þau sem voru ættleidd fyrir 6 mánaða aldur sem er í samræmi við niðurstöður Rutter o.fl. (2007, bls. 17–30).

Kreppner, Rutter, Marvin, O'Connor og Sonuga-Barke (2011, bls. 1–16) skoðuðu hvort geðtengsl barna sem vistuð voru á stofnun hefðu breyst milli ára eftir að hafa dvalið hjá kjörforeldrum sínum í ákveðinn tíma. Um var að ræða 165 börn sem ættleidd voru frá Rúmeníu til Bretlands fyrir 43 mánaða aldur og borin saman við innlend börn sem höfðu verið ættleidd fyrir 6 mánaða aldur. Notast var við rannsóknaraðferðina „framandi aðstæður“ og flokkunarkerfi Ainsworth, traust/ ótraust geðtengsl miðað við skalann A, B og C, sem greint hefur verið frá í þessum kafla. Við fjögurra ára aldur voru geðtengsl barnanna metin og aftur við sex ára aldur. Niðurstöður leiddu í ljós að við fjögurra ára aldur greindust 39% barnanna, sem dvalið höfðu á stofnun með geðtengslaröskun. Við sex ára aldur mældist aðeins 11,9% þeirra með geðtengslaröskun. Af þeim börnum sem ættleidd voru innanlands, greindust 14% með geðtengslaröskun og 19% þeirra við sex ára aldur. Ættleiddu börnin höfðu flest myndað góð geðtengsl við kjörforeldrana en áttu það sameiginlegt að vera enn með hömlulausa hegðun sem kom m.a. fram í því að sýna ókunnugum of mikla vinsemd. Þessar niðurstöður eru athyglisverðar ekki síst með tilliti til þess að geðtengslaskerðing ættleiddra barna innanlands jókst á tímabilinu. Ekki er vitað hvort mæður ættleiddu barnanna innanlands áttu sögu um geðræn vandamál. Zeanah, Berlin og Boris (2011, bls. 819–833) telja að geðtengslaröskun sé að finna hjá bandarískum börnum undir fjögurra ára aldri sem hefur verið komið í fóstur og upplifað ofbeldi eða vanrækslu. Algengi geðtengslaröskunar hjá þessum börnum er á bilinu 38–40%. Rannsakendur benda á að ef mæður barnanna eiga við geðraskanir að stríða eignast þær oftast börn með geðtengslaröskun en aðrar mæður. Þetta samræmist rannsókn Follan, Anderson, Dickens, Lidstone, Young, Gordon o.fl. (2011, bls. 520–526). Þeir athuguðu 107 börn til að kanna hvort tengsl væru milli barna með ADHD og geðtengslaröskunar. Þau báru saman þrjá hópa barna: a) börn

með geðtengslaröskun; b) börn með ADHD sem voru undir eftirliti barnaverndaryfirvalda vegna vanrækslu foreldra einkum móður; og c) samanburðarhóp barna með hefðbundinn ADHD. Niðurstöður leiddu í ljós að í b–hópnum voru 53% barnanna sem höfðu verið vanrækt með einkenni geðtengslaröskunar. Rannsakendur telja að rekja megi rofin geðtengsl barna til vanrækslu á fyrstu mánuðum eða árum vegna vímuneyslu, áfengisneyslu, heilsuleysi eða geðræna veikinda móður sem hafði í för með sér að börnunum var ekki sinnt sem skyldi.

3.8.1 Geðtengslaraskanir og námsörðugleikar

Beckett, Maughan, Rutter, Castle, Colvert, Groothues o.fl. (2007, bls. 1063) gerðu rannsókn á námsárangri 127 barna, sem ættleidd voru frá stofnunum í Rúmeníu, og báru saman við börn sem ættleidd voru innanlands í Bretlandi. Börnin voru 11 ára þegar rannsóknin fór fram. Niðurstöður leiddu í ljós að ættleiddu börnin frá Rúmeníu náðu ekki sambærilegum námsárangri og börn sem ættleidd voru innanlands auk þess sem einbeitingarerfiðleikar voru algengir hjá þeim. Rúmensku börnin sem ættleidd voru fyrir 6 mánaða aldur komu betur út varðandi námsárangur en börnin sem ættleidd voru eftir 6 mánaða aldur. Einnig sýndi sama rannsókn að börnin frá Rúmeníu voru talsvert á eftir í vitsmunapróska miðað við jafnaldra en náðu flest miklum þroska eftir að hafa dvalið hjá kjörfjölskyldunni við gott atlæti í ákveðinn tíma. Beckett, Castle, Rutter og Sonuga (2010, bls. 125) rannsökuðu börnin þremur árum síðar þar sem niðurstöður voru svipaðar varðandi vitsmunapróska og námsárangur barnanna.

Raaska, Elovainio, Mäkiää og Lapinleimu (2011, bls. 697–705) könnuðu hvort fylgni væri milli geðtengslaröskunar og námserfiðleika. Rannsóknin fór fram í Finnlandi og var gerð á 395 börnum á aldrinum 9–15 ára sem ættleidd voru frá mismunandi löndum. Niðurstöður leiddu í ljós að börn sem áttu í erfiðleikum með að mynda geðtengsl eftir ættleiðingu voru líklegri að eiga við námsvanda en önnur börn. Fram kom að 33,4% barnanna áttu í námserfiðleikum þar af áttu 12,7% þeirra í alvarlegum námserfiðleikum miðað við jafnaldra þeirra sem ekki höfðu verið ættleidd. Ennfremur kom í ljós að börn, sem voru með geðtengslaröskun, voru líklegri til að vera fórnarlömb eða gerendur eineltis en önnur börn.

Miller, Chan, Tirella og Perrin (2009, bls. 289–298) rannsökuðu 50 ættleidd börn frá Austur- Evrópu á aldrinum 8–10 ára sem höfðu dvalið hjá kjörfjölskyldum sínum í meira en fimm ár. Teknir voru inn áhættuþættirnir: lengd stofnanavistar, aldur við ættleiðingu, greindarvístala, vöxtur og þroski. Auk þess var litið á hvort ákveðið heilkenni (e. fetal

alcohol syndrome) sem tengist mikilli áfengisneyslu móður á meðgöngunni væri til staðar. Víða í Austur- Evrópu er áfengisneysla þungaðra kvenna algeng orsök vægrar þroskahömlunar og jafnvel geðtengslaröskunar. Börnin eru létt og fíngerð við fæðingu og eru oft með ákveðin útlitseinkenni og erfiða hegðun. Skaðinn er mismikill og fer eftir því hvenær og hversu mikil áfengisneyslan er á meðgöngu. Niðurstöður Miller's og félaga sýndu að 78% barnanna voru með greindarvísitölu innan meðalmarka, 46% sýndu námserfiðleika, 28% voru með tilfinningaraskanir eins og kvíða og þunglyndi. Um 44% þessara barna voru með hegðunarerfiðleika og námsörðugleika. Rúmlega helmingur eða 56% barnanna var í sérkennslu þar af greindust 24% með alvarlegar hegðunartruflanir. Það sem vakti athygli var að börnin sem áttu við mestu hegðunarvandkvæðin að stríða voru með minna höfuð en hin börnin. Slíkt getur verið vísbending um áfengisneyslu móður á meðgöngu. Þroskahömlun fylgdi oft og hegðun barnanna var árátukennd og erfið. Svipaðar niðurstöður er að finna í rannsókni sem Beckett, Bredenkamp, Castle, Groothues, O'Connor, Rutter o.fl. (2002, bls. 297-303) unnu, þar sem fram kemur að einkenni heilkennisins eru að fæðingarþyngd er undir meðaltali, minna höfuðmál, eirðarleysi, athyglisbrestur, slakir vöðvar og skertar fínhyrfingar.

Af niðurstöðum þessara rannsókna má í heild draga þá ályktun að mikilvægi fyrstu æviáranna er næstum óumdeilt. Ljóst er að því lengur sem barnið sætir slæmri meðferð eða býr við ófullnægjandi aðstæður því alvarlegri verða áhrifin á sálarlíf og þroska þess. Vísbendingar eru um að lengd stofnanadvalar hafi mikil áhrif á hvernig til tekst með geðtengslamyndun. Talsverður munur er á börnum sem eru ættleidd innan við 12 mánaða aldur, og börnum sem ættleidd eru eftir þann aldur. Rannsóknir gefa einnig til kynna að geðtengsl barnanna hafi styrkst til muna eftir að hafa dvalið hjá kjörfjölskyldum sínum við gott atlæti í ákveðinn tíma. Mörg börnin höfðu þó tilhneigingu að vera óeðlilega vinsamleg við ókunnuga löngu eftir að þau hafa myndað góð geðtengsl við kjörforeldra sína sem er rakinn til vöðvar á geðtengslum.

3.9. Stofnanaeinhverfa – stofnanadeyfð

Hugtakið sjúkrahúsdeyfð /stofnanaeinhverfa (e. hospitalism) má rekja til greinar sem bandaríski geðlæknirinn René Spitz (1887–1974) skrifaði árið 1945. Spitz (1934) rannsakaði atferli ungra barna sem höfðu eytt fyrsta æviári sínu á munaðarleysingjahælum í Bandaríkjunum þar sem andleg og félagsleg örvun var í lágmarki. Á seinni hluta fyrsta árs byrjuðu 15% barnanna að þróa með sér undarlega hegðun. Fyrst grétu þau án afláts en eftir nokkra mánuði rénaði gráturinn og þau hættu að gera greinarmun á einstaklingum. Þessi

börn gátu legið eða setið með galopin augu, svipbrigði voru engin og þau virtust ekki fylgjast með því sem fram fór í kringum þau. Börnin virtust tilfinningalega frosin og byrjuðu að rugga sér óeðlilega mikið og slógu höfðinu í rúmgaflinn. Hræðsla við ókunnuga var sjaldgæf og þau grétu hljómlausum gráti (Spitz, 1945, bls. 53–74). Börnin voru á eftir í málþroska og tjáningarhæfileiki þeirra var alvarlega skertur. Einnig var áberandi hversu stíf þau voru þegar haldið var á þeim. Spitz (1951, bls. 257) lýsti einnig sérstöku hugarástandi sem getur þróast hjá ungbörnum sem verða viðskila við móður sína á aldrinum sex til tólf mánaða, sem hann nefndi ungbarnaþunglyndi. Þetta ástand má rekja til langvarandi aðskilnaðar frá móður á þessum viðkvæma aldri þegar barnið er að mynda geðtengsl við sína nánustu. Þetta getur verið vegna fæðingarþunglyndis móður, langrar sjúkráhúsdvalar barnsins vegna fyrirburafæðingar eða veikinda. Spitz tók einnig kvikmyndir af börnunum þar sem hægt var að fylgjast með tilfinningaþroska þeirra stig af stigi. Þetta er í senn átakanleg sjón og lestur eins og kemur fram á myndbandi (Spitz, 1952; Van der Host og Van der Veet, 2008, bls. 325–335). Svipuð einkenni og hér hefur verið lýst geta einnig verið til staðar hjá börnum með einhverfu (Federici, 2003, bls. 80; Johnson, 2002, bls. 40; Rutter o.fl., 2007, bls. 17–30). Einhverfa er röskun í taugaþroska sem kemur yfirleitt fram snemma í barnæsku. Sams konar skilgreining kemur fram í flokkunarkerfunum ICD-10(1) og DSM-IV(2). Einkenni einhverfu er skert félagsþæfni og örðugleikar við að mynda tengsl við jafningja. Barnið virðist lifa í eigin heimi og hegðun þess einkennist af sérkennilegu tali, áhugaleysi gagnvart umhverfinu og jafnvel takmarkaðri vitund um aðra svo og endurteknum hreyfingum eins og að rugga sér til og frá. Oft er erfitt að ná augnsambandi við barnið, stundum heldur það fyrir eyrun til að forðast hljóð og oft er þessi hópur barna ofvirkur. Þau sýna gjarnan sérkennilega og áráttukennda hegðun á afmörkuðu og sérkennilegu áhugasviði sem getur komið í veg fyrir samskipti við aðra. Oft eru þessi börn vanaföst og verða að hafa hlutina í ákveðinni röð og ef ekki er hægt að framkvæma þá í réttri röð getur það leitt til skapofsakasts. Orsakir einhverfu geta verið margvíslegar. Talið er að erfðir valdi þar mestu um, en það álit byggir á tvíburarannsóknunum og fjölskyldurannsóknunum (Evald Sæmundsen, 2008, bls. 60–62). Í dag greinist einhverfa hjá 1,2% barna. Einhverfa er meðfædd en fá dæmi eru um að börn lækni af einhverfu (Evald Sæmundsen, 2012, bls. 28).

Rutter og félagar (2007, bls. 17–30) tala um stofnanaeinhverfu (e. quasi-autism) þar sem viss einkenni eru sameiginleg með einhverfu. Börn með stofnanaeinhverfu eru betur á sig komin hvað varðar vitsmuna- og málþroska. Stofnanaeinhverfa er hins vegar áunnin hegðun sem rakin er til alvarlegrar vanrækslu á stofnunum og rjástlast oft af börnum eftir að

þau hafa dvalið hjá kjörforeldrum sínum í ákveðinn tíma (Federici, 2003, bls. 80; Johnson, 2002, bls. 40).

Í rannsókn sem Beckett og félagar (2002, bls. 297–303) gerðu kom fram að að 47% barnanna frá Rúmeníu voru með einhverfuleg einkenni við ættleiðingu. Við sex ára aldur voru þessi einkenni aðeins merkjanleg hjá 18% barnanna.

Hugtakið stofnanaeinhverfa var ekki mikið notað innan sálfræðinnar eftir að Spitz (1945) birti hana í kenningum sínum. Fræðimenn fóru aftur að nota orðið þegar farið var að rannsaka uppvaxtarskilyrði barna sem höfðu dvalið á stofnunum í Rúmeníu við skelfilegar aðstæður (Gindis, 2008, bls. 118–123). Eftir fall Ceausescus, einræðisherra Rúmeníu, árið 1990 var landið opnað fyrir Vesturlöndum. Við blasti önnur mynd en sú sem opinberum gestum hafði verið sýnd fram að því. Fyrir utan almenna fátækt og eynd vöktu myndir af heimilum fyrir munaðarlaus börn óhugnað í allri heimsálfunni. Börnin virtust lifa í eigin heimi með galopin augu, svipbrigði voru engin og þau virtust ekki fylgjast með því sem fram fór. Myndir, sem teknar voru af börnunum höfðu mikil áhrif á Vesturlöndum og safnaðist mikið fé til hjálparstarfs í Rúmeníu (Morrison, 2004, bls. 168–183). Árið 1995 birtist skýrsla mannrétindasamtakanna „Horft til Asíu“ (Human Rights Watch Asia) og bresk heimildarmynd, „Biðsalir dauðans“ (The Dying Rooms) sem byggðist á frásögn og gögnum Zangs Shuyuns, lækni sem starfaði á munaðarleysingjahæli í Shanghai. Hann tók með sér læknaskýrslur, myndir og upptökur af deyjandi börnum á munaðarleysingjahælum í Kína. Þessar myndir vöktu hörð viðbrögð hjá mannréttinda- og hjálparstofnunum í heiminum og þess var krafist að bætt yrði úr ástandinu (Dowling og Brown, 2009, bls. 352–361; Morrison, 2004, bls. 168–183). Segja má að í kjölfar þessara upplýsinga hafi ástand á sumum barnaheimilum í þessum löndum farið batnandi og opnað augu fólks fyrir skelfilegum aðstæðum barna sem eru vistuð á slíkum stofnunum. Þrátt fyrir þetta hefur það tekið mörg ár að bæta aðstæður barna á barnaheimilum og eflaust er víða pottur brotinn í þeim efnum.

Hoksbergen, Laak, Rijk Dijkum og Stoutjesdijk (2005, bls. 615–622) rannsökuðu 80 börn sem ættleidd voru frá Rúmeníu. Niðurstöður sýndu að þriðjungur barnanna var með stofnanaeinhverfu. Einkenni barnanna komu t.d fram í sérkennilegum endurteknum hreyfingum, skertri hæfni til félagslegra samskipta, seinkuðum málþroska og óeðlilegri vinsemd við ókunnuga. Mörg barnanna forðuðust augnsamband, sjálfsörvandi hegðun (e. self stimulating) var áberandi og sjálfsskaðandi hegðun eins og að berja höfðinu við vegg sem var í samræmi við niðurstöður Rutters, Andersen-Wood, Beckett, Bredenkamp, Castle, Groothues o.fl. (1999, bls. 537–549). Í sömu rannsókn kom fram að einkenni

stofnanaeinhverfu minnkaði talsvert eftir að börnin höfðu dvalið hjá kjörforeldrum sínum í fimm ár. Samhljóma niðurstöður fengust í rannsókn Rutters og félaga (2007, bls. 1200–1207). Þeir félagar rannsökuðu 144 ættleidd börn frá Rúmeníu, sem höfðu dvalið á stofnunum við bágborin uppvaxtarskilyrði, og báru saman við 52 börn sem höfðu verið ættleidd innanlands í Bretlandi. Fram kom að einhverfuleg einkenni voru algengari hjá börnunum, sem ættleidd voru frá Rúmeníu, en börnum sem ættleidd voru innanlands. Rúmensku börnin höfðu vanist því að þeim var ekki sinnt og höfðu eflaust lært að vantreysta fólki. Í fyrstu voru 28 rúmensku barnanna eða 20% greind með einhverfu eða á einhverfurófi. Fylgst var með öllum þessum börnum og var þroski þeirra og andlegt ástand metið aftur þegar þau voru fjögurra, sex og ellefu ára gömul. Það sem kom á óvart í rannsókninni var að hjá fjórðungi barnanna höfðu einhverfueinkennin minnkað með aldrinum. Það vakti einnig athygli að sum börnin með einhverfueinkenni sýndu meiri áhuga á félagslegum samskiptum en gerist með börn með hefðbundna einhverfu. Í samanburðarhópnum, þar sem börn voru ættleidd innanlands, sáust engin einkenni ódæmigerðrar einhverfu. Þá kom fram að við 12 ára aldur höfðu einkenni stofnanaeinhverfu horfið hjá fjórðungi rúmensku barnanna en 9,2% þeirra reyndust enn vera með dæmigerða einhverfu og greindarvísitölu undir 50 stigum samkvæmt stöðluðum greindarprófum. Við nánari athugun kom í ljós að börnin voru með geðtengslaröskun en einkennin eru svipuð ódæmigerðri einhverfu. Niðurstaða þeirra félaga var að einhverfuleg einkenni virtist tengjast slæmum aðbúnaði á stofnunum sem börnin máttu þola en ekki erfðum eins og hefðbundin einhverfa.

Af fyrrnefndum rannsóknum má draga þá ályktun að stofnanaeinhverfa tengist slæmum aðbúnaði og sé sjaldgæf en þarf ekki að vera varanleg. Rannsóknirnar sýna einnig að mismunandi er að hve miklu leyti hægt er að bæta börnum þann skaða sem þau hafa orðið fyrir vegna alvarlegrar vanrækslu. Það sem skiptir miklu í því sambandi er hversu lengi börnin hafa dvalið í skaðlegu umhverfi, eiginleikar barnanna, greindarþroski og umhverfi eftir ættleiðingu.

3.10. Kenning Eriks Eriksons um sjálfsmyndina

Sálfræðingurinn Erik H. Erikson (1902–1994) var einna fyrstur, að gera sjálfsmyndina að lykilatriði í kenningu sinni um persónuleikabroska. Hugtakið sjálfsmynd er skilgreind hér sem útkoman af því hvað við teljum okkur sjálf vera, meðvitað og ómeðvitað. Sjálfsmynd er einn af grundvallarþáttum persónuleika okkar. Erikson telur að sjálfsmyndin „lærist“, enginn er fæddur með mótaða sjálfsmynd en börn fæðast vissulega með ákveðnar forsendur.

Sjálfsmynd mótask af samskiptum við umhverfið og mest við annað fólk sem hefur áhrif á líf þeirra (Erikson, 1968, bls. 22 og 211).

Erikson gerði ráð fyrir stigbundnum þroska einstaklingsins frá vöggu til grafar sem hann skipti í átta áfanga. Þroskinn mótask í samskiptum einstaklingsins við annað fólk og umhverfið. Hver áfangi einkennist af átökum sem einstaklingurinn þarf að vinna úr til að komast á næsta áfanga. Átökin varða mótaskun persónuleika hans og því betur sem hann leysir hvern áfanga þeim mun betur gengur honum á næsta þroskaskeiði á eftir (Friedman, 1999, bls. 199–214). Hér á eftir verður stuttlega fjallað um fyrstu fimm áfangana af umræddri kenningu.

Fyrsta skeiðið er mikilvægasta þrepið að barnið lærir að treysta öðrum og öðlist sjálfstraust. Átökin snúast um traust og vantraust. Fyrsta reynsla barnsins af trausti og umhyggju hefur áhrif á og er rótin að því að barnið geti treyst öðrum. Hlutverk umönnunaraðila er að veita barninu öryggi. Barnið er algjörlega háð móður eða umönnunaraðilum sínum og þarf að geta reitt sig á að það fái næringu og umönnun. Barnið verður að finna fyrir líkamlegum og andlegum stuðningi. Geðheilsa og tilfinningalegur þroski er undir því kominn að barnið geti treyst móður eða staðgengli sem sér því fyrir öllum þörfum þess meðan barnið er ósjálfbjarga. Ef þessum frumþörfum barnsins er ekki mætt er hætta á að barnið verði tortryggið, óöruggt, kvíðið og það getur haft í för með sér brotna sjálfsmynd. Erikson hélt því fram að traust væri forsenda góðra tengsla og að börn, sem ekki fengju nægilega umönnun sem leiddi til traustra og góðra tengsla, hefðu sameiginleg einkenni. Það kemur m.a. fram í því að börnin skorti innsæi og eiga erfitt með að setja sig í spor annarra og skilja hvernig þeim líður (Erikson, 1968, bls. 96–107).

Annað skeiðið á við um eins til þriggja ára aldur. Hérna eru lögð drög að því hvort barninu tekst að verða sjálfstæður og skapandi einstaklingur eða hvort það verði þvingað og öðrum háð með miklar efasemdir um sjálfan sig. Á þessum aldri fær barnið aukna hreyfigetu en auðvitað er lítið barn ákaflega háð öðrum á margan hátt. Talað er um þrjóskuskeið því barnið á oft í stríði við að verja sjálfstæði sitt. Ef ýtt er undir sjálfstæði barnsins við að prófa sig áfram og rannsaka umhverfið styrkir það sjálfsöryggi þess. Þegar illa tekst til á þessu stigi getur afleiðingin orðið sú að barnið efast um eigið ágæti vegna þess að athafnafrelsið hefur verið skert of mikið og refsingar ef til vill ranglátar. Sú sjálfsmyndarkreppa sem unglingar glíma við eiga á oft rætur að rekja til þessa tímabils (Erikson, 1968, bls. 107–115).

Þriðja skeiðið á við um þriggja til fimm ára aldur. Á þessu stigi þjálfast barnið í að hafa frumkvæði í athöfnum en ef það mistekst getur það leitt til sektarkenndar. Yfirleitt er barnið athafnaglatt og forvitið á þessum aldri. Barnið fer að gera ýmislegt upp á eigin spýtur.

Vaxandi vitsmunabroski lýsir sér í mikilli þörf fyrir að spyrja hvers vegna-spurninga. Viðurkenning foreldra á forvitni barnsins ýtir undir frekara frumkvæði. Of mikil boð og bönn við framkvæmdagleði barnsins eru líkleg til að lama athafnaþrá barnsins og vekja með barninu sektarkennd þegar það reynir að rannsaka heiminn og mætir andúð foreldra (Erikson, 1968, bls. 115–123).

Fjórða skeiðið á við um 6–10 ára aldur einkennist af því að barnið öðlast skilning á kröfum sem til þess eru gerðar um nám og skyldur. Vitsmunir þroskast mikið og raunsæi eykst. Einnig öðlast barnið virðingu fyrir reglum, boðum og bönnum sem er undirstaða í mannlegum samskiptum. Barnið þarf að fá skilning á getu sinni í gegnum verkefni sem eru við hæfi. Ef illa gengur á þessu stigi eða verk barnsins eru vanmetin getur það leitt til kvíða, haft áhrif á sjálfstraust barnsins og það þróar með sér vanmáttarkennd (Erikson, 1968, bls. 123–128).

Fimmta stigið á við um 10–20 ára aldur. Unglingurinn þarf að fást við átök milli sjálfsmyndar og sundrað sjálfs (11–18 ára). Hérna skiptir máli að unglingurinn móti heilsteypta sjálfsmynd og forðist að þróa með sér óskýra og þokukennda sjálfsmynd. Unglingurinn þarf að geta gert sér í hugarlund raunhæfa mynd af kostum sínum og göllum og hvernig hann vill virkja þá: „Hvaðan kom ég? Hver er ég? Hvað vil ég verða?“ Unglingurinn byggir á sjálfsmyndinni frá bernskuárunum en hún breytist og aðlagast nýjum væntingum frá fjölskyldu, skóla og félögum (Erikson, 1968, bls. 128–135).

3.11. Rannsóknir á uppruna og sjálfsmynd ættleiddra barna

Meðal nýmæla í lögum um ættleiðingar frá 1999 er skýrt kveðið á um skyldu foreldra til að upplýsa barn sitt um að það sé ættleitt. Einnig eru ákvæði um rétt kjörbarns að fá tiltækar upplýsingar um uppruna sinn í dómsmálaráðuneytinu um hverjir séu kynforeldrar þess (Lög um ættleiðingar nr. 130/1999, 27 gr.).

Flest ættleidd börn hafa áhuga á uppruna sínum og vilja vita hvers vegna þau voru ættleidd. Hins vegar er það einstaklingsbundið hversu mikla þörf þau hafa fyrir að vita það. Sum barnanna upplifa það þannig að eitthvað hljóti að hafa verið að þeim fyrst þau voru yfirgefin. Oft eru ættleidd börn viðkvæmari fyrir höfnun vegna höfnunarinnar sem þau upplifðu fyrstu daga eða mánuði ævinnar jafnvel þótt þau séu ekki meðvituð um áhrifin (Brodzinsky, 2012, bls. 200–207). Samkvæmt kenningu Eriksons er grundvöllur þess að tilheyra og að vera hluti af einhverju það öryggi sem fæst á fyrstu árum barnsins. Hann telur að barn, sem hefur þessa öryggistilfinningu sé nokkuð brynjað fyrir áföllum síðar í lífinu (Erikson, 1968, bls. 168–169). Rannsóknir hafa sýnt að sumum ættleiddum börnum

finnst þau hvorki tilheyra umhverfinu né falla í hópinn. Rannsókn Brodzinskys (2011, bls. 200–207) leiddi í ljós, að ættleiddum börnum finnst þau stundum vera öðruvísi en fjölskyldan og vinirnir, jafnvel þótt þau séu með sama litarhátt. Brodzinsky telur líkt og Erikson að þörfin til að vera eins og hinir sé sterk í hverju barni. Ef þessari tilfinningu er ekki sinnt getur það haft í för með sér tilfinninga- og hegðunarvanda, einkum hjá unglingum sem eru að móta sjálfsmynd sína. Brodzinsky telur mikilvægt að barnið viti af ættleiðingunni frá upphafi því þá er líklegra að það taki högum sínum sem eðlilegum hlut. Þegar kemur að því að svara spurningum barnsins um ættleiðinguna og upprunann verður það að vera í samræmi við spurningar þess og þroska þannig að niðurstaðan verði jákvæð bæði fyrir kjörforeldra og barnið. Foreldrar verða einnig að gera sér grein fyrir að slíkar spurningar eru eðlilegar. Hawkins, Beckett, Castle, Groothues, Sonuga-Barke, Colvert o.fl. (2008, bls. 131–156) benda á í sinni rannsókn að sjálfsmynd barnanna sem gátu talað frjáltslega um ættleiðinguna, var sterkari en þeirra sem áttu erfiðara með að ræða hana.

Í rannsókn Neil (2012, bls. 409) á 43 ættleiddum börnum kemur fram að hluti barnanna hafði lent í stríðni og fengið særandi athugasemdir annarra barna um uppruna sinn. Vísbendingar eru um að stúlkur eigi auðveldara með að tjá sig um ættleiðinguna en drengir. Neil telur mikilvægt að undirbúa barnið vel, áður en það byrjar í skóla, um hverju það á að svara og hvernig. Auk þess bendir hún á að þegar komið er á unglingsárin er algengt að unglingarnir fari að hugsa meira um líffræðilega foreldra sína og hvers vegna þau voru ættleidd. Samkvæmt niðurstöðum Neil reynir hér á hvernig kjörforeldrar bregðast við. Í stað þess að snúast í vörn eða flýja af hólmi er nauðsynlegt að foreldrar séu til staðar fyrir unglinginn sem viðmælendur og sálufélagar og ræði uppruna unglingsins á opinn og einlægan hátt. Þetta eru samhljóma niðurstöðu rannsókna Grotevants, Rueter, Von Korff og Gonzalez (2011, bls. 529–536) en þeir leggja áherslu á að ef ættleiðing á að takast vel er mikilvægt að kjörforeldrar tali á opinskáan hátt um kynþátt, menningu og uppruna barnsins.

Juffer og Van IJzendoorn (2007, bls. 1067–1083) tóku saman rannsóknir á 2198 ættleiddum börnum sem þeir báru saman við börn sem ekki voru ættleidd. Niðurstaðan sýnir svo ekki verður um villst að ættleidd börn voru með betri sjálfsmynd en samanburðarhópurinn sem ekki var ættleiddur. Þessar niðurstöður komu á óvart þar sem ættleidd börn erlendis frá hafa oft dvalið við slæman aðbúnað fyrstu mánuði/ár ævinnar. Auk þess að hafa mörg barnanna annan litarhátt en kjörforeldrar. Rannsakendur skýrðu þennan mun með því að í flestum tilvikum fengju ættleidd börn meiri tilfinningalegan

stuðning frá foreldrum sínum og byggju við betri félagslega og fjárhagslega stöðu en almennt gerist meðal barna.

Leiða má líkur að því að þroski og líðan barnanna sé mjög háð því umhverfi sem þau búa við eftir að stofnanadvöl lýkur. Einnig skipir miklu máli hversu vel börnunum tekst að vinna úr fyrri reynslu með stuðningi foreldranna.

4. kafli - Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD)

Í þessum kafla verður fjallað um skilgreiningu á athyglisbresti með ofvirkni þar sem erfiðleikar barnsins birtast í hegðun þess og gjörðum. Jafnframt verður rýnt í rannsóknir sem tengjast viðfangsefninu. Þegar talað er um hegðun barna og unglinga er meðal annars átt við einbeitingu, hvort barnið heldur sér að verki og hvort það hefur náð valdi á tjáningu, hugsun og hæfni til að eiga viðunandi samskipti við aðra.

4.1. Skilgreining á ADHD

ADHD er alþjóðleg skammstöfun og stendur fyrir hugtakið (e. attention deficit hyperactivity) sem er athyglisbrestur með ofvirkni og er röskun á taugaproska sem lýsir sér með hreyfiofviðbrenningu, hvatvísi og einbeitingarerfiðleikum þar sem einkennin eru í ósamræmi við aldur og þroska (Margrét Valdimarsdóttir, Agnes Huld Hrafnisdóttir, Páll Magnússon, Ólafur Ó. Guðmundsson, 2005, bls. 409).

Einkenni ADHD eru yfirleitt komin fram við 6–7 ára aldur og þurfa að koma fram við fleiri en einar aðstæður, til dæmis bæði á heimili og skóla. Samkvæmt rannsóknnum er talið að tíðni barna með ADHD sé um 7%. Íslensk rannsókn leiddi í ljós aðeins lægra hlutfall meðal íslenskra skólabarna. Tíðni meðal fullorðinna er talin vera 4,5%. (Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2005, bls. 409–414).

Greining á ADHD er skilgreind og flokkuð í DSM-IV-flokkunarkerfinu af bandarísku geðlæknasamtökunum í samstarfi við klíníska sálfræðinga. DSM-IV stendur fyrir *Diagnostic and Statistical Manual*. Þetta kerfi hefur verið notað hér á landi og verið aðlagð íslenskum aðstæðum. Um er að ræða níu atriði sem skilgreina athyglisbrest og önnur níu atriði sem skilgreina ofvirkni og hvatvísi. Til að börn verði greind með ADHD þurfa þau að uppfylla sex einkenni á hvoru sviði (Gísli Baldursson, Matthías Halldórsson, Ólafur Ó. Guðmundsson og Páll Magnússon 2007, bls. 6–7).

Margt bendir til að orsakir ADHD liggi í erfðum og umhverfi og skýra þær 70–95% tilfella (Gísli Baldursson o.fl., 2007, bls. 7; Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2005, bls. 409). Rannsóknir benda til að erfðafræðilegra orsaka sé að leita í boðefnakerfi heila á stöðum sem gegna mikilvægu hlutverki í stjórnun hegðunar. Aðrir þættir eins og misnotkun tóbaks og vímuefna á meðgöngu, fyrirburafæðingar, erfiðar fæðingar, lág fæðingarþyngd og slæm lífsskilyrði á fyrstu mánuðum ævinnar geta einnig aukið líkur á ADHD (Grétar Sigurbergsson, 2008, bls. 11; Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2005, bls. 409–414).

Hérna verður fjallað um hegðunartruflanir þar sem vanlíðan barnsins og öryggisleysi birtast fyrst og fremst í hegðun og gjörðum. ADHD er langvarandi röskun og fylgir henni oft hegðunartruflanir, kvíði, þunglyndi, stjórnleysi, skipulagserfiðleikar, námserfiðleikar og mótþróaröskun. Þegar um mótþróaröskun er að ræða er óhlýðni, þrjóska og skortur á samvinnuvilja það alvarleg að hún truflar daglegt líf barnsins (Barkley, 2002a, bls.10; DuPaul, Weyandt og Janusis 2011, bls. 35). Einkennin geta verið mild, í meðallagi alvarleg eða mjög alvarleg og eru afar mismunandi frá barni til barns. Megingerðir ADHD eru þrjár: Sjaldgæfust er sú sem kemur fram í því að börnin eru fyrst og fremst eirðarlaus og hreyfiofþvirk. Fyrst er að nefna ofþvirknieinkennin sjálf sem lýsa sér í mikilli hreyfivirkni. Í skólanum eiga þau erfitt með að sitja kyrr, fylgja ekki fyrirmælum, trufla aðra og geta spilt vinnufriði í bekknum. Þau eiga erfitt með að koma sér að verki og gengur erfiðlega að ljúka verkefnum og byrja á nýjum.

Önnur gerð er ADD er alþjóðleg skammstöfun fyrir hugtakið (e. attention deficit disorder) sem kemur fram hjá börnum sem eiga fyrst og fremst við athyglisbrest að stríða. Þau eru ekki hreyfiofþvirk, truflast auðveldlega af utanaðkomandi áreitum og eiga erfitt með að skipuleggja verkefni sín og athafnir (Brown, 2008, bls. 1–2).

Þriðja gerðin, sem er sú algengasta og erfiðust, einkennist af því að börnin hafa blöndu einkenna og hegðunareinkenni beggja gerðanna. Oft eiga þau erfitt uppdráttar félagslega oft eru þau vinfá og sum þeirra geta verið árásgjörn bæði í orðum og gjörðum. Engum dylst hvar barn er ef hreyfivirknin og hvatvísin er áberandi. Flestir sjá að barnið er í miklum vanda (Barkely, 2000, bls. 1064–68; DuPaul o.fl., 2011, bls. 35; Grétar Sigurbergsson, 2008, bls. 2–5; Kutcher, 2008, bls. 16–21). Fleira getur einkennt börn með ADHD, vinnsluminni þeirra getur t.d. verið skert þannig að þau eiga erfitt með að leggja á minnið hluti í réttri röð og heimanám getur reynst þeim erfiður hjalli (DuPaul o.fl., 2011, bls. 37).

4.2. ADHD og skólaganga barna

Skólaganga reynist oft börnum með ADHD erfið sem almennt má rekja til áhugaleysis, hvatvísi og eirðarleysis sem tengist ADHD. Þau eru líklegri en önnur börn til að falla á prófum, endurtaka bekk, hætta í skóla eða jafnvel vera rekin úr skóla (Barkley, Fischer, Smallish og Fletcher, 2006, bls 192) telja að 32–38% barna með ADHD ljúki ekki grunnskólanámi. Fram kemur í rannsókn Barkleys (2002a, bls. 13) að aðeins 5–10% nemenda með ADHD ljúka framhaldsskóla. DuPaul o.fl., (2011, bls. 36) benda á að þegar nemendur með ADHD fá einstaklingskennslu eða kennslu í fámennum hópi þar sem er gott

aðhald og kröfur við hæfi geta einkennin verið í lágmarki. Tilfinningaleg og félagsleg vandamál geta aukist með aldrinum, hætta er á lágu sjálfsmati, vansæld og kvíða (DuPaul o.fl., 2011, bls. 35–37). A.m.k. 25–35% þeirra barna sem greinast með ADHD, eru líkleg til að þróa með sér einkenni hegðunarröskunar og andfélagslegrar hegðunar og rúmlega helmingur þeirra eiga í samskiptaerfiðleikum við önnur börn (Barkely, 2002a, bls. 11).

Mikilvægt er fyrir nemendur með ADHD að eiga góð og jákvæð tengsl við kennarann. Þetta á við samskipti kennara og allra nemenda en er sérlega mikilvægt þegar um ADHD eða nemendur með sérþarfir er að ræða (Pfiffner, Barkley og DuPaul, 2006, bls. 547–589). Gerð var langtímarannsókn í Bandaríkjunum á hópi fólks með ADHD á því hvað þeir teldu að hefði hjálpað þeim mest í skóla. Það reyndist vera ef einhver hafði trú á þeim. Oft geta börn með ADHD náð árangri í íþróttum, verkmenntun og listum, verið hugmyndarík, uppátækjasöm og unnið sína sigra sem er afar ánægjulegt fyrir nemendur, foreldra og kennara (Barkley, 1995, bls. 252). Mikilvægt er að hafa í huga að hver einasti nemandi hefur sín séreinkenni í hegðun og háttum. Hann hefur sínar veiku og sterku hliðar, áhugamál og hæfileika.

4.3. Rannsóknir á ættleiddum börnum með ADHD

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að ADHD er algeng meðal barna sem dvalið hafa á stofnun. Rannsókn Málfríðar Lorange, Kristínar Kristmundsdóttur, Guðmundar Skarphéðinssonar, Bjargar Sigríðar Hermannsdóttur, Lindu Bjarkar Oddsdóttur og Dagbjargar B. Sigurðardóttur (2012, bls. 19–24) sýnir að börn, sem ættleidd eru erlendis frá eftir 18 mánaða aldur og hafa dvalið á stofnun fyrstu ár ævi sinnar, geta verið í aukinni hættu á að hafa ADHD auk hegðunar- og tilfinningavanda í samanburði við önnur börn sem ekki hafa þennan bakgrunn. Þetta er í samræmi við rannsókn sem Hawk og McCall (2010, bls. 199–211) gerðu á börnum sem vistuð höfðu verið á stofnunum. Í rannsókn Stevens o.fl. (2008, bls. 385–398) kom fram að athyglisbrestur með/án ofvirkni hjá ættleiddu börnum frá Rúmeníu hélst í hendur við lengd stofnanadvalar. Marktækur munur reyndist á börnum sem ættleidd voru fyrir og eftir sex mánaða aldur. Börnin sem höfðu dvalið á stofnun lengur en sex mánuði voru líklegri en hin að vera með ADHD, skert vinnsluminni og mótþróaröskun. Jafnframt kom fram að fylgni var á milli athyglisbrests og ofvirkni og tengslaskerðingar. Athugun var gerð á börnum þegar þau voru komin á unglingsár til að kanna hvort einkenni ADHD væru enn til staðar. Í ljós kom að áhrifin af lengd stofnanavistar á athyglisbrests með ofvirkni héldust stöðug. Jafnframt reyndist athyglisbrestur með

og/án ofvirkni vera algengari hjá drengjum en stúlkum. Rannsakendur benda á að fylgni milli ADHD og geðtengslatrufllana geri einkennin sérstæð. Þeir segja jafnframt að þótt einkenni ADHD hafi greinst hjá stofnanabörnum þarf það ekki að vera að sömu rót og hefðbundinn athyglisbrestur með/án ofvirkni þar sem ofvirknieinkenni hafi greinst. Þess vegna er mikilvægt að líta á einkenni barna út frá bakgrunni þeirra. Rannsókn sem Audet og Le Mare (2010, bls. 107–115) gerðu sýndi að börn frá Rúmeníu sem höfðu dvalið lengur en átta mánuði á stofnun væru í meiri hættu að vera með ADHD en börn sem dvalið höfðu skemur en þann tíma. Franc, Maury og Purper-Ouakil (2009, bls. 256–261) benda á, að einkenni geðtengslaröskunar fari oft saman við athyglisbrest með ofvirkni. Hins vegar haldist ofvirknieinkennin ekki alltaf í hendur við lengd stofnavistar þar sem finna má þessi einkenni hjá börnum sem dvalið hafa í skamman tíma á stofnun.

Beverly, McGuiness og Blanton (2008, bls. 303–313) rannsökuðu börn sem vistuð höfðu verið á stofnunum í Rússlandi og voru að meðaltali 36 mánaða gömul við ættleiðingu. Niðurstöður sýndu að 42% barnanna höfðu verið greind með ADHD. Stúlkur sem ættleiddar voru eftir 36 mánaða aldur voru í fjórum sinnum meiri hættu á að greinast með ADHD en þær sem ættleiddar voru yngri. Rannsakendur bentu jafnframt á, að ættleidd börn, sem alist höfðu upp á stofnunum, væru mun líklegri að þurfa á sérkennslu að halda en önnur börn.

Samanburðarrannsókn Abrines, Barcons, Marre, Brun, Fornieles og Fumadó (2012, bls. 405–423) á ættleiddum börnum frá Kína og Austur-Evrópu leiddi í ljós, að börnin frá Austur-Evrópu sýndu meiri ofvirknieinkenni en börn frá Kína. Rannsakendur benda á að hugsanlega hafi börnin frá Kína fengið betri umönnun hjá t.d fósturforeldrum en börnin frá Austur-Evrópu.

Lindblad, Weitof og Hjern (2010, bls. 37–44) gerðu viðamikla rannsókn á rúmlega 16 þúsund einstaklingum sem voru ættleiddir erlendis frá til Svíþjóðar á tímabilinu 1985–2000 og báru saman við 1,3 milljónir manna sem ekki voru ættleiddar. Niðurstöður leiddu í ljós að lyfjameðferð vegna ADHD var algengari hjá hópnum sem var ættleiddur og einkum frá Austur-Evrópu. Auk þess reyndist fylgni vera milli ADHD og þess hversu lengi börnin höfðu dvalið á stofnunum í upprunalandinu. Dalen og Rygvold (2006, bls. 45–54) rannsökuðu börn frá Kína og voru þau borin saman við norsk börn sem ekki höfðu verið ættleidd. Niðurstöður leiddu í ljós að einkenni athyglisbrests voru algengari hjá ættleiddu börnunum en hjá þeim innlendu.

Af þessum rannsóknum má draga þá ályktun að börn sem hafa dvalið á stofnun fyrstu mánuði eða ár ævinnar, eru í meiri hættu að vera með einkenni ADHD en börn sem

ekki hafa þennan bakgrunn. Þau eru m.a. líklegri, en önnur börn, að þurfa á sérkennslu að halda. Jafnframt hefur verið bent á, að athyglisbrestur og ofvirkni stofnanabarna þurfi ekki að vera af sömu rót og hefðbundin ADHD. Ofvirknieinkennin þurfa ekki að haldast í hendur við lengd stofnanavistar þar sem finna má þessi einkenni hjá börnum sem dvalið hafa í skamman tíma á stofnunum.

5. kafli – Málþroski

Eitt þeirra einkenna sem mikið hafa verið rannsökuð erlendis er málþroski ættleiddra barna af erlendum uppruna enda er málkunnátta ein mikilvægasta undirstaða félagsfærni og árangurs í námi. Málþroski helst í hendur við vitsmunapröskann og er síðast en ekki síst mikilvægur í félagslegum samskiptum. Fyrst verður fjallað almennt um málþroska, þar á eftir verður komið inn á þróun máltökunnar frá hjali til myndunar setninga. Að lokum verður greint frá rannsóknum um máltöku ættleiddra barna á nýju tungumáli, tengsl málþroska við námsárangur og áhrif stofnanavistar og annarra félagsþátta.

5.1. Almennt um málþroska

Málþroski er vítt hugtak sem felur í sér margs konar færni og þekkingu. Málþroski er bæði háður meðfæddum eiginleikum og uppeldisáhrifum. Hann tengist oft hversu miklum orðaforða börn kynnast og hversu mikið er talað við þau. Málþroski vísar meðal annars til þess að skilja merkingu orða ásamt merkingu sem er ekki sögðu berum orðum svo sem merkingu orðtaka og myndlíkinga. Einnig tengist málþroski breidd orðaforðans sem vísar til þess hve barnið kann og þekkir mörg orð (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004, bls. 9).

Fræðimenn tala um að skipta megí málþroska barna í tvo hluta. Annars vegar er um að ræða skilning á „daglegu máli“, sem notað er í samskiptum tveggja einstaklinga, og hins vegar „skólamáli“ sem nær til formlegrar málnotkunar og máls sem er notað í námi. Ættleidd börn virðast í flestum tilfellum ná fullri færni í daglegu máli og það jafnvel svo mikið að það skyggir síðar á erfiðleika þeirra í hinu bóklega námi. Erfiðleikar þeirra koma oft ekki fram fyrr en líða tekur á skólanámið sem getur haft í för með sér að þau dragast aftur úr í námi eða lenda í námserfiðleikum (Dalen, 2007, bls. 199–208). Bakgrunnsþekking er jafnframt mikilvæg og forsenda þess að barnið geti séð fyrir sér og sett sig inn í aðstæður sem lestextinn fjallar um og að það geti lesið á milli línannanna. Börn með málþroskaröskun hafa oft takmarkaða bakgrunnsþekkingu og eiga þar með erfitt með að draga ályktanir um merkingu nýrra orða út frá samhengi texta. Slakur orðaforði getur einnig haft áhrif á hæfileikann til að draga ályktanir um tengsl milli atburða sem birtast í texta (Hulme og Snowling (2009, bls. 129–172). Oft koma kennarar ekki auga á erfiðleika þessara nemenda því vandi þeirra er falinn og kemur ekki fram fyrr en námsefnið fer að þyngjast (Cain og Oakhill, 2007, bls. 20). Rannsókn Scott, Roberts og Glennen (2011, bls. 1154–1169A) leiddi

m.a. í ljós að sum þessara barna stóðu sig oft vel á yngsta stigi en fóru að dragast aftur úr þegar lesefni þyngdist og meira fór að reyna á eiginlegan málskilning.

Sterkar vísbendingar eru um að börn sem hafa góðan málþroska nái góðum námsárangri en þau sem eru með slakan málþroska eru í meiri hættu á að glíma við námsörðugleika. Málþroski hefur því verulegt forspárgildi um hvernig börnum vegnar síðar á skólagöngunni (Nation, 2005, bls. 248–265).

5.2. Þróun máltökunnar

Margt bendir til þess að börn fæðist með ákveðna eiginleika sem auðvelda þeim að átta sig á uppbyggingu málsins. Þessir meðfæddu eiginleikar vísa leiðina í máltökunni sem lýsir sér meðal annars í því að flest heilbrigð börn feta svipaða slóð þegar þau læra móðurmál sitt (Werker, Yeung og Yoshida, 2012, bls. 221–226).

Talað er um að máltökuskeiðið í lífi barns sé frá fæðingu til kynþroskaaldurs og á þeim árum séu fyrstu þrjú árin mikilvægust. Málþroskinn hefst strax við fæðingu. Barnið lærir ný orð af foreldrum sínum og í samskiptum við sína nánustu fyrstu árin. Á fyrstu vikum ævinnar bregst barnið við óþægindum með gráti en á fyrsta mánuði heyrast ánægjuhljóð sem kölluð eru hjal. Við sex mánaða aldur myndast fyrstu atkvæðin sem er yfirleitt runa af samhljóðum og sérhljóðum. Fyrir eins árs aldur eru flest börn farin að mynda stök orð sem standa oft fyrir heila setningu. Fyrstu orðin eru oft orð sem tengjast þeirra eigin athöfnum, auk þess orð yfir þær persónur sem þau umgangast mest og orð sem tilheyra daglegum liðum (Goldstein og Schwade, 2008, bls. 515–523). Í kringum 18 mánaða aldurinn eykst orðaforðinn verulega og barnið fer að mynda setningar með tveimur orðum. Smám saman verða setningar barnanna líkari setningum fullorðinna og þau temja sér reglur móðurmálsins meðal annars um hefðbundna orðaröð (Hoff, 2010, bls. 24–25). Til að þessi námshæfileiki geti þroskast verða börnin að búa í frjóu málumhverfi (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004, bls. 9–10).

Hjá flestum börnum gengur þessi þróun áfallalaust. Hins vegar er alltaf ákveðinn hópur barna sem getur verið seinni til að tjá sig, ruglast á hugtökum eða sleppir smáorðum til dæmis forsetningum eða samtengingum og málfræðiendingum en orðaröðin er rétt (Finneran, Leonard og Miller, 2009, bls. 271–286). Rannsóknir hafa sýnt að 10% barna sem alast upp við eitt tungumál, eiga við alvarleg málþroskavandamál að etja og 15% til viðbótar með minni háttar málþroskavandamál sem geta valdið námsvanda ef ekkert er aðhafst (Nation, 2005, bls. 248–265). Dalen (2007, bls. 199–208) telur að hjá börnum sem alin eru upp á stofnunum, sé hlutfallið margfalt meira þótt það sé misjafnt milli barna. Glennen og

Masters (2002, bls. 33–39) telja að þriðjungur ættleiddra barna eigi í einhverjum erfiðleikum með málþroska.

5.3. Rannsóknir á málþroska og námsþroska ættleiddra barna

Mörg börn sem ættleidd eru erlendis frá, koma frá stofnunum þar sem skortur er á örvun en algengt er að stofnanir séu undirmannaðar og mannaskipti tíð (Johnson, Guthrie, Smyke, Koga, Fox, Zeanah o.fl., 2010, bls. 507–516). Ákveðnir áhættuþættir eins og löng stofnanavist getur aukið líkur á seinkun á málþroska hjá þessum börnum (Dalen, 2007, bls. 199–208). Þau hafa flest gengið í gegnum fyrsta hluta máltökuskeiðsins á stofnunum og hafa misst af fyrsta skeiði málþroskans (Roberts, Pollock, Krakow, Price, Fulmer og Wang, 2005, bls. 93–107). Rannsóknir Glennen (2002, bls. 33–39) á máltöku ættleiddra barna frá Rússlandi, Suður-Ameríku og Kína benda til að einn mánuður á stofnun seinki barni um þrjá til fjóra mánuði í andlegum og líkamlegum þroska. Þessar niðurstöður styðja nýlegri rannsóknir sem hafa leitt í ljós að því yngri sem börnin eru við ættleiðingu þeim mun fljótari eru þau að ná innfæddum börnum í málþroska (Scott o.fl., 2011, bls. 1154–1169). Glennen og Masters (2002, bls. 417–433) gerðu rannsókn á máltöku ættleiddra barna frá Rússlandi. Niðurstöður þeirra sýna að börn, sem ættleidd eru fyrir 12 mánaða aldur voru komin með aldursvarandi málþroska við 24 mánaða aldur, jafnframt höfðu börn sem ættleidd voru á aldrinum 13–18 mánaða náð venjulegum málþroska við 36 mánaða aldur. Ári eftir ættleiðingu virtust báðir hóparnir hafa náð meðalorðaförða við 36 mánaða aldur. Í fyrrnefndri rannsókn Glennen (2002, bls. 33–39) kemur fram að börn sem eru eldri en þriggja ára við ættleiðingu, eiga erfiðara en yngri börnin með að vinna upp í málþroska þann tíma sem þau voru á stofnun. Einu ári eftir ættleiðingu voru einungis 14% barnanna farin mynda setningu með tveimur orðum. Þriggja til fjögurra ára höfðu sömu börn takmarkaðan orðaförða og voru með bjagað tungumál. Glennen telur að þessi seinkun á málþroska eigi ekki aðeins við um börn frá Austur- Evrópu heldur frá öllum löndum þar sem börn hafa verið vanrækt og búið við fátæklegt málumhverfi. Hún leggur áherslu á að þarna sé ekki um eðlislægan greindarmun að ræða hjá börnunum heldur tekur einfaldlega tíma að þróa málþroskann. Glennen (1999) fylgdist með 10 rússneskum börnum á aldrinum 14–22 mánaða á munaðarleysingjahæli í Rússlandi. Í þeim hópi voru tveir umönnunaraðilar fyrir börnin, vaktaskipti voru tíð og lítill tími veittist til annars nema að sinna börnum með sérþarfir. Lítið var talað við börnin og þau m.a. látin borða ein án samskipta við fullorðna. Þegar haldið var á börnunum var þeim yfirleitt haldið þannig að andlit þeirra snéru frá umönnunaraðilanum. Lítið var útskýrt fyrir börnunum og þegar fóstrurnar töluðu við börnin

voru það oftast skipanir í tveggja orða setningum. Tvö elstu börnin gátu sagt stök orð, hin börnin voru ekkert farin að tala (Glennen, 2002, bls. 33–39).

Loman, Wiik, Frenn, Pollak og Gunnar (2010, bls. 426–434) gerðu samanburðarrannsókn á vitsmuna- og málþroska 269 barna 5–11 árum eftir ættleiðingu. Börnunum var skipt í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru börn sem höfðu í 75% tilfella alist upp á stofnunum og voru ættleidd eftir 12 mánaða aldur. Í öðrum hópnum voru börn sem ættleidd voru fyrir 8 mánaða aldur og höfðu dvalið á stofnun í tvo mánuði en var síðan komið fyrir á fósturheimilum. Í þriðja hópnum voru börn sem ekki voru ættleidd. Niðurstöður sýndu að hópurinn, sem hafði dvalið lengst á stofnun, var líklegri að vera á eftir jafnöldrum sínum í flestum námsgreinum eða 48% þessara barna. Í hópnum, sem alist hafði upp á fósturheimilum, var 9% barnanna í sérkennslu meðan 3% barnanna, sem ekki voru ættleidd, í sérkennslu. Rannsakendur töldu ástæðuna vera skort á örvun þar sem stofnanir voru undirmannaðar og lítill tími gafst til annars en að sinna frumþörfum barnanna. Jafnframt kom fram að 34% barnanna sem voru í sérkennslu, komu frá Rússlandi og Austur-Evrópu, 43 % komu frá Suður-Ameríku og 13% frá Asíu.

Beckett og félagar (2007, bls. 1063–1073) gerðu samanburðarrannsókn á námsárangri 127 barna, sem ættleidd voru frá stofnunum í Rúmeníu, og báru saman við börn sem ættleidd voru innanlands í Bretlandi. Niðurstöður leiddu í ljós að ættleiddu börnin frá Rúmeníu náðu ekki sambærilegum námsárangri og börn sem ættleidd voru innanlands auk þess sem einbeitingarerfiðleikar voru algengir. Rúmensku börnin, sem ættleidd voru fyrir 6 mánaða aldur, komu betur út varðandi námsárangur en börnin sem ættleidd voru eftir 6 mánaða aldur. Einnig sýndi sama rannsókn að börnin frá Rúmeníu voru talsvert á eftir í vitsmunapróska miðað við jafnaldra en náðu flest miklum þroska eftir að hafa dvalið hjá kjörfjölskyldunni eftir ákveðinn tíma við gott atlæti. Þremur árum síðar var vitsmunapróska barnanna metinn að nýju. Niðurstöður urðu svipaðar og áður og studdu áður nefnda rannsókn varðandi málþroska og vitsmunapróska (Beckett o.fl., 2010, bls. 125–142). Margar rannsóknir benda til þess að skipt geti máli frá hvaða upprunalandi börnin koma eftir því sem skortur á örvun er alvarleg (Dalen, 2007, bls. 199–208). Rannsóknir eru að vísu misvísandi. Niðurstöður Hough og Kaczmarek (2011, bls. 51–74) sýna að þriðjungur barnanna, sem ættleidd voru frá Rúmeníu og öðrum Austur-Evrópulöndum, voru á eftir í málþroska og áttu við lestrarerfiðleika að etja. Dalen (2001, bls. 39–58) gerði samanburðarrannsókn á börnum ættleiddum annars vegar frá Kóreu og hins vegar Kólumbíu og bar saman við norsk börn. Niðurstöðan leiddi í ljós að enginn munur reyndist á „daglegu“ máli hjá hópnum. Þegar kom að skólamáli kom hins vegar fram að börnin frá Kóreu stóðu

betur að vígi en hópurinn frá Kólumbíu. Rannsakendur skýrðu þennan mun að betur hefði verið hlúð að börnunum frá Kóreu fyrir ættleiðingu en þeim frá Kólumbíu. Rannsókn Dalen (2007, bls. 199–208) leiddi í ljós að ættleiddum börnum frá Kóreu vegnaði betur í skóla og höfðu betri málþroska en samanburðarhópur bekkjarfélaga en einkunnir annarra ættleiddra barna reyndust vera slakari en hjá samanburðarhópi. Ef að líkum lætur hafa aðstæður fyrir börn frá Kóreu fyrir ættleiðingu verið sérlega hagstæðar á þeim tíma þrátt fyrir nýafstaðið stríð. Þegar Bandaríkjamenn hófu fyrst að ættleiða börn frá Kóreu voru það ung börn sem höfðu fengið góða umönnun hjá fósturforeldrum. Mæður þeirra voru heilbrigðar og almennt reiddi þessum börnum vel af. Næstu tuttugu árin breyttust aðstæður hratt. Árið 1985 komu 60% ættleiddra barna frá fósturforeldrum en núna koma um 85% barna af stofnunum frá löndum þar sem heilsugæslu er víða ábótavant. Aðalvandamálið er samt alltaf að þessi börn hafa verið alin upp á stofnunum (Johnson, 2005, bls. 11). Rannsókn Dalen og Rygvold (2006, bls. 45–54) leiddi í ljós að einkunnir ættleiddra barna frá Kína voru svipaðar samanburðarhópi bekkjarfélaga en dreifing einkunna í hópi ættleiddra barnanna var þó meiri. Þeir þættir sem skoruðu hæst í dreifingunni voru ofvirknieinkenni og erfiðleikar við að skilja óhlutbundin hugtök sem getur haft áhrif á bóklegt nám. Fram kemur í samanburðarrannsókn sem Deborah o.fl. (2008, bls. 150) gerðu á ættleiddum börnum frá Kína og Austur-Evrópu að kínversku börnin komu betur út tilfinningalega og en jafnaldrar þeirra frá Austur-Evrópu. Engu að síður voru 75% kínversku barnanna með seinkaðan málþroska. Þetta er í samræmi við ofangreinda rannsókn Dalen og Rygvold (2006, bls. 45). Niðurstöður Hwa-Froelich og Matsuos (2010, bls. 349–366A) stangast á við ofangreindar rannsóknir. Þeir gerðu samanburðarrannsókn á börnum ættleiddum frá Kína og Austur-Evrópu sem leiddi í ljós að enginn merkjanlegur munur var milli hópanna eftir upprunalandi. Veikleikar í málþroska komu einkum fram í slakari orðaforða, lélegri máltilfinningu í yrtu og óyrtu máli. Í rannsókn sem Scott, Roberts og Krakow (2008, bls. 158–160) gerðu var 55 ættleiddum börnum fylgt eftir frá Kína. Börnin voru ættleidd á aldrinum 6–25 mánaða og voru í leikskóla þegar rannsóknin fór fram. Börnin höfðu dvalið hjá fjölskyldum sínum í meira en tvö ár. Niðurstaða rannsakendanna leiddi í ljós að 5% barnanna voru á eftir í málþroska en 95% mældust innan meðalmarka, þar af mældust 27% yfir meðallagi. Fylgni var milli aldurs við ættleiðingu og málþroska, svo og við þjóðfélagsstöðu og menntunarstig kjörforeldra. Rannsakendur bentu á að ekki væri rétt að fyllast of mikilli bjartsýni þar sem veikleikar í málþroska koma oft ekki í ljós fyrir en á unglingsárum. Í nýlegri rannsókn sem Tan og Jordan-Arthur (2012, bls. 1500–1507) gerðu kom fram að ættleiddar stúlkur frá Kína stóðu öðrum bekkjarfélögum fyllilega jafnfætis námslega og vegnaði jafnvel betur en

samanburðarhópi barna sem ekki voru ættleidd. Slíkt hlýtur að vekja spurningar og benda rannsakendur á að ekki sé hægt að skýra góðan námsárangur einungis út frá góðri félagsstöðu kjörforeldra. Höfundar telja að líklega hafi aðstæður verið stúlkunum frá Kína hagstæðar fyrir ættleiðingu, þær hafi fengið góða umönnun hjá fósturforeldrum og lífmæður þeirra hafi ekki neytt áfengis eða vímuefna á meðgöngu.

Þótt áhættuþættir séu til staðar hjá ættleiddum börnum hafa rannsóknir Dalen (2007, bls. 199–208) leitt í ljós að ættleidd börn fá oft meiri stuðning við heimanámið og foreldrar þeirra eru virkari í skólastarfi en gengur og gerist með önnur börn. Þá kemur fram í sömu rannsókn að háskólamenntuðum foreldrum ættleiddra barna er hættara við að gera meiri námskröfur til barnanna en æskilegt er. Þar með eru meiri líkur á að sjálfsmynd barnsins skaðist ef það stendur ekki undir væntingum.

Í ljósi þessara rannsókna má sjá að mörg ættleidd börn eru í áhættuhópi varðandi málþroskaseinkun. Það hlýtur að vera lykilatriði að byrja nógu snemma með markvissa málþjálfun til að ná árangri. Í þessu samhengi má benda á rannsókn sem Bruder, Dunst og Morgo-Wilson (2009, bls. 54–67) gerðu sem leiddi í ljós að þau börn sem fengu snemmtæka íhlutun þar sem unnið var markvisst með endurtekningu orðaforða og aukna málfærni, stóðu sig mun betur en börn sem ekki fengu snemmtæka íhlutun.

6. kafli – Félagshæfni

Fátt skiptir meira máli í lífinu en að vera í góðum samskiptum við fólk og á það einnig við í skólastarfinu. Sjálfsmynd barna og unglinga mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk og hafa foreldrar, kennarar og félagar þar mikið að segja.

Í þessum kafla verður greint frá nokkrum hugtökum, sem tengjast viðfangsefninu félagshæfni. Einnig verður greint frá hvaða þættir einkenna félagshæfni og rannsóknum sem viðkoma viðfangsefninu.

6.1. Skilgreining á félagshæfni

Fjölmargar skilgreiningar eru til á hugtakinu félagshæfni. Samheiti og skyld hugtök sem fjalla um uppbyggilega hegðun í samskiptum, eru fjölmörg og má til dæmis nefna hugtökin félagshæfni, félagsfærni, tilfinningagreind og samskiptahæfni sem verða notuð hérna jöfnum höndum. Með félagshæfni er átt við hæfni fólks í samskiptum auk siðferðiskenndar og skilnings þess á siðum og reglum fólks (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 38).

Hugtakið *félagshæfni* (e. social competence) vísar til hæfni til að tjá jákvæðar og neikvæðar tilfinningar í samskiptum. Félagshæfni felst í viðeigandi hegðun miðað við aðstæður þannig að samræmi sé milli þess sem sagt er í orðum og án orða (Semrud – Clikeman, 2007, bls. 1). Félagshæfni er oft skipt í þrjá meginþætti sem gagnlegt er að hafa í huga: Í fyrsta lagi er tjáningarhæfni sem vísar til færni til að tjá sig við aðra. Hér er átt við tjáningu í orðum og án orða, tjáningu tilfinninga eða skoðana, raddblæ, líkamstöðu og svipbrigði (e. nonverbal) sem segja oft meira en orðin sjálf. Í öðru lagi er túlkunarhæfni sem vísar til hæfileikans að túlka orð og hegðun annarra. Einstaklingar, sem hafa slaka túlkunarhæfni, eiga það til að draga ályktanir um viðhorf fólks sem eiga ekki við rök að styðjast. Jafnframt geta þeir rangtúlkað svipbrigði. Í þriðja lagi er hæfileikinn að bregðast við í samræmi við aðstæður (Semrud – Clikeman, 2007, bls. 1–3). Þá hefur fundist fylgni milli félagshæfni og hæfileikans til að þekkja óyrta tilfinningalega tjáningu. Í rannsókn Vickline, Nowickis og Bollini (2012, bls. 72–73) kom fram að margir sjúklingar sem þjáðust af geðröskunum bjuggu yfir skertri félagshæfni og áttu erfiðara með að ráða í alls kyns félagslegar vísbendinar eins og að lesa í fólk bæði andlit og rödd, en heilbrigt fólk. Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007, bls. 38–39) talar um að hugtakið samskiptahæfni vísi til hæfni fólks í samskiptum, til dæmis um hæfni fólks til að vinna með öðrum, leysa ágreiningsmál, sýna hjálpssemi, samúð og samlíðan. Grunnurinn er hæfileikinn til að setja sig í spor annarra

og geta samhæft mismunandi sjónarmið. Í samskiptahæfni felast þroskaþættir, sem tengjast innbyrðis, sem eru félagsþroski, tilfinningaþroski, siðferðiskennd auk vitsmuna-og málþroska. Skapgerð, sjálfsmynd ásamt uppeldi og samfélagsgerð eiga einnig stóran þátt í því að móta samskiptahæfni einstaklinga (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 38). Shaffer (2005, bls. 120) talar um hæfni til að ná fram persónulegum markmiðum í félagslegum samskiptum og um leið að halda jákvæðu sambandi við aðra. Hvað er það sem stjórnar því að samskipti einstaklinga eru jafn mismunandi og raun ber vitni? Af hverju njóta sumir vinsælda og tekst að hrífa aðra með sér meðan aðrir eru jafnvel klaufskir og ósannfærandi? Þetta eru spurningar sem snúast um félagshæfni fólks. Samfélagið gerir æ ríkari kröfur til að einstaklingar séu með góða félagshæfni. Einstaklingar eru ekki einungis metnir út frá einkunnum heldur ráða aðrir eiginleikar miklu þegar einstaklingar eru ráðnir í vinnu. Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007, bls. 30) vekur athygli á því að stjórnendur fyrirtækja og stofnana leggi mikla áherslu á góð samskipti á vinnustað. Sjá má í atvinnuauðglýsingum að góð samskiptahæfni er oftar en ekki skilyrði. Goleman (2000, bls. 45–52, 183) telur að fólk, sem býr yfir tilfinningagreind, vegni betur í lífinu en þeir sem hafa ekki náð tökum á henni. Hann telur að námsgáfur og há greindarvísitala hafi lítið að segja ef fólk hefur ekki tilfinningagreind (e. social intelligence). Samkvæmt Goleman vísar tilfinningagreind til hæfni til að hvetja sjálfan sig til dáða og láta ekki hugfallast við vonbrigði, vera meðvitaður um eigin tilfinningar og annarra, hafa stjórn á tilfinningum sínum og vera fær í mannlegum samskiptum (Goleman, 2000, bls. 45–52, 183). Samkvæmt Astistotels skiptir öllu máli að geta fundið til réttu tilfinninganna við réttar aðstæður gagnvart réttu fólki (Kristján Kristjánsson, 2003b, bls. 34).

Howard Gardner er meðal þeirra sem hefur fjallað um margs konar greindir hjá fólki. Hann talar ekki einungis um rök- og stærðfræðigreind og málgreind svo sem hefðbundið er heldur fjallar hann einnig um samskiptagreind. Þessi greind byggir á getunni til að hafa góð samskipti við aðrar manneskjur og getuna til samstarfs (Armstrong, 2001, bls. 73). Í því samhengi má nefna rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur og Strömquists (2005, bls. 143–155) sem bendir til tengsla á milli málþroska og samskiptahæfni barna. Kenning Gardners gerir ráð fyrir því að greindarsviðin tengist og vinna saman á margan og margslunginn hátt. Þannig hljóta málgreind, rökgreind, tónlistargreind, hreyfigreind og sjálfsþekkingargreind að koma sér vel í samskiptum og efla samskiptagreind (Goleman, 2000, bls. 45–52, 183).

6.2. Rannsóknir á félagshæfni

Ljóst er að félagshæfni getur haft víðtæk áhrif á lífshlaup barna og unglinga og ekki síst skólagöngu. En á hvaða hátt eru samskipti við suma ánægjulegri en aðra? Sum börn eru þannig að flestum líkar vel við þau en önnur eiga erfitt uppdráttar. Hér verður vikið að nokkrum rannsóknum á áhrifum og mikilvægi félagshæfni. Oatley og Johnson-Laird (2011, bls. 424–431) færa rök fyrir því að tilfinningar geti haft ákveðið vægi í samskiptum og geti fært þær í ákveðinn farveg. Glaður einstaklingur getur skapað jákvætt andrúmlöft og laðað fólk að sér. Reiði er margræð tilfinning og tengist oft neikvæðum tilfinningum eins og til dæmis vanlíðan. Til að tjá reiði þarf að gera það með öryggi, annars geta samskiptin orðið þokukenndari og óskýrari.

Í rannsókn sem Warnes, Sheridan, Geske og Warnes gerðu (2005, bls. 182–191) kom fram hjá foreldrum og kennurum að börn, sem hefðu mikla félagshæfni, væru opnari, þægilegri, glaðari, vingjarnlegri, hefðu hæfileika til að miðla málum, sýndu sjálfsstjórn, samkennd, hjálpsemi og voru oftast valin sem hugsanlegir vinir. Í sömu rannsókn kom fram, að það sem börnum og fullorðnum fannst skipta máli í fari vana var vinsemd, kímningáfa, trygglyndi, mannblendni, kurteisi, áreiðanleiki, segja ekki særandi orð, fylgja reglum, færni að hrósa öðrum, eiga frumkvæði að samskiptum, tjá tilfinningar sínar og bjóða öðrum að vera með í atburðum og athöfnum. Í rannsókn sem Milot, Éthier, St-Laurent og Provost (2010, bls. 225–234) gerðu kom fram að börn sem höfðu verið vanrækt í bernsku eða orðið fyrir áföllum væru líklegri en önnur börn að vera með hegðunarvanda.

Rannsókn Gottfried, Reichard, Guerin, Oliver og Riggio (2011, bls. 510–519) sýndi að góð félagshæfni virðist tengjast leiðtogahæfni. Þessi hæfni lýsir sér meðal annars í því að geta skilið óyrt samskipti, skilið misjöfn hlutverk og mismunandi félagslegar aðstæður auk getunnar til að stjórna tilfinningum sínum.

Rannsókn Rhoades, Warren, Domitrovich og Greenberg (2011, bls. 182–191) leiddi í ljós að tengsl væru milli góðrar félagshæfni og námsárangurs. Börn með góða félagshæfni eru líklegri en önnur börn til að vera vel liðin meðal jafnaldra og eru ólíklegri að sýna hegðunarörðugleika. Rannsókn sem Juvonen, Wang og Espinoza (2011, bls. 152–173) gerðu, leiddi í ljós, að börnum sem er hafnað eða lögð í einelti, eru í meiri hættu að flosna upp í námi og þeim hættir við að eiga við sálræn vandamál að stríða síðar. Rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Fjölvars D. Rafnssonar (2002, bls. 227–240) sýndi að börn, sem eru árásargjörn í félagahópnum, eru í áhættuhópi hvað varðar aðlögun í þjóðfélaginu síðar í lífinu. Þetta er samhljóma niðurstöðum sem Merz og McCalls (2010, bls. 459) og Rijk, Hoksbergen, René og Laak (2010, bls. 233–234) gerðu sem sýndu að börn, sem eru

ættleidd eftir 18 mánaða aldur, eru líklegri til að eiga við hegðunarvandamál að etja en börn sem ættleidd eru fyrr. Í rannsókn Zeanahs og félaga (2011, bls. 819–833) kom fram að börn, sem hefðu dvalið á stofnunum og sætt alvarlegri tilfinningalegri vanrækslu í frumbersku, væru líklegri en önnur börn að eiga í erfiðleikum með tjáskipti án orða en það hélst í hendur við lengd stofnanavistar. Rannsókn Barcons, Abrines, Sartinis, Fumadó og Marre (2012, bls. 955–961) leiddi í ljós að ættleidd börn, sem dvalið hefðu á stofnunum, áttu oft í erfiðleikum með að skynja hrynjandina í félagslegum samskiptum, skilja óyrt skilaboð og skorti oft færni í tjáningu án orða sem mætti ef til vill rekja til áfengisneyslu móður á meðgöngu, fyrirburðafæðingar og stofnanavistar.

Í ljósi þessara rannsókna má sjá hversu mikilvægt það er að búa yfir góðri félagshæfni sem skilar sér tvímælalaust í betri lífsgæðum sem minnkar líkurnar á að einstaklingurinn þrói með sér félagslegan og tilfinningalegan vanda. Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að efla félagsfærni nemenda til þess að þeir geti verið virkir í lýðræðislegu þjóðfélagi. Bent er á að nemendur verði að læra að umgangast hver annan í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 32). Rannsakandi hefur ekki fundið margar rannsóknir sem fjalla nákvæmlega um félagsfærni ættleiddra barna en auðvelt er að tengja félagsfærni barna við aðra þroskaþætti sem fram hafa komið hér fyrr í verkefninu að framan. Börn sem dvalið hafa á stofnun fyrstu mánuði eða ár ævi sinnar, geta verið í aukinni hættu á að vera með geðtengslaröskun, ADHD og seinkun á málþroska sem geta haft í för með sér tilfinninga-og hegðunarvanda. Börn með slíkar raskanir skynja oft ekki hvað er félagslega viðeigandi í félagslegum samskiptum og eru líklegri en önnur börn til að eiga í erfiðleikum með tjáskipti án orða sem getur haldist í hendur við lengd stofnanavistar. Þetta eru þættir sem hafa verður í huga þegar hugað er að velferð ættleiddra barna sem hafa dvalið á stofnunum.

7. kafli – Rannsóknin

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir tilgangi rannsóknarinnar, rannsóknarspurningum og hvaða rannsóknaraðferð var beitt. Fjallað verður um framkvæmd rannsóknarinnar og aðferð við gagnasöfnun og úrvinnslu gagna. Einnig verður fjallað um val á þátttakendum, réttmæti og siðferði er lúta að rannsókninni og um leyfi sem fengin voru til rannsóknarinnar.

7.1. Tilgangur rannsóknar og rannsóknarspurningar

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvernig ættleiddum börnum farnast námslega og félagslega á miðstigi og efsta stigi í grunnskóla. Hingað til hefur það ekki verið rannsakað hérlandis svo rannsakanda sé kunnugt um

Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru settar fram:

- a) Hvernig vegnar ættleiddum börnum af erlendum uppruna námslega og félagslega á miðstigi og efsta stigi í grunnskóla?
- b) Hefur aldur þeirra við komuna til Íslands haft áhrif á skólagöngu þeirra?
- c) Hver er þekking kennara á ættleiddum börnum sem hafa dvalið á stofnun?
- d) Hvaðan er vitneskjan fengin?

Gert er ráð fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar varpi ljósi á aðstæður ættleiddra barna í skólakerfinu og að þær megi hafa að leiðarljósi við skipulagningu þjónustuúrræða fyrir þennan hóp.

7.2. Rannsóknaraðferð

Helga Jónsdóttir (2003, bls. 67) talar um að þær rannsóknaraðferðir sem einkum er notast við í rannsóknum í heilbrigðis- og félagsvísindum séu annars vegar meginlegar rannsóknaraðferðir og hins vegar eigindlegar. Það er lykilatriði að rannsakandi hugi vel að því hver sé tilgangur rannsóknar, áður en hafist er handa og spyrji hvernig hann ætlar að haga rannsókninni (Kvale, 1996, bls. 95). Í þessu viðfangsefni er ætlunin að fá fram viðhorf umsjónarkennara um hvernig ættleiddum börnum erlendis frá vegnar náms- og félagslega á miðstigi og efsta stigi í grunnskóla. Eigindleg rannsóknaraðferð hentar þessu viðfangsefni vel og með henni er leitast við að fá viðhorf einstaklinga sem hafa reynslu af viðfangsefninu. Viðtal er eins og samtal sem hefur ákveðinn tilgang (Robson, 1993, bls. 227–229).

Ákvörðun var tekin um að taka hálfopin viðtöl við grunnskólakennara sem búa yfir þekkingu af því að hafa kennt ættleiddum börnum erlendis frá.

Viðtöl eru ein af mikilvægustu gagnasöfnunaraðferðum í rannsóknum í félagsvísindum. Rannsóknargagna er aflað með beinum orðaskiptum rannsakanda og viðmælenda og endurspegla flókin tengsl hugsana, hegðunar, skynjana og tilfinninga viðmælenda. Viðtöl eiga einnig vel við þegar skoðuð eru samskipti, viðhorf, væntingar og gildismat. Ákvörðun um að nota viðtal sem gagnasöfnunaraðferð byggir á því að viðtal muni vera besta aðferðin til að svara rannsóknarspurningunum sem settar voru fram en ekki síst þeim aðferðafræðilegu forsendum sem rannsóknin byggir á (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 67).

Viðtölin felast í samræðum þar sem umræðuefnið er ákveðið af rannsakanda sem ræðir að öðru leyti á jafnræðisgrundvelli við viðmælenda. Leitast verður við að fá svör við spurningum sem snerta ákveðna reynslu, upplifun og hugmyndir hjá viðmælendum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003, bls. 222). Rannsakandinn verður að setja sínar skoðanir til hliðar og skilja reynslu þátttakanda frá hans eigin sjónarmiði (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 73). Virk hlustun er ein af meginforsendum þess að viðtal verði árangursríkt. Sýna þarf hlýju og nærgætni og reyna að samsama sig viðmælandanum með eða án orða. Rannsakandi þarf að gera sér grein fyrir að það er munur á því að heyra það sem hann vill eða býst við að heyra og því sem viðmælandinn segir hverju sinni. Skýran viðtalsramma þarf að setja um viðfangsefnið en þó gefst kostur á ákveðnum sveigjanleika bæði fyrir spyrjanda og viðmælendur. Spurningarnar eru því hugsaðar sem viðtalsrammi og geta breyst lítillaga frá einum viðmælanda til annars (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 75). Viðtöl geta því verið sveigjanleg og persónuleg allt eftir því hver viðmælandinn er og hvernig viðtalið þróast í sjálfu sér. Hitchcock og Hughes (1995, bls. 162–170) benda á, að hálfopin viðtöl veiti möguleika á að kanna viðfangsefnið af meiri dýpt en aðrar aðferðir, t.d. spurningarlistar. Spyrjanda gefst tækifæri til að bregðast við svörum viðmælenda, leita eftir skýringum og hvetur hann til að tjá sig frekar um atriði sem kalla á sérstakan áhuga hjá rannsakanda. Rannsóknarviðtöl verða að hafa skýran tilgang og þarfnast nákvæms undirbúnings (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 74–76). Rannsakandinn verður að vera tilbúinn til að víkka eigin sýn með því að vera opin fyrir því hvað aðrir segja. Litið er á hvern viðmælanda sem veigamikinn einstakling sem miðlar mikilvægum upplýsingum (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 250).

Hitchcock og Huges (1995, 162–170) benda á að rannsakandi geti haft áhrif á þátttakendur með framkomu sinni og látbragði og mikilvægt sé að reyna eftir bestu getu að draga úr þeim áhrifum og gæta hlutleysis. Rannsakandi þarf að gera sér far um að láta

hegðun sína trufla viðtölin sem minnst. Mikilvægt er að viðtölin fari fram á stað þar sem viðmælanda líður vel og verður fyrir sem minnstu áreiti og var slíkt haft í huga við framkvæmd rannsóknarinnar.

7.3. Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru átta umsjónarkennarar og tveir sérkennarar á miðstigi og efsta stigi í grunnskólum. Kennararnir störfuðu við alls 6 grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og höfðu reynslu af að kenna ættleiddum börnum erlendis frá en í mislangan tíma. Allir viðmælendur voru með kennaramenntun og höfðu flestir langa reynslu af því að kenna í grunnskóla en það, ásamt því að hafa kennt ættleiddum börnum, voru þau viðmið sem lagt var upp með við val á viðmælendum. Til að tryggja nafnleynd viðmælanda og gæta trúnaðar er talað um alla viðmælendur í kvenkyni.

7.4. Framkvæmd

Við val á þátttakendum var leitað eftir aðstoð skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og óskað eftir liðsinni umsjónarkennara á miðstigi og efsta stigi sem hafa reynslu af að kenna ættleiddum börnum erlendis frá. Síðan fengu skólastjórar og kennarar sent kynningarbréf um rannsóknina (sjá fylgiskjal I). Haft var samband við viðmælendurna, sem skólastjórar mæltu með, til að finna tíma þar sem viðtölin gætu farið fram. Samþykki var fengið hjá þátttakendum (sjá fylgiskjal II). Viðtölin fóru fram í skólunum í umhverfi þar sem var ró og næði.

Fyrir viðtölin fengu þátttakendur blað í hendur með helstu upplýsingum um rannsóknina, tilgang hennar og hvernig niðurstöður yrðu kynntar. Auk þess var gerð grein fyrir hver bakgrunnur rannsakanda var. Mikilvægt er að gagnkvæmt traust ríki milli rannsakanda og viðmælanda. Viðtölin voru hljóðrituð og voru þau um 30–60 mínútur að lengd. Viðmælendum var gerð grein fyrir upptökunni. Þeir voru fullvissaðir um að nafnleyndar yrði gætt og fyllsta trúnaðar við þátttakendur þannig að ekki væri hægt að rekja upplýsingar til þeirra (Sigurður Kristinsson, 2003, bls. 173). Auk þess koma nöfn skóla ekki fram og viðmælendum var bent á að þeim væri heimilt að draga þátttöku sína til baka hvenær sem væri. Viðmælendur áttu þess kost að lesa viðtalið þegar það var tilbúið til aflestrar og sannreyna niðurstöður (Sigurður Kristinsson, 2003, bls. 172).

7.5. Gagnagreining

Viðtölin voru hljóðrituð, skrifuð nákvæmlega upp og flokkuð eftir innihaldi og þemum áður en hægt var að skrifa skýrslu um rannsóknina (Sigurlína Davíðsdóttir,

2003, bls. 223). Hitchcock og Hughes (1995, bls. 172–173) benda á mikilvægi þess að greina gögn í samræmi við markmið rannsóknar. Annars er hætt á að rannsóknin verði ómarkviss. Hinn ritaði texti var lesinn tvisvar til þrisvar til að fá heildarmynd af reynslu viðmælandans og leitað var eftir samsvörun, mynstri og meginþemum úr viðtölunum. Rannsakandinn reyndi að finna að meginþætti í viðtölunum, greindi þætti, sem gengu eins og rauður þráður í viðtölunum og dró ályktanir af merkingu þeirra. Þá voru niðurstöður skrifaðar upp og vitnað í viðmælendur þegar það þótti varpa skýrara ljósi á niðurstöðurnar. Reynt var að gera viðfangsefninu eins trúverðug skil og hægt var (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 255–259).

7.6. Réttmæti og áreiðanleiki

Talið er að ákveðin atriði tryggi réttmæti og var leitast við að fylgja þeim eftir. Mikilvægt er að rannsakandi geri grein fyrir eigin reynslu og bakgrunni og hvaða hagsmuni hann hafi af rannsókninni. Hluti af bakgrunni rannsakandans eru þær aðferðafræðilegu forsendur sem hann byggir á. Einnig þarf að gera þær ákvarðanir, sem snúa að viðtölunum, sem gagnsæjastar. Með því að gera gagnsöfnunina gagnsæja er talið að lesandi rannsóknarinnar geti lagt mat á réttmætið (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 80). Kvale (1996, bls. 289) bendir einnig á að ef vel er staðið að undirbúningi, skipulagi og vinnubrögðum má tryggja trúverðugleika. Helga Jónsdóttir (2003, bls. 80) vekur athygli á að huga þurfi að fleiri atriðum sem snúa að réttmæti eins og til dæmis hvernig viðmælendum tekst að tjá sig. Einnig þarf að aðgæta hvort tjáning þeirra endurspeglir raunverulega þá merkingu sem þeir leggja í svarið við því sem þeir eru spurðir um. Rannsakandi hefur því leitast við að fylgja þeim aðferðarlegu forsendum sem lagt var upp með í upphafi. Jafnframt hefur verið reynt að gera rannsóknarferlið gagnsætt á þann hátt að auðvelt er að sjá skipulag og framkvæmd rannsóknarinnar.

Réttmæti og trúverðugleiki rannsókna veltur að hluta til á hversu vel rannsakanda tekst að vinna úr og setja fram niðurstöðurnar. Aðferðafræðileg færni, næmleiki, þekking og nákvæmni rannsakanda skiptir þar miklu máli (Sigríður Halldórsdóttir 2003, bls. 259; Sigurlína Davíðsdóttir 2003, bls. 234).

Nákvæm, fjölbreytt og tæmandi gögn eru hornsteinn réttmætis rannsóknargagna og hafa þarf í huga að rannsakandi þarf að vinna að rannsókninni af heilindum (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 79–80). Áréttað skal að þessari rannsókn er fyrst og fremst ætlað að greina frá reynslu og viðhorfum tíu grunnskólakenna. Það sem viðmælendur sögðu með eigin orðum og án orða ásamt túlkun rannsakanda gerði mögulegt að draga upp þá mynd sem fram kemur í næsta kafla.

Rétt er að vekja athygli á nokkrum takmörkunum þessarar rannsóknar. Annmarkar rannsóknarinnar geta legið í því hversu lítil hún er. Viðmælendur eru tíu kennarar með mislanga reynslu af því að kenna ættleiddum börnum erlendis frá. Slíkt getur haft áhrif á niðurstöðurnar án þess að hægt sé að fullyrða um slíkt. Annar annmarki er að raddir foreldra og nemenda koma ekki fram. Full þörf væri á því að gera heildstæða rannsókn sem tæki til fleiri sjónarhorna. Rannsóknin kemur því einungis fram sem upplifun og reynsla kennara af því að kenna þessum hópi barna í bekknum sínum. Hafa verður hugfast að mörg viðgangsefni er varða ættleidd börn hafa marga snertifleti og því ekki víst að allir þættir málsins hafi verið nægilega reifaðir í viðtölunum. Enda þótt viðmælendur hafi verið fúsir til að ræða málin af mikilli alvöru gafst ekki tími til að brjóta allt til mergjar þótt sum viðtöl hafi tekið um eina klukkustund.

Niðurstöður geta gefið vísbendingar um hvernig ættleiddum börnum erlendis frá gengur náms- og félagslega á miðstigi og efsta stigi grunnskóla en ekki er hægt að alhæfa út frá svo smáu úrtaki. Samkvæmt eðli eigindlegra rannsókna er ljóst að þessi rannsókn endurspeglar fyrst og fremst reynslu og upplifun þeirra sem tóku þátt í henni. Þó má ætla að draga megi ályktanir út frá niðurstöðunum og velta upp atriðum til umhugsunar fyrir lesendur og þá er málin varða.

7.7. Siðfræði

Eigi rannsókn að geta staðið undir nafni þarf hún að uppfylla siðferðilegar kröfur ekki síður en aðferðafræðilegar. Rannsóknir verða að grundvallast á fjórum meginreglum sem eru: sjálfstæði, skaðleysi, velgjörðir og réttlæti (Sigurður Kristinnsson, 2003, bls. 161–163). Ríkja þarf gagnkvæm virðing og traust milli rannsakanda og viðmælenda.

Þar sem mikið er lagt upp úr siðferðilegum þáttum verður nöfnum viðmælenda haldið leyndum, eins og áður hefur komið fram, bæði vegna þess að hér er um viðkvæm og flókin mál að ræða og nafnleynd og trúnaður hefur auk þess auðveldað viðmælendum að vera hreinskilnir í viðtölum.

Rannsóknin var tilkynnt rafrænt til Persónuverndar en hún er ekki leyfisskyld heldur aðeins tilkynningarskyld (sjá fylgiskjal I). Fram kom í tilkynningu að ekki væri um persónugreinandi gögn að ræða og ekki yrði hægt að rekja gögn til viðmælenda (sjá fylgiskjal II). Allar upplýsingar, sem fram koma í rannsókninni, eru í samræmi við ákvæði í lögum og reglugerðum þar um (Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr.77/2000). Efni rannsóknarinnar var kynnt fyrir skólastjórnendum og viðmælendum með tölvupósti og síðar í heimsókn í hvern skóla fyrir sig (sjá fylgiskjal III).

8. Niðurstöður

Í þessum kafla er gerð grein fyrir svörum viðmælenda um reynslu þeirra af að kenna ættleiddum börnum erlendis frá sem hafa dvalið þar á stofnun. Viðmælendur voru tíu en viðtölin ellefu þar sem um var að ræða einn kennara sem kenndi tveimur ættleiddum nemendum í mismunandi bekkjum. Viðtölin fóru fram í sex grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Um var að ræða börn sem höfðu dvalið á stofnunum en ekki var vitað með vissu hvort eitt barnanna hefði dvalið á stofnun. Til að gæta trúnaðar er talað um öll börnin sem nemandinn, og talað er um kennara í kvenkyni. Þar sem kennarar nefna kyn barnsins er því skipt út og orðið nemandi sett inn í staðinn. Nemendurnir, sem fjallað var um í rannsókninni, komu frá Asíu, Evrópu og Suður-Ameríku. Ekki verður tekið fram í niðurstöðunum frá hvaða löndum nemendur koma. Ástæðan er ef til vill augljós, en hér er um fámennan hóp að ræða sem er auðþekkjanlegur í okkar litla samfélagi.

Hér á eftir verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Niðurstöðurnar eru flokkaðar í eftirfarandi efnisþætti: Reynsla kennara af að kenna ættleiddum börnum sem hafa dvalið á stofnunum, geðtengsl, ADHD, málþroski, félagsleg samskipti, þekking kennara á ættleiddum börnunum sem dvalið hafa á stofnunum og hvaðan er sú vitneskja er fengin? Tilvitnanir viðmælenda eru fléttaðar inn í niðurstöðurnar til að lesandinn geti betur áttað sig á upplifun þeirra og reynslu. Nöfnum viðmælenda hefur verið breytt og þeim gefin algeng íslensk nöfn. Auður kennari, Ása sérkennari, Bára kennari, Dísá sérkennari, Dúa kennari, Freyja kennari, Guðbjörg kennari, Helga kennari, Lóa kennari og Signý kennari. Rétt er að geta þess að ýmist er vísað í nöfn viðmælenda eða talað um *kennarann*. Það er gert til að minnka líkur á því að viðkomandi þekkist sem um ræðir og þau börn sem um er fjallað.

8.1. Reynsla kennara af að kenna ættleiddum börnum erlendis frá sem hafa dvalið þar á stofnun fyrir ættleiðingu

Í rannsókninni var leitað eftir hver væri reynsla kennara af að kenna ættleiddum börnum erlendis frá sem dvalið hafa á stofnun fyrir ættleiðingu. Flestir viðmælendur höfðu langa reynslu af að kenna nema einn kennari sem kennt hafði í þrjú ár. Talsverð aldursdreifing var á börnunum við ættleiðinguna samkvæmt því sem

kennararnir sögðu; yngstu börnin voru um 6 mánaða gömul en elstu börnin komu til landsins eldri en 24 mánaða gömul samkvæmt upplýsingum frá viðmælendum. Flest barnanna voru ættleidd innan við tveggja ára aldur; á því voru tvær undantekningar um börn sem ættleidd voru eldri en 24 mánaða. Börnin sem um ræðir í rannsókninni, höfðu öll dvalið á stofnunum nema eitt sem ekki var vitað um með vissu, að sögn viðmælanda. Lengd stofnanadvalar er skipt í þrjá flokka hér á eftir og er það gert til að koma í veg fyrir að hægt sé að þekkja einstaklingana sem um er fjallað. Sjö barnanna voru ættleidd við 6–12 mánaða aldur, eitt barn 19–24 mánaða, tvö börn 24 mánaða og eldri. Hjá einu barninu var aldur óþekktur við ættleiðingu.

Reynsla kennara af að kenna ættleiddum börnum var mismunandi eins og eftirfarandi tilvitnanir bera með sér:

Er búin að vera með tvo ættleidda nemendur sem eru gjörólíkir, annar er toppnemandi og það er sama hvað hann tekur sér fyrir hendur. Hann er góður í öllu og hefur alla burði til að komast langt. Hinn nemandinn á við mikla erfiðleika að stríða. Báðir [nemendur] voru ættleiddir innan við eins árs aldur (Lóa).

Reynsla mín af að kenna ættleiddum börnum er bara nokkuð góð, sérstaklega af þeim sem ég er að kenna núna ... hef hins vegar verið með ættleidd börn þar sem ekki hefur gengið jafn vel og nú. Ég veit svo sem ekkert hver ástæðan fyrir því er. Þessir [nemendur] sem ég er að kenna núna komu mjög snemma, innan við árs gamlir báðir tveir. Ég get ekki séð að þeir séu eitthvað öðruvísi en önnur börn. Hins vegar hef ég upplifað ættleidd börn sem hafa átt við málþroskavanda að stríða sem hefur komið mjög skýrt fram í kringum ellefu til tólf ára aldur. En þessir [nemendur] eru báðir með mjög góðan málskilning (Freyja).

[Nemandinn] var ættleiddur innan við árs gamall... mjög sterkur námslega og félagslega. Á það til að tala fyrir hópinn (Auður).

Bára hafði svipaða sögu að segja:

[Nemandanum] hefur gengið ágætlega ... hugtakaskilningur góður ... finnst hann oft djúpvitur ... Ég er mjög ánægð með hann ... ættleiddur innan við tveggja ára.

Í öðrum tilvikum reyndist róðurinn talsvert þyngri. Dísá sérkennari hafði þetta að segja:

Ja, mín reynsla er sú að þeir eigi oft erfitt uppdráttar í skólanum þótt það sé ekki alltaf ... námsleg staða þeirra er oft slakari en meðaltalið. Félagslega mjög misjafnt. Þessi [nemandi] hefur verið á eftir en gengur tiltölulega vel núna. Það hefur svona gengið upp og ofan bæði námslega og félagslega ... var ættleiddur eftir 24 mánaða aldur. [Nemandinn] fékk sérkennslu í lestri utan skóla en var samt seinn að ná lestrinum. Vildi

ekki þiggja mikla aðstoð fyrr en núna og nýtir sér hana vel. Það er svona misvægi í þroska ... en hann hefur sterkar hliðar.

Sex barnanna höfðu verið talsvert í sérkennslu en þau voru með námsörðugleika og einbeitingarörðugleika. Þau áttu það sameiginlegt að vera undir meðalgreind. Rétt er að árétt, að greindarvísitala nær ekki yfir allar tegundir greinda en sýnir oft ákveðna forspá varðandi námsárangur í framtíðinni. Helga hafði þetta að segja um nemanda sem ættleiddur var innan við tólf mánaða aldur.

Þetta er yndislegur [nemandi] og kurteis. En námslega er hann slakur ... búinn að taka greindarpróf ... en það er líka margt annað ... Ef það eru verkefni sem ég les fyrir hann þá nær hann innihaldinu. Maður þarf að halda honum við efnið ...

Einn viðmælandinn sagði um nemanda sem var ættleiddur innan við 6–12 mánaða aldur:

Fyrstu árin í skólanum ... fannst mér [nemandinn] alltaf vera uppi á borðum og út um allt. Hann er skertur og verður ef til vill aldrei neinn námsmaður og á erfitt með nám ... held að hann hafi verið ættleiddur innan við eins árs aldur.

Niðurstöður sýna að rúmlega helmingur nemendanna, eða sex af ellefu, eiga við námsvanda að stríða meðan fimm nemendanna, sem um ræðir, standa öðrum nemendum fyllilega jafnfætis námslega.

8.2. Geðtengsl

Eins og fram kom í þriðja kafla hafa erlendar rannsóknir sýnt að erfiðleikar við myndun geðtengsla eru nokkuð algengir meðal barna af stofnunum sem getur leitt til þess að barn eigi í erfiðleikum með samskipti við uppalendur og jafnaldra. Hér var leitast við að bregða ljósi á hver væru tengsl nemenda við foreldra, kennara og bekkjarfélaga. Fram kom að meginþorri nemenda, eða níu af ellefu, höfðu myndað góð geðtengsl við foreldra að mati viðmælenda.

8.2.1. Geðtengsl við foreldra

Kennararnir voru spurðir um hver tengsl nemenda þeirra væru við foreldra og kom fram að meiri hluti nemenda, eða níu af ellefu, voru í góðum tengslum við foreldra sína nú orðið að mati kennaranna. Lóa sagði um nemanda sem ættleiddur var innan við 12 mánaða aldur:

Tengslin við foreldra eru mjög góð ... það eru mikil tengsl á milli þeirra og [nemandinn] virðist treysta foreldrum sínum vel og talar við þau um hvað sem er ...

Dísa sagði um nemanda sem ættleiddur var eldri en 24 mánaða að hún héldi að hann væri í góðum tengslum við foreldra sína. Bára hafði svipaða sögu að segja um nemanda sem ættleiddur var innan við 24 mánaða aldur:

Held að tengslin séu góð ... en ég veit að móðirin hefur áhyggjur því hún veit ekki hvað [nemandinn] gekk í gegnum fyrstu mánuðina eða árin ...

Viðhorf fjögurra viðmælenda skáru sig nokkuð úr því sem heyrðist í öðrum viðtölum. Freyja talaði um órugg geðtengsl og minntist barna sem hún hafði kennt og verið ættleidd innan við tveggja ára, dvalið lengi á stofnunum. Með tímanum höfðu börnin tekið miklum framförum og myndað tilfinningasamband við foreldra:

Það var engin tengslamyndun eins og maður segir, þau vissu ekkert „hver á mig“. Þau hefðu getið verið með 100 manns í herbergi og voru tilbúin að sitja hjá þeim öllum ... Þetta var voða sætt og krúttlegt og maður hugsaði: „Ó, þau vilja helst vera hjá mér.“ Svo sagði móðirin: „Ekki taka þau upp“ ...Maður fór að hugsa: „Auðvitað verður barnið að byrja á því að byggja upp traust geðtengsl [við sína foreldra].“ Þetta var svo sláandi... þau hefðu þess vegna getað farið út með næsta ókunnuga manni ... maður hafði það á tilfinningunni að þau hefðu verið reyrd ... en svo rjátlaðist þetta af börnunum. Það var líka þetta hömluleysi sem var erfitt, eins og til dæmis að borða og borða.

Guðbjörg taldi að hennar nemanda hefði aldrei tekist að mynda djúp geðtengsl við foreldra sína en nemandinn var eldri en 24 mánaða gamall þegar hann var ættleiddur:

Ég held að það sé hlutur sem [foreldrar] hafi alla tíð reynt að vinna með... en aldrei náðst fyllilega ... það held ég ekki eins og maður þekkir. Það er afar vel um hann hugsað á allan hátt og mikið gefið í en það hefur verið erfitt á köflum [andvarpar mæðulega], mjög erfitt

Annar nemandi sem ættleiddur var innan 12 mánaða aldur átti í erfiðleikum að mynda sterk tengsl við foreldra að sögn viðmælenda.

Samkvæmt þessum niðurstöðum eru skert geðtengsl við foreldra ekki áberandi í hópi þeirra nemenda, sem hér um ræðir, að sögn kennara. Þar sem ekki var rætt við foreldra er ekki hægt að alhæfa um geðtengsl ættleiddra barna út frá svörum kennara. Tveir nemendur áttu í erfiðleikum að mynda góð tengsl við foreldra. Nemandi, sem ættleiddur var eldri en 24 mánaða gamall, sýnir augljóslega erfiðleika að mynda góð geðtengsl við foreldra og taldi kennarinn að það héldist í hendur við lengd stofnanadvalar og ef til vill aðra áhættuþætti eins og vannæringu, fyrirburafæðingar og áfengisneyslu móður á meðgöngu. Annar nemandi, sem var

ættleiddur innan 12 mánaða aldurs sýnir einnig örðugleika varðandi tengsl að mati kennara.

8.2.2. Tengsl við kennara og bekkjarfélaga

Aðspurðir um hver tengsl barnanna við kennara og bekkjarfélaga voru kom fram að rúmlega helmingur, eða sex af ellefu nemendum, virtust vera í ágætum tengslum við kennara og bekkjarfélaga. Eftirfarandi tilvitnanir viðmælenda í ólíkum skólum lýsa þessu vel:

Báðir þessir nemendur, sem ég kenni, eiga góða vini og stóran vinahóp en lenda stundum í vanda eins og aðrir nemendur. En mér hefur aldrei dottið í hug að það væri af því að þeir væru ættleiddir – það hefur ekki komið upp í hugann. Það hefur bara verið þessi venjulegi núningur sem kemur alltaf upp hjá krökkum. Eins og: „ég vil vera vinur þessa og hann vill ekki vera vinur minn.“ Þetta er bara eins og allir krakkar lenda í.

[Nemandinn] er sterkur félagslega og er í góðum tengslum við kennara og á góða vini.

[Nemandinn] er rólegur, enginn vandræðagangur í honum og er ofsalega vel liðinn.

Ofangreindir nemendur eiga það sameiginlegt að vera ættleiddir innan við tólf mánaða aldur. Í öðrum tilvikum reyndist róðurinn þyngri. Einn viðmælandi lýsti áhyggjum sínum af nemanda sem ættleiddur var innan við 12 mánaða aldur. Hún talaði um að nemandinn ætti það til að sækjast beinlínis eftir aðstæðum sem bjóða hættunni heim. Nemandann skortir hömlur í samskiptum við ókunnuga og gæti þess vegna farið upp í bíl með þeim án þess að skilja afleiðingarnar eða eins og hún orðaði það:

Það er eitt sem ég hef þurft að ræða við [nemandann] en það er að maður kyssir ekki fólk nema að það vilji það sjálft.

Sami viðmælandi hafði jafnframt orð á því að nemandinn ætti oft í erfiðleikum í samskiptum við bekkjarfélaga:

[Nemandinn] eignast ekki auðveldlega vini. Hann getur verið í hópnum eða í leikjum en myndar ekki tengsl ... eða leitar í eitthvað sem er mjög spennandi eða bannað.

Í einu tilviki var um að ræða nemanda sem virtist óeðlilega feiminn og ómannblendinn og forðaðist samskipti við aðra. Ekki er vitað hvað nemandinn var gamall við ættleiðingu. Þá var dæmi um nemanda sem greindur var á einhverfurófi

auk þess að vera greindur með ADHD. Nemandinn hafði verið ættleiddur innan við 12 mánaða gamall:

Erfiðleikar [nemandans] koma fram í málþroskavanda, námserfiðleikum og félagserfiðleikum sem birtast í því að hann á erfitt með að tengjast í leik og starfi.

Nemendur sem voru ættleiddir eftir 24 mánaða aldur, virtust eiga erfiðara með að mynda tengsl við bekkjarfélaga og kennara. Eins og fram kemur í eftirfarandi tilvitnunum:

Það hefur verið mjög misjafnt ... er mjög jákvæður núna og var það líka á yngsta stigi. Á tímabili átti hann í erfiðleikum í samskiptum. Kom fram í óþægilegri framkomu við kennara ... Það kom fram hjá sálfræðingi að um aðskilnaðarkvíða væri að ræða sem kom fram í erfiðri hegðun. Hefur stundum lent í vandræðum varðandi vini en er betur staddur núna.

Annar kennari sagði um nemanda sem ættleiddur var eldri en 24 mánaða gamall:

[Nemandinn] er með þroskafrávik, tilfinningarvanda og hegðunarerfiðleika. Ég er búin að vera með mörg börn á einhverfurófinu og það er mikið í [nemandanum]. Það þarf allt að vera í réttri röð og mikið utanumhald ... nær ekki hlutunum og á erfitt með að lesa í umhverfið.

Á þessu var ein undantekning, nemandi sem ættleiddur var innan við 24 mánaða gamall:

[Nemandinn] kemur sér alls staðar vel og öllum þykir vænt um hann og finnst gott að vera í návist hans. Hann er gjarnan settur í ábyrgðarstöður innan skólans; hann er með mjög góða útgeislun. En hann hefur oft áhyggjur ...

Á heildina litið virðast nemendurnir vera í góðum tengslum við kennara og bekkjarfélaga að sögn viðmælenda. Fimm nemendur eiga erfiðara með að mynda félagstengsl og áttu erfitt með að lesa í aðstæður. Tveir þeirra voru ættleiddir innan við 12 mánaða aldur og annar þeirra er á einhverfurófi. Tveir nemendur, sem ættleiddir voru eftir 24 mánaða aldur, virtust eiga það sameiginlegt að eiga í erfiðleikum með að mynda tengsl við bekkjarfélaga og kennara. Ekki er vitað hversu gamall einn nemandinn var við ættleiðingu en að sögn kennara var hann óeðlilega feiminn og virtist eiga erfitt að mynda tengsl við kennara og bekkjarfélaga.

8.3. Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD)

Hérna verður gerð grein fyrir því hvernig erfiðleikar nemenda með ADHD birtast í rannsóknargögnum. Í viðtölum við kennara kom fram að rúmlega helmingur nemenda, sex af ellefu, voru greindir með ADHD og námserfiðleika auk þess sem sumir glíma við kvíða og mótþróa í mismiklum mæli. Þessir nemendur höfðu verið í sérkennslu og voru með skerta greind. Tveir þeirra voru ættleiddir innan við tólf mánaða aldur. Einn kennarinn sagði:

Væg þroskaröskun, greindur með ADHD og á það til að festast í þráhyggju ...

Annar kennarinn sagði:

Þetta er yndislegur [nemandi] ..., greindur með ADHD, var afskaplega trekktur fyrstu árin í skólanum. Á erfitt með að einbeita sér.

Þriðji nemandinn var ættleiddur eldri en 24 mánaða:

Lág greindarvísitala, ofan á það bætist ADHD, mótþróröskun og þroskaskerðing. Þessi mótþróröskun var mikil þegar hann var yngri en svo rjátlaðist það af honum. Hann var ekki með sama námsefni í neinu og slakari í öllum námsgreinum og bekkjafélagar hans.

Fram kom í rannsóknargögnum að einkenni athyglisbrests virtust meira áberandi en ofvirknieinkenni. Einn kennarinn sem kennt hafði nokkrum ættleiddum börnum í gegnum tíðina, hélt því fram að það væri oft einkennandi fyrir börn sem dvalið hefðu á stofnun að þau ættu erfitt með að halda athygli við námið. Eftirfarandi tilvitnanir endurspeglar þennan vanda hjá tveim nemendum sem ættleiddir voru innan við 12 mánaða gamlir.

Athyglin er ekki mikil og hann þarf stíft aðhald en stendur sig vel í því sem er einfalt en þegar hlutir verða flóknir vefst það svakalega fyrir honum. Hann er með greiningu sem er vottur af athyglisbresti, á erfitt með að læra en stendur sig mjög vel ef allt er klippt og skorið...Varðandi rökhugsun gengur honum mjög illa ... (Signý).

Hann er ekki ofvirkur en er með athyglisbrest og á erfitt með að halda sér við efnið (Helga).

Einn kennari sagði um nemanda sem ættleiddur var eldri en 24 mánaða gamall:

Hann hefur verið greindur með væga dyslexíu, sem háir honum, og hann er á mörkum að vera með ADHD, aðallega athyglisbrest en hann er ekki ofvirkur ... ættleiddur eldri en 24 mánaða gamall (Dísa).

Eins og fram kemur eru einkenni ADHD algeng hjá þessum ættleiddu börnum sem koma erlendis frá. Niðurstöður sýna að ekki er fylgni milli aldurs ættleiðingar og athyglisbrests með ofvirkni hjá mörgum þessara nemenda. Fjórir nemendur, sem greinst hafa með ADHD, voru ættleiddir innan tólf mánaða aldurs. Athyglisvert er, að einkenni athyglisbrests virtust vera meira áberandi en ofvirknieinkenni.

8.4. Málþroski

Viðmælendur voru spurðir hvernig málþroski nemendanna væri. Fram kom að rúmlega helmingur nemenda, eða sex af ellefu, átti við málþroskavanda að stríða að þeirra mati. Einn kennarinn talaði um að það sem væri sérstakt við ættleiddu börnin væri tungumálið og máltakan. Hún sagðist þekkja það af fenginni reynslu af að hafa kennt ættleiddum börnum. Munurinn að hennar mati væri skerandi, einkum hjá börnum sem hefðu dvalið lengi á stofnunum. Það kæmi fram í því að þau hefðu verið vanrækt og farið á mis við örvun og ást. Hún hélt áfram og sagði:

Ég hef upplifað ættleidd börn sem hafa átt við málþroskavanda að stríða sem hefur komið mjög skýrt fram í kringum ellefu til tólf ára aldur sem hafði í för með sér að þau fóru að dragast aftur úr í námi og lentu í námserfiðleikum.

Kennarar sögðu að flestir nemendur, sem þeir hefðu kennt, væru góðir í „daglegu máli“ en fimm góðir í svokölluðu „skólamáli“. Heitið skólamál nær til formlegrar málnotkunar og máls sem notað er í námi. Að sögn kennara var einkennandi fyrir þá nemendur sem hér um ræðir að flestir foreldrar höfðu verið duglegir að lesa fyrir börnin þegar þau voru yngri. Í þeim tilvikum, þar sem um alvarlega erfiðleika var að ræða, dugði það ekki alltaf til.

Af ellefu nemendum reyndust fimm vera með góðan málþroska að mati kennara. Þrír nemendur skáru sig úr hvað snerti góðan málþroska og voru sterkir námsmenn. Þeir áttu það sameiginlegt að vera ættleiddir innan við 12 mánaða aldur. Einn kennarinn lýsti þessu þannig:

Hann er toppnemandi í íslensku hjá okkur ... með djúpa og góða máltilfinningu og hefur náð góðum tókum á lesskilningi.

Annar kennarinn talaði um að nemandinn talaði gott mál og ætti auðvelt með að tjá sig:

Mjög vel settur, talar mjög gott mál. Hann er sterkur námslega, það er sama í hverju. Hann er mjög duglegur í stærðfræði og íslensku.

Dæmi var um nemenda, sem ættleiddur var innan við 24 mánaða aldur, virtist hafa góðan málþroska og reyndist meðalgóður námsmaður, að sögn kennara:

Málþroskinn er góður, ef til vill einhver vandamál í stafsetningu en ekkert alvarlegt ... hugtakaskilningurinn ágætur ... orðaforðinn góður. Það hefur örugglega verið lesið talsvert fyrir [nemandann] sérstaklega þegar hann var yngri. Ég er mjög ánægð með hann. Það eru stundum kannanir og það er greinilegt að það er tekið vel á þessu heima og hann fær góðar einkunnir.

Að sögn viðmælenda voru sex nemendur verulega á eftir í málþroska. Af þeim voru fjórir nemendur sem ættleiddir voru innan við 12 mánaða aldur. Einn kennarinn sagði:

Málkilningurinn er mjög slakur. Það eru ótrúlegustu orð sem hann skilur ekki og þegar kemur að þessu skólamáli dettur hann út. Hann les ágætlega en skilur ekki það sem hann er að lesa.

Börn, sem ættleidd voru eftir 24 mánaða aldur, áttu það sameiginlegt að eiga við málþroskavandamál að stríða og erfiðleika með samskipti án orða í ríkari mæli, en önnur börn. Vandi þeirra endurspegladist í námserfiðleikum. Guðbjörg sagði:

Málkilningur ... slakari en hjá jafnöldrum ... skilur illa orð og var að lesa yngsta stigs og miðstigs efni sem maður reyndi að uppfæra. Góður í daglegu máli en slakur í skólamáli. Hugtakaskilningur slakur og erfiðleikar í stærðfræði ...

Dísa sérkennari hafði þetta að segja um nemanda sem ættleiddur var eftir 24 mánaða aldur:

Finnst hann oft skynsamur í röksemdarfærslum en málkilningurinn og orðaforðinn er ekki mikill. Hugtakaskilningur er ekki góður og heldur ekki vinnsluminni. Það er svona misvægi í þroska. Hann þarf einstaklingsútskýringar ...

Niðurstöður sýna að munurinn á málþroska ættleiddra barna er talsvert mikill og spannar í raun allt frá góðum málþroska til alvarlegri málþroskavanda. Fjórir nemendur sem hafa góðan málþroska, hafa flestir verið ættleiddir innan við 12 mánaða aldur og hafa augljóslega fengið talsverða örvun frá sínu nánasta umhverfi að sögn kennara. Fjórir nemendur sem ættleiddir voru innan við 12 mánaða aldur, eiga við málþroskavanda að stríða. Tveir nemendur sem ættleiddir voru eftir 24 mánaða aldur, áttu það sameiginlegt að eiga við málþroskavandamál og félagsleg samskipti án orða að etja í ríkari mæli en önnur börn. Á því var ein undantekning,

þ.e. um nemanda sem ættleiddur var innan við 24 mánaða gamall og virtist vera með góðan málþroska, að sögn kennara.

8.5. Félagsleg samskipti

Hérna verður gerð grein fyrir hvernig nemendum vegnaði félagslega eins og það birtist viðmælendum. Einnig verður komið inn á litarhátt, styrkleika og veikleika nemendanna og samskipti foreldra við skóla. Flestir nemendurnir voru virkir í tómstundum, bjuggu við góð félagsleg skilyrði og áttu sum börnin talsvert vel menntaða foreldra, að sögn kennara. Viðmælendur töldu að rúmlega helmingur nemenda, sex á móti ellefu, hefðu átt í örðugleikum með félagsleg samskipti en fimm á móti ellefu höfðu góða félagshæfni. Í langflestum tilvikum var fylgni milli góðrar félagshæfni og aldurs við ættleiðingu. Dæmi eru um góða félagshæfni hjá nemendum sem ættleiddir voru innan við 12 mánaða aldur. Jákvæðni og hlýja gagnvart nemendum var áberandi hjá kennurunum. Eftirfarandi tilvitnanir viðmælenda í fjórum ólíkum skólum lýsa þessu vel. Einn kennarinn sagði:

....opinn og skemmtilegur og þroskaður ... mjög sterkur námslega, hægur, rólegur og með mikið jafnaðargeð. Getur setið hjá hverjum sem er og mætt þeim þar sem þeir eru staddir. Ef það er slakur nemandi þá er hann farinn að hjálpa. Ef það er einhver óþekkur getur hann horft í gegnum óæskilega hegðun og lætur ekki auðveldlega truflast af því, að hann er, sko, mjög fínn nemandi.

Annar kennarinn hafði þetta að segja:

Held að [nemandinn] hafi verið innan við árs gamall þegar hann kom eitthvað svoléiðis ... ofsalega vel liðinn. Hann er hraustur, sterkur félagslega og í íþróttum mjög flottur ... þetta er svona eintak sem allir mundu vilja eiga.

Þriðji kennarinn sagði:

Þessi [nemandi] er alveg einstaklega vel gerður, mjög sterkur félagslega ... Sterkur einstaklingur; krakkarnir mundu ekki voga sér að hjóla í hann.

Á þessu er ein undantekning en það er nemandi sem ættleiddur var innan við 24 mánaða aldur. Bára talaði um að nemandinn hefði sterka félagshæfni sem kæmi fram í því að hann hefði hæfileika til að miðla málum, sýndi samkennd og hjálpssemi. Hún sagði:

Æðislega góður sem vill að öllum líði vel, er mjög umhyggjusamur en viðkvæmur. Krakkarnir segja stundum að hann sé stjórnsamur en hann

kemur sér alls staðar vel. Öllum þykir vænt um hann og finnst gott að vera í návist hans. Hann er með góða útgeislun ... oft valinn í ábyrgðarstöður.

Auður var hugsi yfir félagshæfni eins nemandans sem ættleiddur var rúmlega sex mánaða gamall:

Sko,... það gengur ágætlega. Ég segi ágætlega því [nemandinn] er að eldast og ég sé mun. En maður veit ekki hvernig það gengur þegar hann verður eldri. Hann fylgir hópnum er rólegur, yndislegur krakki og kurteis, ef til vill ekki nógu frekur og ber sig ekki nógu vel eftir björginni.

Sumir nemendur áttu við djúpstæðari vanda að stríða sem birtist í slakri félagshæfni og leitað hafði verið til sérfræðinga um stuðning og ráðgjöf. Ása sérkennari talaði um nemanda sem hafði verið ættleiddur innan 12 mánaða aldurs og hefði átt í félagslegum erfiðleikum frá því að hann var í leikskóla. Í einu tilviki var um að ræða nemanda sem var gagntekinn af vanmáttartilfinningu. Þessi sami nemandi hafði verið ættleiddur innan við 12 mánaða aldur. Kennarinn sagði:

[Nemandinn] hafði mikla minnimáttarkennd og hefur ennþá ..er alltaf að brjóta sig niður, segist vera ljótur, ómögulegur, geti, kunni ekkert og sé svo lélegur.

Dúa talaði um nemanda, sem stæði sig vel námslega, en hafði áhyggjur af því hvað hann var áhugalaus og fáskiptinn gagnvart öðru fólki. Hún taldi þetta hafa hindrað samskipti nemandans við aðra nemendur. Aðspurð sagðist hún ekki vita á hvaða aldri hann var þegar hann var ættleiddur.

Fram kom hvernig vanlíðan og öryggisleysi nemenda komu fram í hegðun þeirra og gjörðum sem birtist í hegðunarörðugleikum, mótþróa og kvíða. Kennarinn lýsti þessu á eftirfarandi hátt og átti við nemanda sem ættleiddur var eftir tveggja ára aldur:

Miklir félagslegir og andlegir erfiðleikar alla tíð ... skapofsaköst, þvermóðska neitaði að gera hlutina. Erfiðleikar við samskipti við samnemendur sína ... kunni illa samskipti og þegar þessi skapofsaköst komu var það erfitt... en hann átti alltaf vini ... hann átti erfitt með að lesa í umhverfið. Bekkjarafélagar hans hafa verið afskaplega góðir við hann ... en eftir að hann kom á unglingastigið fór að ganga mun betur. Hann hefur tekið svo miklum breytingum, sérstaklega félagslega.

Dísa sérkennari minntist nemanda sem hún hafði kennt fyrir nokkrum árum og var ættleiddur um tveggja ára aldur: „Hann féll ekki inn í hópinn, það voru einhver trúðslæti í honum. Hann skildi ekki húmorinn og átti erfitt með að lesa í umhverfið“.

Hún talaði um, að nemandinn sem hún væri að kenna núna, hefði verið ættleiddur eftir 24 mánaða aldur og hefði á tímabili verið með uppgjöf gagnvart skólanum en allt gengi miklu betur núna. Það hefði verið alltaf verið haldið vel utan um hann heima. Hún hélt áfram og sagði:

Sko, hann hefur stundum lent í vandræðum. Það hafa stundum komið upp vandamál með vini. Hann er tryggur en er betur staddur núna. Þetta kom fram í neikvæðni og óþægilegri framkomu.

Einn kennarinn talaði um nemanda sem ættleiddur var innan við tólf mánaða aldur; hann væri afar hvatvís og ætti það til að sýna ósættanlega hegðun. Hann skorti félagsþroska, að mati kennarans, sem birtist í því að hann ætti erfitt með að skilja óyrt skilaboð og misskildi oft samskiptin. Þar af leiðandi féll hann illa í hópinn. Hann átti einnig erfitt með að fylgja reglum og samlagast bekkjarfélögum. Hún sagði:

[Nemandinn] er svo ör... Krökkunum finnst hann svo hvatvís og hann segir hluti, sem passa ekki, og á erfitt með að lesa í umhverfið. Lítið dæmi nýlega: Ég var að segja við hann: „Svona segir maður ekki við fólk“. Jú, hann hlustaði en eftir örlítinn tíma kom hann grátandi inn; þá höfðu krakkarnir farið, að stríða honum með því að hann skyldi segja þessa hluti því félagshæfni [nemandans] er svo léleg.

Í sama viðtali kom fram að félagslegir erfiðleikar hvíldu þungt á foreldrum.

Þau verða oft miður sín að geta ekki hamið [nemandann], að hann sé að segja hluti sem eru óæskilegir. Ég held að þau leggi sig mjög fram, þau eru sko mjög „normal“. Honum er annt um þau og er ekki sama að þau frétti að hann sé gera einhverjar vitleysur í skólanum.

Niðurstöður leiddu í ljós að rúmlega helmingur nemenda, sex á móti ellefu, áttu í örðugleikum með félagsleg samskipti meðan fimm af ellefu nemendum voru sterkir félagslega, áttu góðan vinahóp, voru vel liðnir meðal jafnaldra og jafnvel virkari í félagsstarfi en almennt gerðist hjá jafnöldrum þeirra. Í mörgum tilvikum mátti sjá fylgni milli góðrar félagshæfni og aldurs við ættleiðingu þótt á því væru undantekningar. Börnin, sem ættleidd voru eftir 24 mánaða aldur, voru með slakari félagshæfni almennt en þau börn sem ættleidd voru innan 12 mánaða aldurs. Báðir nemendurnir, sem ættleiddir voru eftir 24 mánaða aldur, tóku miklum framförum félagslega þegar leið á skólagönguna.

8.5.1. Uppruni og litarháttur

Nokkrir viðmælendur höfðu orð á því að fyrra bragði að sumir nemendur væru viðkvæmir fyrir litarhætti sínum. Einn kennarinn sagði:

Þetta er sætur krakki með svart hár en hann er viðkvæmur fyrir því. Einu sinni sagði ég við hann. „Ég vildi að ég hefði svona svart og fallegt hár eins og þú.“ Þá sagði hann við mig: „Ég er ekki með svart hár, ég er með dökkbrúnt hár ...“

Nokkrir kennarar höfðu áhyggjur af því að börnin ættu eftir að lenda í aðkasti vegna uppruna og litarháttar síns. Freyja velti þessu talsvert fyrir sér og talaði um að það væri talsvert um fordóma gagnvart lituðu fólki, einkum þegar ofar dregur í skólakerfinu. Hún benti á að miðað við kannanir, sem hefðu verið gerðar varðandi í meiri hættu. Það væri auðvelt að segja í reiðikasti „kakóstrákur“ eða „hrísgrjónastrákur“ af því þau væru dekkri á hörund. Hún benti á að kynþáttur ættleiddra barna gæti haft áhrif á líf þeirra þar sem þjóðfélagið kæmi stundum öðruvísi fram við þau en börn sem ekki eru dökk á hörund.

Freyja bætti við síðar:

Það eina sem ég hef áhyggjur af ættleiddu, lituðu börnunum er að þau muni standa frammi fyrir árekstrum að því þau eru lituð. Flest ættleiddu börnin hafa sterkara bakland en innflytjendabörnin ... svo er það þessi menningarmunur sem kemur fram hjá mörgum innflytjendum.

Einn kennarinn talaði um, að það væri ekki einungis litarhátturinn og uppruninn sem hún hefði áhyggjur af, heldur „þetta samspil hvatvísar og litarháttar“ sem gæti komið nemandanum í vandræði síðar meir. Hún vék einnig að því að sumir nemendurnir væru mjög smávaxnir og það gæti valdið ákveðinni minnimáttarkennd þar við bættist að ef þeir væru á eftir vitsmunalega væri mjög auðvelt fyrir þá að missa kjarkinn þegar þeir finna vanmátt sinn. Hins vegar sagði Auður:

Krakkarnir í bekknum eru löngu hættir að velta litarhættinum fyrir sér. Þetta eru börn sem alin eru upp á íslenskum heimilum. Það væri ekki nema ef einhver ókunnugur kæmi inn í bekkinn og sæi þá. Þessir [nemendur] eiga mjög góð heimili sem standa vel á bak við þá og það er sko ekkert gefið ... Þetta eru heilbrigðir ungir íslenskir krakkar.

Fram kom hjá einum viðmælanda að hennar nemandi talaði mjög opið og eðlilega um uppruna sinn og hikaði ekki við að segja krökkunum sínar aðstæður. Hann ætti auðvelt með að tjá sig og hefði mikið sjálfstraust.

Nokkrir viðmælendur töldu að sumir nemendur væru viðkvæmir fyrir litarhætti sínum. Hugsanlega ættu þeir eftir að verða fyrir aðkasti síðar vegna þess að talsvert er um fordóma gagnvart lituðu fólki, einkum þegar ofar dregur í skólakerfinu.

8.5.2 Jákvæðni gagnvart foreldrum

Það var einkennandi fyrir þá kennara, sem hér um ræðir, hvað þeir voru jákvæðir í garð foreldranna og áttu gott samstarf við þá. Þeir töldu undantekningarlaust að foreldrar vildu allt gera til að börnunum liði sem best í skólanum. Nefnd voru dæmi um foreldra sem fylgdust svo vel með námi barna sinna að þeir virtust vita um flest sem gerist í skólanum. Einn kennarinn sagði að samskiptin gætu ekki verið betri. Eftirfarandi lýsingar endurspegla þessi viðhorf:

Móðirin segir að hann eigi að fá námsefni við hans hæfi þannig að honum líði vel í skólanum. Sérkennarinn talar um að það sé æðislegt að fá svona foreldra; það er flott haldið utan um þennan [nemanda] og samskiptin eru mjög góð (Signý).

Það er yfirleitt passað vel upp á þessi ættleiddu börn heima fyrir. Foreldrar þessara barna hafa líka góð samskipti sín á milli ... Flest ættleiddu börnin hafa sterkara bakland en innflytjendabörnin. Ég hef kennt innflytjendabörnum og tók eftir því að þegar þau voru að lesa texta sem þau réðu engan veginn við fengu þau engan stuðning heima því oft eru foreldrar þeirra með takmarkaða íslenskukunnáttu. Hins vegar fá ættleiddu börnin fá svo mikinn stuðning að heiman. Þarna sér maður ofsalega mikinn aðstöðumun (Freyja).

Af framansögðu er, ljóst, að foreldrar styðja vel við skólagöngu barna sinna og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna og eiga gott samstarf við skóla.

8.5.3. Sterkar og veikar hliðar

Hérna verður gerð grein fyrir því hvernig styrkleikar og veikleikar nemenda birtast í rannsóknargögnunum en kennararnir voru spurðir hverjar væru sterkar og veikar hliðar nemendanna. Að sögn viðmælenda höfðu flestir nemendurnir fengið námstækifæri fyrir utan skólann í formi tómstunda og íþróttaiðkunar. Allir nemendur áttu það sammerkt að fá góðan stuðning að heiman og foreldra sem vildu gera allt til að nemendum liði sem best í skólanum, að mati viðmælenda. Helga taldi að það væri aðdáunarvert hvað haldið var vel utan um nemandann heima en hann átti við námserfiðleika að stríða. Signý sagði um sinn nemanda:

Ég held að styrkur [nemandans] liggi í því að hann hefur fengið svo gott utanumhald. Þeir veikleikar sem hann hefur eru ekki að plaga hann því hann hefur svo sterkt bakland. Það á eftir að hjálpa honum því hann hefur sína veikleika.

Auður hafði þetta að segja um nemandann:

Það er greinilega talað mikið við [nemandann] heima og það er hugsað vel um hann. Hann á talsvert menntaða foreldra sem hafa lesið mikið fyrir hann og með honum.

Guðbjörg var ekkert að skafa utan af því og sagði:

Ef þessi nemandi hefði verið á heimili þar sem ekki var haldið vel utan um hann, hefði fjandinn verið laus.

Bára sagði að það væri svo vel haldið utan um nemandann að ef hann færi að dragast aftur úr væri tekið strax á því heima og „móðirin hefði strax samband“ við kennarann. Stundum var börnunum lýst sem staðföstum og ákveðnum. Dísá lýsir því á eftirfarandi hátt:

[Nemandinn] er búinn að ákveða hvað hann ætlar að verða ... ætlar að reyna að ná prófunum í vor ... mjög staðfastur og ákveðinn. Af því að hann er búinn að ákveða þetta ætlar hann að sinna náminu vel í vetur. Hann er mjög ákveðinn og ég hef trú á því að hann eigi eftir að „pluma“ sig ... en hann á það til að vera stjórnsamur.

Styrkleikar og veikleikar eru afar mismunandi frá nemanda til nemanda. Einn kennarinn sagði um styrkleika nemandans:

Það skiptir svo miklu máli að [nemandinn] er heill ... svo er hann ágætlega greindur, á gott með að tjá sig ... hefur mikið sjálfstraust ... myndarlegur og fallegur krakki sem hefur fengið mikla örvun ... gengur vel í námi.

Einn viðmælandi talaði um að nemandinn hefði mjög mikla vanmáttarkennd og ætti erfitt með að takast á við ögrandi verkefni. Annar viðmælandi taldi að helsti veikleiki nemandans kæmi fram í slakri félagshæfni og málþroskaseinkun eins og eftirfarandi tilvitnun ber með sér:

Það eru takmarkanir í félagshæfni. Málskilningur slakari en hjá jafnöldrum ... hugtakaskilningur slakur og erfiðleikar í stærðfræði.

Eins og sjá má út frá svörum viðmælenda þá eru þessir nemendur engan veginn einsleitir. Um er að ræða misgóða námsmenn, allt frá sterkum námsmönnum, seinfærum eða eitthvað þar á milli. Af rannsóknargögnum má sjá að veikleikar nemenda koma fram í hærri tíðni námsörðugleika og slakri félagshæfni. Hins vegar liggur styrkur þessa nemenda í öflugu baklandi þar sem foreldrar sýna börnunum jafnvel meiri stuðning í námi en almennt gerist að sögn viðmælenda.

8.6. Þekking kennara á ættleiddum börnum erlendis frá sem dvalið hafa þar á stofnun fyrir ættleiðingu

Spurt var um þekkingu kennara á ættleiddum börnum sem dvalið hafa á stofnun. Svör við þessari spurningu endurspeglu ekki síst hversu brýnt viðmælendur töldu að efla megi fræðslu um hvernig mætti liðsinna þessum börnum betur. Allir kennararnir töldu að þekking hins almenna kennara á þessum börnum væri lítil. Lóa sagðist þora að fullyrða að almennt hefðu kennarar mjög takmarkaða þekkingu á ættleiddum börnum sem hafa dvalið á stofnunum. Ása sérkennari taldi að þekkingin væri ekki mikil. Hún sagðist lítið hafa velt því fyrir sér áður hvað það væri sem gæti truflað þessi börn. Hún hefði heyrt frá foreldrum að þau hefðu verið á upptökuheimili og gætu hugsanlega verið með geðtengslaröskun. Henni var ekki kunnugt um að almennir kennarar hefðu kynnt sér viðkvæman bakgrunn þeirra sem gæti leitt til tengslaskerðingar og haft í för með sér margs konar erfiðleika bæði námslega og félagslega. Það væri ekki nema þeir hefðu kennt ættleiddum börnum með mikinn vanda að þeir færu að leita eftir skýringum eins og „hvað er það sem veldur vandanum“. Dísá sérkennari tók í sama streng og sagði að kennarar hefðu ekki fengið sérstaka fræðslu um hvernig þeir gætu komið betur til móts við þessi börn:

Það mætti koma fræðsla um þessi börn. Við erum mikið að hjálpa tvítengdum börnum, það er mikil áhersla lögð á það. Og við höfum sótt námskeið og fyrirlestra um að kenna tvítengdum börnum. En við höfum ekki sótt fyrirlestra til að hjálpa ættleiddum börnum svo ég muni. En það þarf svo sannarlega að hafa fræðslu um hvernig við getum komið betur til móts við þessi börn (Dísá).

Guðbjörg sagðist telja að þekkingin færi eftir því hvort kennarar hefðu verið með slíka nemendur. „Ég væri ekkert að þæla í þessu nema vegna þess að ég hef þessa reynslu“.

Fram kom hjá viðmælendum að engin fræðsla hefði verið í kennaranáminu um hvernig ætti nálgast þessi börn. Signý sagði:

Ég lærði ekkert sérstakt um ættleidd börn og finnst að það hefði mátt vera. Mér þætti eðlilegt að það væru námskeið á tveggja ára fresti til að minna á svona hluti. Það sem maður hefur séð varðandi ættleidd börn er að þau kunna oft ekki félagslegu reglurnar. Þau eiga oft erfitt félagslega en það á ekki við um þennan nemanda. Það er meira þetta hömluleysi sem ég hef séð hjá sumum ættleiddum börnum. Þau kunna ekki að stoppa og vita ekki hvernig þau eiga að bera sig að félagslega (Signý).

Loks voru viðmælendur spurðir hvaðan þeir hefðu fengið þekkingu sína um ættleidd börnum sem dvalið höfðu á stofnunum. Fram kom að algengast var að kennararnir segðust hafa

öðlast þekkingu með því að kenna ættleiddu barni með vanda og með upplýsingum frá foreldrum. Freyja talaði um að vitað væri innan skólans að það sem væri sérstakt við ættleiddu börnin væri tungumálið og máltakan. Hún sagði að upplýsingar hefðu aðallega komið frá foreldrum sem væru mjög duglegir að miðla upplýsingum um börnin sín. Þessu væri ólíkt farið með börn innflytjenda. Oft vissu innflytjendur lítið um réttindi sín, skildu ekki kennarana og vildu ekki fá túlk því þeir óttuðust að samfélagið fengi innsýn í þeirra vandamál. Að hennar mati voru mál barna innflytjenda miklu vandmeðfarnari en ættleiddra barna af erlendum uppruna.

Þá kom fram að einn kennarinn hafði viðað að sér þekkingu í bókum um ættleidd börn. Annar kennari sagðist hafa horft á fræðsluefni um ættleidd börn í sjónvarpi. Athyglisvert er að enginn sagðist búa yfir þekkingu úr kennaranámi eða kennsluréttindanámi og engin námskeið höfðu verið í boði um málefni ættleiddra barna erlendis frá. Allir viðmælendur óskuðu eftir aukinni fræðslu um hvernig hægt væri að koma betur til móts við þessi börn í skólanum.

Af ofangreindu er ljóst að þekking kennara á ættleiddum börnum sem dvalið hafa á stofnunum, er afar takmörkuð. Ekki reyndist munur á þekkingu almennra kennara og sérkennara. Flestir kennarar óskuðu eftir aukinni fræðslu um hvernig hægt væri að koma betur til móts við þessi börn.

9. Umræður

Í þessum kafla verða dregnar saman helstu niðurstöður úr rannsókninni og leitast við að svara rannsóknarspurningum. Fjallað verður um fimm meginþemu sem koma fram en þau eru: 1) Reynsla kennara af að kenna ættleiddum börnum sem dvalið hafa á stofnun erlendis; 2) geðtengsl; 3) athyglisbrestur með ofvirkni; 4) málþroski; 5) félagsleg samskipti; 6) þekking kennara á ættleiddum börnum sem hafa dvalið á stofnun; 7) hvaðan sú er þekking fengin?

Í þessari rannsókn var leitað svara við spurningunum: Hvernig vegnar ættleiddum börnum af erlendum uppruna námslega og félagslega á miðstigi og efsta stigi grunnskóla? Hefur aldur þeirra við ættleiðingu haft áhrif á skólagöngu þeirra? Hver er þekking kennara á ættleiddum börnum, sem hafa dvalið á stofnun? Hvaðan er sú þekking fengin?

9.1. Reynsla kennara af að kenna ættleiddum börnum sem dvalið hafa á stofnun erlendis

Flestir viðmælendur ítrekuðu að börnin væru „kurteis og „yndisleg“ en ættu það til að vera „viðkvæm“. Reynsla þeirra af að kenna nemendum var mismunandi bæði hvað námið og félagsleg tengsl snertir. Fimm af ellefu nemendum, sem hér um ræðir, stóðu öðrum bekkjarfélögum jafnfætis og jafnvel framar. Fram kom í rannsóknargögnum að rúmlega helmingur nemendanna eða sex af ellefu glímdu við námsörðugleika og voru í sérkennslu. Að sögn viðmælenda minna áttu þessir nemendur það sameiginlegt að vera mældir undir meðalgreind samkvæmt greindarprófi Wechslers. Á því prófi eru mældir afmarkaðir þættir greindar, málstarf, skynhugsun, vinnsluminni og vinnsluhraði (Helga Kristinsdóttir, 2007, bls. 43). Þetta er í samræmi við fjölmargar rannsóknir sem sýna að greindarvísitala barna sem dvalið hafa á stofnunum, sé oft lægri en annarra barna. Þetta fellur ágætlega saman við margar aðrar rannsóknaniðurstöður (Bowlby, 1953, bls. 36–53; Raaska o.fl., 2011, bls. 697–707).

Rannsóknir Beverly o.fl. (2008, bls. 303–313) og O'Neill o.fl. (2010, bls. 190–197) sýna að ættleidd börn sem hafa dvalið á stofnunum, eru talsvert líklegri til að þurfa á sérkennslu að halda en önnur börn. Þessi áhrif stofnanadvalar eru rakin til þess að börnin fara á mis við umönnun móður eða staðgengils og þar með ást og hlýju eins fram hefur komið hjá Bowlby (1953, bls. 21–23) og Van IJzendoorn o.fl. (2008, bls. 341–366). Þá hafa rannsóknir einnig sýnt að börn sem alist hafa upp fyrstu mánuði og jafnvel ár ævinnar

á stofnunum, geti átt við þroskafrávik að stríða (Bowlby, 1953, bls. 36–53; Federici, 2003, bls. 73; Gunnar og Kertes, 2005, bls. 72; Rutter, 2008, bls. 958–974). Þetta stangast á við niðurstöður þessarar rannsóknar þar sem fram kemur að nemendur sem ættleiddir voru eldri en 24 mánaða, tóku miklum framförum félagslega einkum þegar þeir komust á unglingssár. Áréttað skal að rannsakandi getur ekki fullyrt um áhrif stofnanavistar á þessi börn en í ljósi þess hve hlutfall þessara barna er hátt í svo lítilli rannsókn þá má ætla að einhver þeirra hafi borið skaða af stofnanavistinni og óvíst hvort hægt sé að bæta fyrir það tjón sem tilfinningarlíf barnanna hefur orðið fyrir. Vert er að minna á, að unglingar og ekki síst börn eru á margan hátt varnarlausari en fullorðnir þegar erfiðleikar steðja að og eiga erfiðara með að tjá hvað bærast innra með þeim. Ekki er heldur vitað hvort eitthvert barnanna, sem rannsókn mín varðar voru ættleidd af svokölluðum sjúkralista fyrir veik börn eða skilgreind með sérþarfir fyrir ættleiðinguna. Rannsóknir hafa sýnt að börn með sérþarfir þurfa oft á meiri sérkennslu að halda en börn sem eru ættleidd án sérþarfa (Rycus o.fl., 2006, bls. 210–230).

Draga má þá ályktun út frá viðtölum við kennarana að rúmlega helmingur ættleiddra barna erlendis frá í þessari rannsókn eigi við einhverja námsörðugleika að stríða þótt nokkur þeirra standi öðrum nemendum fyllilega jafnfætis í náminu. Reynsla kennaranna af að kenna ættleiddum börnun sem dvalið hafa á stofnunum í sínu fyrra heimalandi, bendir til þess að kennarar þurfa að vera vakandi fyrir því hver áhrif stofnanavist getur haft á börn til þess að geta gripið inn með viðeigandi aðstoð og skilningi sé þess þörf.

9.2. Geðtengsl við foreldra

Með hliðsjón af geðtengslakenningu Bowlbys er talið að helsta orsökina fyrir geðtengslaröskun sé skortur á umönnun í frumbersku hvort sem um er að ræða stofnanavist, vanrækslu eða önnur áföll (Bowlby, 1953, bls. 21–23).

Niðurstöður úr viðtölum við kennarana sýna að meginþorri nemenda eða níu af ellefu nemendum virðast vera í ágætum geðtengslum við foreldra sína nú orðið. Þessar niðurstöður stangast talsvert á við fjölmargar rannsóknir sem sýna að börn, sem vistuð eru ung á stofnunum, geta með aldrinum átt í erfiðleikum með að mynda djúp og varanleg tengsl við aðra manneskju (Bowlby, 1953, bls. 21–23 og Spitz, 1945, bls. 53–74). Helsta orsök tengslaraskana barna sé skortur á umönnun í frumbersku hvort sem um sé að ræða stofnanavist, vanrækslu eða önnur áföll (Bowlby, 1953, bls. 21–23; Zeanah o.fl. 2011, bls. 819–833). Í þessu samhengi má benda á að undanfarin ár hefur rannsóknum á starfsemi

heilans miðað mjög áfram og hafa þær leitt í ljós að þroski mikilvægra heilasvæða sé mjög undir því kominn að börnin fái örvun og umönnun við hæfi (Metha o.fl., 2009, bls. 943; Rutter, 2008, bls. 958–974). Rannsókn Metha o.fl. (2009, bls. 943) sýndi m.a. að virkni möndlu í hægri heila er minni hjá börnum sem hafa dvalið á stofnunum við alvarlega vanrækslu. Niðurstöður þessara fræðimanna bentu til að rýrnun í heilahveli orsakist af stofnanavist og skorti á örvun á fyrstu mánuðum eða árum ævinnar.

Einn viðmælandinn taldi nemanda sem ættleiddur var innan við 24 mánaða aldur, vera í góðum geðtengslum við foreldra en þeir „hefðu áhyggjur af tengslamyndun“ þar sem þeir vissu ekki hvað barnið hefði gengið í gegnum fyrstu mánuði eða ár ævinnar. Vissulega þurfa ættleidd börn og foreldrar þeirra mislangan tíma til að tengjast hvert öðru. Hins vegar getur barnið þróað með sér eðlileg geðtengsl ef það fær stöðuga og innilega umönnun ákveðinnar manneskju eins og fram kemur í rannsókn Schafler og Poehlmann (2010, bls. 395–415). Ætla má að flestir foreldrar ættleiddra barna þekki þessar áhyggjur en þær sýna einnig hve meðvitaðir flestir kjörforeldrar eru um mikilvægi góðra geðtengsla en þau eru talin hafa mikið forspárgildi varðandi gengi barnsins tilfinningalega, félagslega og vitsmunalega síðar í lífinu.

Niðurstöður rannsóknar minnar sýna að tveir nemendur áttu að mati kennaranna í örðugleikum með að mynda geðtengsl við foreldrana. Þessir erfiðleikar birtust með ýmsu móti. Einn nemandi, sem ættleiddur var eftir 24 mánaða aldur, virðist eiga erfitt með að mynda svokölluð djúp geðtengsl við foreldra sína og má ætla að það haldist í hendur við lengd stofnanadvalar. Þetta fellur vel að niðurstöðum margra rannsókna (Van den Dries o.fl., 2009, bls. 410; Málfríður Lorange o.fl., 2012, bls. 19). Vanlíðan nemandans birtist einkum þegar hann var yngri í skapofsaköstum, mótþróaletum og kvíða, að sögn kennara. Þetta samræmist kenningu Ainsworth um ótraust geðtengsl með mótþróa (Bowlby, 1973, bls. 354–357). Þetta virðist einnig falla að kenningu Main og Salomon (1990, bls. 136) um ruglingsleg geðtengsl en þær töldu að börn, sem hefðu þolað vanrækslu eða dvalið lengi á stofnun, ættu heima í þeim flokki. Wu o.fl. (2011, bls. 469) benda á að skapgerð barnsins geti einnig gegnt mikilvægu hlutverki í myndun geðtengsla.

Víða í Austur- Evrópu er áfengisneysla þungaðra kvenna algeng orsök vægrar þroskahömlunar og jafnvel geðtengslaröskunar (Beckett o.fl., 2002, bls. 297–303; Miller o.fl., 2009, bls. 289–298). Í þessu samhengi má því velta fyrir sér hvort rekja megi vanda barnsins til óheppilegra ytri aðstæðna eða skapgerðar barnsins sjálfs. Hafi börn búið í skaðlegu umhverfi fyrir og eftir fæðingu getur reynst erfitt í ákveðnum tilvikum að bæta þeim skaðann jafnvel þótt þau eigi góða kjörforeldra sem leggja sig fram um að sinna þeim.

Minna verður á að geðtengsl eru flókin og margslungin í eðli sínu og því ekki víst að allir þættir hafi verið nægilega ræddir í viðtölunum. Þar sem ekki var rætt við foreldra er vafasamt að alhæfa um geðtengsl ættleiddra barna við foreldra út frá svörum kennara sem er helsta takmörkun þessarar rannsóknar. Hins vegar er athyglisvert að bera viðbrögð kennara saman við það sem rannsóknir sýna til að varpa ljósi á þá miklu breidd sem finna má í tengslamyndun og hegðun ættleiddra barna.

Í ljósi þessa má ætla að vel hafi tekist til í flestum tilvikum með tengslamyndun barna og foreldra sem leiðir hugann að því sem fram kom einnig í viðtölum að foreldrum er afar annt um að börnunum vegni sem best, að sögn kennaranna. Ætla má að styrkur foreldranna hafi einnig komið fram í því að vinna að tengslamyndun á markvissan og meðvitaðan hátt sem eykur möguleika barnanna til að ná árangri í námi og félagslega.

9.2.1. Tengsl við kennara og bekkjarfélaga

Skólinn er sennilega, að heimilinu undanskildu, mikilvægasti áhrifavaldur í lífi barna og unglinga. Skólinn er helsti starfsvettvangur nemandans þar sem hann eyðir stórum hluta dagsins. Þess vegna skipta góð tengsl við kennara og bekkjarfélaga miklu fyrir tilfinningalíf allra nemenda.

Rúmlega helmingur nemenda, sem rannsóknin náði til eða sex af ellefu virðast vera í góðum tengslum við kennara og bekkjarfélaga. Engu að síður var umtalsverður munur á hverju góð tengslin eru. Talsverður munur reyndist almennt á nemendum, sem ættleiddir voru innan við 12 mánaða gamlir og þeim sem ættleiddir voru eldri en á því voru undantekningar eins og síðar verður vikið að. Börnin sem ættleidd voru innan við eins árs höfðu í flestum tilvikum betri tengsl við kennara og bekkjarfélaga. Í þessu samhengi má benda á niðurstöður Rutter o.fl. (2007, bls. 17) og Van den Dries o.fl. (2009, bls. 410). Þær sýna að börn, sem dvalið hafa á stofnun lengur en 24 mánuði, eru í meiri hættu að sýna geðtengslaraskanir en börn sem ættleidd eru innan 12 mánaða aldurs.

Það vekur athygli að í viðtölum við kennara kom fram að tveir nemendur sem ættleiddir voru innan 12 mánaða aldurs, áttu ekki síður í tilfinningalegum erfiðleikum en hinir sem ættleiddir voru eldri. Erfiðleikar þeirra komu fram í því að þeir áttu erfitt að skynja hvað var félagslega viðeigandi og áttu oftast í samskiptaörðugleikum við bekkjarfélaga og kennara. Auk þess voru þeir ekki jafn líkleg til að eiga nána vini og mörg önnur börn. Hvort um er að kenna alvarlegri vanrækslu fyrstu mánuðina, vannæringu, skapgerð erfðum eða slæmra lífsskilyrða móður á meðgöngu er ekki vitað. Hawk og McCall (2010, bls. 208) benda á, að aldurinn 6–24 mánaða sé afar viðkvæmur hvað snertir

taugaþroska barnanna og stofnanavistun á þessum aldri geti leitt af sér ýmiss konar tilfinningavanda.

Tveir nemendur sem ættleiddir voru eldri en 24 mánaða, áttu við talsverðan hegðunar- og tilfinningavanda að stríða. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fjölda erlendra rannsókna sem hafa sýnt að börn sem alist hafa upp fyrstu mánuði og jafnvel fyrstu ár ævinnar á stofnunum, geti átt við að stríða hegðunarvanda og tilfinningalega erfiðleika í ríkari mæli en önnur börn. Möguleiki barnanna til eðlilegrar tengslamyndunar getur verið skertur eða jafnvel ekki til staðar. Jafnframt getur stofnanadvölin haft áhrif að börnin geti myndað heilbrigð geðtengsl síðar á lífsleiðinni (Bowlby, 1953, bls. 36–53; Federici, 2003, bls. 73; Gunnar o.fl., 2007, bls. 72; Merz o.fl., 2010, bls. 459).

Samkvæmt klínískum viðmiðum fyrir skert geðtengsl er þeim skipt í tvo meginflokka: annars vegar hamlaða (e. inhibited) hegðun og hins vegar hömlulausa (e. disinhibited) hegðun (Zeanah o.fl., 2011, bls. 819–833). Hjá öðrum nemandanum, sem ættleiddur var innan við 12 mánaða aldur, bar talsvert á hömlulausri hegðun sem var rakin til geðtengslaröskunar. Hegðunin kom fram í því að nemandinn gerði sér lítinn mannamun og hændist að hverjum sem var gagnrýnislaust, jafnvel þótt nemandinn hefði þegar myndað geðtengsl við foreldra sín, að sögn viðmælanda. Þetta er samhljóma niðurstöðum Rutters o.fl. (2007, bls. 17) sem telur að börn geti haldið áfram að sýna þessa hömlulausu hegðun löngu eftir að þau hafa myndað geðtengsl við kjörforeldra sína.

Þá var um að ræða nemanda en ekki er vitað á hvaða aldri hann var ættleiddur sem virtist vera í góðum tengslum við foreldra sína en var að jafnaði hlédrægur og fáskiptinn gagnvart bekkjarfélögum sem hindraði samskipti nemandans við kennara og nemendur, að sögn viðmælanda. Óljóst er hvort hér er um að ræða hamlaða hegðun eða skapgerð einstaklingsins. Áréttað skal að ekki er hægt að slá neinu föstu um uppruna slíkrar hegðunar nema að vel athuguðu máli og ekki síst með hliðsjón af því að ekki er vitað hvenær barnið var ættleitt. Hvort hér er um að kenna slæmri meðferð á stofnun fyrstu mánuði eða árin skal ósagt látið. Dalen (2007, bls. 199–208) telur að ýmis önnur atriði en aldurinn við ættleiðinguna skipti máli fyrir þroska barnanna í framtíðinni, svo sem aðstæður þeirra fyrstu mánuði eftir fæðingu og andlegt og líkamlegt ástand barnanna.

Í ljósi niðurstaðna úr viðtölum við kennara eru vísbendingar um að rúmlega helmingur nemenda séu í góðum tengslum við kennara og bekkjarfélaga. Erfiðleikar nemenda sem gengur illa að mynda tengsl við bekkjarfélaga og kennara, koma fram í því að þeir eiga erfitt að skynja hrynjandina í mannlegum samskiptum. Þeir áttu oftari

samskiptaörðugleikum við bekkjafélaga og kennara og voru ekki jafn líkleg til að eiga nána vini og margir aðrir nemendur.

9.2.2. Stofnanaeinhverfa

Fram kemur í kafla 3.9 um geðtengsl að stofnanaeinhverfa (e. quasi-autism) feli í sér að viss einkenni eru sameiginleg með einhverfu. Stofnanaeinhverfa er hins vegar áunnin hegðun sem rakin er til alvarlegrar vanrækslu á stofnunum og rjástlast oft af börnum eftir að þau hafa dvalið við góðan aðbúnað hjá kjörforeldrum sínum í ákveðinn tíma (Federici, 2003, bls. 80; Rutter o.fl., 2007, bls. 1200–1207).

Fram kom í viðtölum við kennarana að tveir nemendur af ellefu eru á einhverfurófi sem birtist í skertri félagshæfni, seinkuðum málþroska og árátukenndri hegðun. Hér má benda á rannsókn Spitz (1945, bls. 53–74) sem sýndi að 15% barna, sem verða viðskila við móður á aldrinum sex til tólf mánaða, einmitt þegar barnið er að mynda geðtengsl við sína nánustu, geta sýnt einhverfueinkenni. Þetta ástand má rekja til bágborinnar og langrar stofnanadvalar, sjúkrahúsvalar barnsins vegna fyrirburafæðingar eða veikinda móður. Annar nemandinn, sem ættleiddur var eldri en tuttugu og fjögurra mánaða gamall, sýndi einhverfueinkenni en það hafði dregið úr einkennunum eftir því sem leið á skólagöngu. Stofnanaeinhverfa er að þessu leyti frábrugðin einhverfu enda orsakir ólíkar. Það kom einnig fram hjá viðmælanda mínum að sami nemandi sýndi meiri áhuga á samskiptum við aðra nemendur en almennt gerist hjá börnum með hefðbundna einhverfu (Rutter o.fl., 2007, bls. 1207). Niðurstöður rannsóknar Hoksbergen og félaga (2005, bls. 615–622) leiddu m.a. í ljós, að við 12 ára aldur höfðu einkenni stofnanaeinhverfu horfið hjá fjórðungi ættleiddu barnanna, en 10% reyndust enn vera með dæmigerða einhverfu. Þá kom fram í rannsókninni, sem ritgerð þessi fjallar um, að einhverfueinkenni voru enn að einhverju leyti til staðar hjá hinum nemandanum. Litlar forsendur eru til að álykta um hvort einkennin hverfi með tímanum. Hvenær og hvort stofnanaeinhverfa er óafturkræf er knýjandi spurning bæði út frá fræðilegu og hagnýtu sjónarmiði.

9.3. Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD)

Eins og fram hefur komið í kafla 4.1 eru einkenni athyglisbrests með ofvirkni algeng hjá ættleiddum börnum sem koma erlendis frá. Rúmlega helmingur nemendanna, þ.e. sex af ellefu, eru greind með ADHD. Þetta er í samræmi við fjölmargar rannsóknir sem hafa sýnt fram á hærri tíðni einkenna ADHD hjá ættleiddum börnum utanlands frá, sem dvalið hafa á stofnun, en hjá börnum sem ekki hafa verið ættleidd (Hawk og McCall, 2010, bls. 385–398; Lindblad o.fl., 2010, bls. 37; Málfríður Lorange o.fl. 2012, bls. 19). Erfiðleikar nemendanna

birtast í námserfiðleikum, einbeitingarörðugleikum og eirðarleysi. Þetta kemur heim og saman við fjölda rannsókna (Audet og Le Mare, 2010, bls. 107–115 og Jacobs o.fl., 2009, bls. 15). Í rannsókn Dalen og Rygvold (2006, bls. 45) voru ættleidd börn frá Kína borin saman við norsk börn sem ekki höfðu verið ættleidd. Niðurstöður þeirra leiddu einnig í ljós að athyglisbrestur var algengari hjá ættleiddum börnunum en hjá innfæddum börnunum.

Niðurstöður úr viðtölunum við kennarana benda til, að ekki er fylgni milli aldurs, þegar ættleiðing fór fram, og athyglisbrests. Fjórir nemendur sem greindir voru með einkenni ADHD, voru ættleiddir innan tólf mánaða aldurs. Þetta er í samræmi við rannsókn Franc o.fl. (2009, bls. 256–261) sem sýnir að ofvirknieinkennin haldast ekki alltaf í hendur við lengd stofnanavistar þar sem finna má þessi einkenni hjá börnum sem dvalið hafa á stofnun í skamman tíma. Þeir velta því fyrir sér hvort rekja megi ofvirknieinkenni til erfðabátta, erfiðrar skapgerðar barnsins, slæmra aðstæðna mæðra á meðgöngu, fyrirburafæðingar og misnotkunar mæðra á meðgöngu á tóbaki og áfengi. Stevens o.fl. (2008, bls. 385–398) bendir á að ofvirkni stofnanabarna þurfi ekki að vera af sömu ástæðu og hefðbundin ADHD. Áréttað skal að upplýsingar um aðstæður barnanna fyrir ættleiðingu eru ekki fyrir hendi og því er ekki hægt að draga ályktanir um nemendurna í minni rannsókn hvað þetta varðar. Hins vegar eru vísbendingar um að fylgni sé á milli lengdar stofnanadvalar og ADHD. Í viðtölum við kennarana kom fram að báðir nemendurnir, sem ættleiddir voru eftir 24 mánaða aldur, sýndu einkenni ADHD og tilfinningavanda. Þetta kemur heim og saman við nýlegar niðurstöður rannsóknar Málfríðar Lorange o.fl. (2012, bls. 19) sem bendir til að börn, ættleidd eftir 18 mánaða aldur og þau sem dvalið hafa á stofnun lengur en fyrstu 18 mánuði lífsins, eru í meiri hættu að sýna einkenni ADHD og tilfinningavanda en almennt þekkist. Auk þess sýna börnin sem talin eru hafa sætt alvarlegri tilfinningalegri vanrækslu, meiri hegðunar- og tilfinningaerfiðleika en börn sem ættleidd eru yngri. Athyglisvert er að einkenni athyglisbrests virtust vera meira áberandi í þessari rannsókn en ofvirknieinkenni sem er samhljóma niðurstöðum (Audet og Le Mare, 2010, bls 107–115; Dalen o.fl., 2006, bls. 45–54) hjá ættleiddum börnum.

Að ofangreindu má sjá að rúmlega helmingur nemendanna eru greind með ADHD. Niðurstöður sýna að ekki er fylgni milli aldurs ættleiðingar og athyglisbrests með ofvirkni hjá mörgum þessum nemendum. Þetta er í samræmi við fjölda rannsókna (Hawk, McCall, 2011, bls. 385–398; Lindblad o.fl., 2010, bls. 37; Málfríður Lorange o.fl. 2012, bls. 19). Athyglisvert er að einkenni athyglisbrests virtust vera meira áberandi en ofvirknieinkenni.

9.4. Málþroski

Eins og fram kemur í kafla 5.1 um málþroska hafa mörg börn sem ættleidd eru erlendis frá, dvalið á stofnunum þar sem skortur er á örvun en algengt er að stofnanir séu undirmannaðar og mannaskipti tíð (Johnson o.fl., 2010, bls. 507–516). Lítið er talað við börnin og ekki gefst tími að útskýra fyrir þeim vegna manneklu (Glennen, 2002, bls. 37). Af framansögðu er ljóst að málþroskaseinkun hjá ættleiddum börnum erlendis frá er nánast óhjákvæmileg. Niðurstöður Glennen og Masters (2002, bls. 417–433) gefa til kynna að börn, sem ættleidd eru fyrir 6–12 mánaða aldur, séu komin með aldursvarandi málþroska við 24 mánaða aldur og börn 13–18 mánaða við 36 mánaða aldur. Málerfiðleikar ættleidda barnanna koma oft ekki fram fyrr en líða tekur á skólanámið sem getur haft í för með sér að þau dragast aftur úr í námi eða lenda í námserfiðleikum Dalen (2007, bls. 199–208).

Að sögn viðmælenda áttu nemendur allir sameiginlegt að vera góðir í „daglegu máli“ en fimm færir í svokölluðu „skólamáli“. Þetta er í samræmi við niðurstöður Dalen, (2007, bls. 199–208) sem telur að ættleidd börn nái í flestum tilfellum fullri færni í daglegu máli og það jafnvel svo mikið að það skyggi síðar á erfiðleika þeirra í hinu bóklega námi. Rannsókn Scott og félaga (2011, bls. 1154–1169) leiddi í ljós að sum þessara barna stóðu sig oft vel á yngsta stigi en fóru að dragast aftur úr þegar lesefni þyngdist og meira fór að reyna á eiginlegan málskilning.

Sex nemendur reyndust vera með slakan málþroska sem kom fram í slökum orðaforða, lélegri máltilfinningu og erfiðleikum að draga ályktanir af innihaldi texta. Málþroskavandamál og félagsleg samskipti án orða virtust vera almennt í samræmi við aldur við ættleiðingu sem kom fram hjá nemendum sem ættleiddir voru eldri en 24 mánaða. Svipaðar niðurstöður má finna í erlendum rannsóknum (Glennen og Masters, 2002, bls. 417–433 og Beckett o.fl., 2007, bls. 1063) sem sýna að því eldri sem börnin eru við ættleiðingu því erfiðara eiga þau með að vinna upp þann tíma sem þau hafa misst af góðri umönnun. Niðurstöður Loman o.fl. (2010, bls. 426–434) sýndu að stofnanavist til lengri tíma hafði alvarlegust áhrif á málþroska barnanna og voru þau líklegri en önnur til að vera á eftir jafnöldrum sínum í flestum námsgreinum.

Athygli vekur að fjórir nemendanna, sem ættleiddir voru innan við 12 mánaða aldur frá mismunandi löndum, voru talsvert á eftir í málþroska. Þessar niðurstöður stangast á við fjölda rannsókna sem hafa leitt í ljós að því yngri sem börnin eru við ættleiðingu þeim mun fljótari eru þau að ná innfæddum börnum í málþroska (Glennen og Masters, 2002, bls. 417–433 og Scott o.fl., 2011, bls. 1154–1169). Mögulegt er að munurinn stafi af misjöfnum aðstæðum barnanna fyrir ættleiðingu; ástæður fyrir stofnanavist og val á

börnum frá einum stað til annars geta verið mismunandi. Ákveðnir áhættuþættir eins og vannæring, fyrirburafæðingar, áfengisneysla móður á meðgöngu geta einnig haft þarna áhrif.

Fimm nemendur af ellefu reyndust vera með góðan málþroska að mati kennara. Þrír þeirra skáru sig úr hvað snerti góðan málþroska sem kom fram í ríkulegum orðaforða, djúpum málskilningi og góðri máltjáningu. Þeir áttu það sameiginlegt að vera ættleiddir innan við 12 mánaða aldur. Þessar niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir sem hafa leitt í ljós að því yngri sem börnin eru við ættleiðingu þeim mun fljótari eru þau að ná innfæddum börnum í málþroska (Beckett o.fl., 2010, bls. 125; Loman o.fl., 2010, bls. 426). Auk þess reyndust þessir nemendur vera sterkir námsmenn. Í nýlegri rannsókn sem Tan og Jordan-Arthur (2012, bls. 1500–1507) gerðu kom fram, að ættleiddar stúlkur frá Kína standa öðrum bekkjarfélögum fyllilega jafnfætis í námi og vegnar jafnvel betur en samanburðarhópi. Þeir félagar velta fyrir sér hvort aðstæður barnanna fyrir ættleiðingu hafi verið hagstæðari en gengur og gerist. Mæður hafi verið heilbrigðar á meðgöngu og ekki neytt áfengis eða vímuefna og börnin jafnvel fengið góða umönnun hjá fósturforeldrum. Tveir af þessum fimm nemendum, sem reyndust hafa meðalgóðan málþroska, áttu samt erfitt með flóknari hugtök sem hugsanlega hafði áhrif á stærðfræðikunnáttu þeirra þótt um meðalnemendur væri að ræða. Annar nemandinn var ættleiddur innan við 24 mánaða aldur en ekki var vitað um aldur hins nemandans. Þetta er samhljóma niðurstöðum Dalen og Rygvold (2006, bls. 45) sem sýndi að einkunnir ættleiddra barna frá Kína voru svipaðar samanburðarhópi bekkjarfélaga en dreifing einkunna í hópi ættleiddu barnanna endurspegladist í erfiðleikum að skilja óhlutbundin hugtök sem getur haft áhrif á bóklegt nám. Rannsakendur töldu að líklega hefði betur verið hlúð að þessum börnum á stofnunum í Kína en mörgum öðrum löndum, þá einkum í Austur-Evrópu. Velta má því upp hvort upprunaland barnanna skipti máli fyrir málþroska barnanna. Rannsóknir eru misvísandi: Annars vegar kom fram í rannsókn Deborahath o.fl. (2008, bls. 150) að kínversku börnin komu betur tilfinningalega út en jafnaldrar þeirra frá Austur-Evrópu. Engu að síður voru 75% kínversku barnanna með seinkaðan málþroska. Hins vegar leiddu niðurstöður Scott o.fl. (2008 bls.158–160) í ljós að flest kínversku barnanna mældust innan meðalmarka og sum yfir meðalmörk. Fylgni var milli aldurs barnanna, þegar ættleiðing fór fram, málþroska, þjóðfélagsstöðu og menntunarstigs foreldra. Rannsóknargögn úr viðtölum við kennarana sýna að munurinn á málþroska ættleiddu barnanna í rannsókninni er verulegur og spannar í raun allt frá góðri færni í málþroska til alvarlegri málþroskavanda. Miðað við niðurstöður, sem hér hafa verið

reifaðar, þá hljóta nemendur í slakasta hópnum að vera nokkuð umhugsunar- og áhyggjuefni. Hér skiptir hlutverk foreldra sem eru áhrifamestu aðilarnir í lífi barnsins, og kennara mestu máli. Það er mikilægt að vera vakandi yfir málþroska ættleiddra barna erlendis frá. Talmeinafræðingar ráðleggja yfirleitt foreldrum að tala mikið við börnin sín, sérstaklega um það sem þau hafa áhuga á, syngja með þeim vísu, hlusta á þau og gefa þeim tíma til að tjá sig (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 101–128). Mikilvægt er að foreldrar ættleiddra barna hafi forgang til að komast að hjá talmeinafræðingum fljótlega eftir komu barnanna og eftirlit með þeim sé reglubundið þar sem málþroskinn er metinn og þjálfaður með viðeigandi aðferðum (Glennen og Bright, 2005, bls. 86–101). Rannsakanda er ekki kunnugt um að sú þjónusta sé í boði fyrir ættleidd börn. Námsferfiðleikar hafa áhrif á allt líf barnsins. Sjálfsmynd þess bíður hnekki og áhugi á náminu minnkar. Því geta fylgt tilfinningalegir og félagslegir örðugleikar. Við hvert ár sem líður án þess að barnið fái raunhæfar úrbætur á vanda sínum, minnka möguleikar þess á að tileinka sér allan fróðleik sem skólagangan krefst. Það er því afar brýnt að finna börn með undirliggjandi málþroskavanda sem fyrst. Glennen og Bright (2005, bls. 86–101) telja mikilvægt að ættleidd börn erlendis frá fái markvissa þjálfun og byrjað sé nógu snemma að örva málþroskann. Ennfremur telja þau að mikilvægt sé að kanna ályktunarhæfni þeirra og lesa á milli línanna, einkum barna sem ættleidd eru eftir 24 mánaða aldur. Oft fá þessi börn ekki kennslu við hæfi fyrr en líða tekur á grunnskólagöngu þeirra. Nú er vitað að oft þurfa þessir nemendur að fá markvissa kennslu og þjálfun í orðaforða og æfingar í að nota málið. Þar sem mín rannsókn byggir á viðtölum við kennara þá er ekki hægt að vita hvernig unnið hefur verið með málþroska barna frá upphafi né hvernig hann hefur almennt þroskast.

Álykta má, að því eldri sem börnin eru við ættleiðingu því erfiðara eiga þau með að tileinka sér dýpt tungumálsins. Niðurstöðurnar sýna að þegar kemur á efri skólastig þá eru ættleidd börn hópur sem foreldrar og kennarar þurfa að vera vakandi yfir hvað málþroska og málskilning varðar, einkum þegar kemur að þáttum sem tengjast skólamálum og flóknari hugtökum.

9.5. Félagsleg samskipti

Niðurstöður úr viðtölum við kennarana sýna að rúmlega helmingur nemendanna, þ.e. sex af ellefu, áttu í erfiðleikum með félagsleg samskipti að mati kennaranna. Þetta fellur ágætlega að niðurstöðum Zeanahs o.fl. (2011, bls. 819–833) þar sem fram kom að börn

sem hefðu verið alvarlega vanrækt í frumbersku væru líklegri en önnur börn að eiga í erfiðleikum með tjáskipti án orða en það hélst í hendur við lengd stofnanavistar. Barcons o.fl. (2012, bls. 955–961) komust að svipaðri niðurstöðu en bentu jafnframt á að ef til vill mætti rekja skerta félagshæfni barnanna til áfengisneyslu móður á meðgöngu og/eða fyrirburafæðingar. Þrír þessara nemenda áttu það sameiginlegt að hafa tilhneigingu til að draga rangar ályktanir um tilfinningar annarra út frá hegðun og viðbrögðum sem áttu ekki við rök að styðjast, auk þess sem þau áttu erfitt með setja sig annarra spor. Erikson (1968, bls. 97–107) taldi að börn sem ekki fengju nægilega umönnun og andlegan stuðning á fyrsta aldursári, hefðu sameiginleg einkenni, þau hefðu lítið innsæi, ættu erfitt með að setja sig í spor annarra og skilja hvernig öðrum líður.

Niðurstöður viðtalanna sýndu að börn sem ættleidd eru eftir 24 mánaða aldur og hafa dvalið á stofnun á fyrstu árum ævinnar, eru líklegri til að hafa skerta félagshæfni en önnur börn. Slök félagsleg færni gat komið fram í hegðunarörðugleikum, mótþróa og kvíða eins og fram kom hjá viðmælendum varðandi tvo nemendur sem ættleiddir voru eftir tveggja ára aldur. Þetta er nokkuð samhljóma niðurstöðum Merz o.fl. (2010, bls. 459) og Rijk o.fl. (2010, bls. 233–234) sem sýndu að börn sem eru ættleidd eftir 18 mánaða aldur, eru líklegri til að eiga við hegðunarvandamál að etja en börn sem ættleidd eru yngri.

Fram kom í viðtölunum að fimm nemendanna höfðu góða félagshæfni. Tveir nemendanna áttu það til að tala fyrir hópana og voru gjarnan valdir í ábyrgðarstöður sem er samhljóma rannsókn Gottfried o.fl. (2011, bls. 471–481) sem sýndi að góð félagshæfni tengist oft leiðtogahæfni. Félagshæfni fjögurra af þeim fimm nemendum sem sýndu góða félagshæfni, kom fram í því að þeir áttu auðvelt með að vinna með öðrum, setja sig í annarra spor, sýndu hjálpssemi og samlíðan, voru vel liðnir meðal jafnaldra auk þess að vera góðir námsmenn. Þetta styður niðurstöður Rhoades og félaga (2011, bls. 182–191) í þá veru að tengsl séu milli félagshæfni og námsárangurs. Í flestum tilvikum var fylgni milli góðar félagshæfni og stuttrar stofnanavistar.

Rannsóknargögn sýndu að börnin, sem ættleidd voru innan 12 mánaða aldurs, voru almennt sterkari félagslega en þau börn sem ættleidd voru eftir 24 mánaða aldur þótt á því séu undantekningar enda ekkert algilt í þessum málum.

9.5.1. Uppruni og litarháttur

Sjálfsmynd er einn af grundvallarþáttum persónuleika okkar: „Hver er ég?“ „Hvaðan kem ég?“ eru stóru spurningarnar. Sjálfsmynd barna og unglinga mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk og hafa foreldrar og félagar þar mikið að segja (Erikson, 1968,

bls. 128–135). Flest ættleidd börn hafa áhuga á uppruna sínum og vilja vita hvers vegna þau voru ættleidd þó það sé einstaklingsbundið milli barna. Hérlandis er flestum í lófa lagið að rekja ættir sínar aftur á bak og áfram og svo hefur gengið kynslóð fram af kynslóð í mörg hundruð ár. Þetta geta ættleiddu börnin sem koma erlendis frá, ekki og vita lítið sem ekkert um uppruna sinn. Einn nemandinn í þessari rannsókn hafði farið til upprunalands síns eftir ættleiðingu. Hann talaði mjög opið og eðlilega um uppruna sinn, hikaði ekki við að segja krökkunum frá aðstæðum sínum. Þetta styður niðurstöðu Grotevants o.fl. (2011, bls. 529–536) um að ef vel á að takast með ættleiðingu er mikilvægt að foreldrar taki vel á málum og tali á opinn og einlægan hátt um kynþátt, menningu og uppruna barnsins.

Samkvæmt kenningu Eriksons er grundvöllur þess að tilheyra og að vera hluti af einhverju það öryggi sem fæst á fyrstu árum barnsins. Hann telur að barn sem hefur þessa öryggistilfinningu, sé nokkuð brynjað fyrir áföllum síðar í lífinu (Erikson, 1968, bls. 96–107). Rannsóknir hafa sýnt að sumum ættleiddum börnum finnst þau hvorki tilheyra umhverfinu né falla inn í hópinn. Sjálfsálit þessara barna er oft slakara en þeirra sem geta talað frjáltslega um ættleiðinguna (Hawkins o.fl., 2008, bls. 131–156). Nokkrir viðmælendur höfðu orð á því að fyrra bragði að sumir nemendur væru viðkvæm fyrir litarhætti sínum. Þetta kemur heim og saman við niðurstöður Brodzinskys (2011, bls. 200–2007) sem sýna að sumum ættleiddum börnum finnst þau vera á einhvern hátt öðruvísi en fjölskyldan og félagarnir jafnvel þótt þau séu með sama litarhátt. Brodzinsky telur líkt og Erikson (1968, bls. 168–169) að þörfin til að vera eins og hinir sé sterk í hverju barni. Ef þessari tilfinningu er ekki sinnt getur það haft í för með sér tilfinninga- og hegðunarvanda, einkum hjá unglingum sem eru að móta sjálfsmynd sína.

Fram kom að nokkrir viðmælendur höfðu áhyggjur af því að börnin ættu eftir að verða fyrir aðkasti vegna litarháttar síns og uppruna þar sem þeir töldu að talsvert væri um fordóma gagnvart lituðu fólki, einkum þegar ofar dragi í skólakerfinu. Einn viðmælandi vakti athygli á því að miðað við þær kannanir, sem gerðar hefðu verið um einelti, væru innflytjendabörn og þá hugsanlega ættleidd börn ef litarháttur væri frábrugðinn þeim venjulega ef til vill í meiri hættu að verða fyrir einelti. Þetta styður nýlega rannsókn Neil (2012, bls. 409) þar sem kom fram að ættleidd börn geta orðið fyrir aðkasti og stríðni vegna útlits og uppruna. Hins vegar leiddu niðurstöður sem Juffer og Van IJzendoorn (2007, bls. 1067–1083) gerðu á ættleiddum börn að þau voru ekki með slakari sjálfsmynd en samanburðarhópurinn. Í sumum tilvikum reyndist sjálfsmynd ættleiddra barna betri en barna sem ekki voru ættleidd. Þessar niðurstöður komu á óvart þar sem ættleidd börn erlendis frá hafa oft þurft að þola slæman aðbúnað fyrstu mánuði eða ár og mikið óöryggi

sem getur haft í för með sér brotna sjálfsmynd. Rannsakendur skýrðu þennan mun með því að í flestum tilvikum fengju ættleiddu börnin meiri tilfinningalegan stuðning frá foreldrum sínum og byggju við betri félagslega stöðu en almennt gerðist meðal barna.

Það sem augljóslega veldur sumum ættleiddum börnum sérstöðu er litarháttur þeirra sem er oft annar en algengastur hefur verið hérlandis til skamms tíma. Fram kom að flestir nemendur, sem voru dökkir á brún og brá voru viðkvæmir fyrir litarhætti sínum. Hér reynir á hvernig kjörforeldrar bregðast við og miklu skiptir að þeir séu til staðar fyrir barnið og ræði við það um uppruna þess á opinn og einlægan hátt.

9.5.2. Sterkar og veikar hliðar

Björn Bjarnason fyrrum menntamálaráðherra skrifaði inngangsorð í Aðalnámskrá grunnskóla 1999 og segir:

Menntun er auður sem aldrei verður frá neinum tekinn. Hún yfirgefur engan en gerir öllum kleift að njóta sín og lífsins. Fyrsta menntunin er veitt í fjölskyldunni. Kærleikur og góð menntun eru bestu gjafir handa hverju barni. (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999, bls. 5).

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 segir:

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinn og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 43).

Það var einkennandi fyrir alla viðmælendur hvað þeir voru jákvæðir í garð foreldranna og áttu gott samstarf við þá. Þeir töldu að foreldrar vildu allt gera til að börnunum líði sem best í skólanum. Þetta er samhljóma niðurstöðum Wydra, O'Brian og Merson (2012, bls. 62–77) sem telja að jákvæðni og samvinna sé lykilatriði til þess að nemendum líði vel í skóla. Undantekningarlaust áttu nemendurnir foreldra sem sýndu þeim öflugan stuðning. Margir foreldrar höfðu verið til staðar og stutt börnin við námið auk þess sem margir þeirra voru mörg virkir í skólastarfinu. Rannsókn Dalen (2007, bls. 206) leiddi í ljós að foreldrar ættleiddra barna sýndu þeim oft meiri stuðning í skólastarfi og heimanámi en gerist og gengur með mörg önnur börn. Margir af nemendunum í rannsókninni hafa fengið margs konar námstækifæri fyrir utan skóla í formi tómstunda og íþróttaiðkunar samkvæmt upplýsingum frá kennurum þeirra. Eirðarleysi og óöryggi er áberandi hjá sumum nemendunum, þótt það sé mismikið sem kemur oft fram í slakari námsárangri en meðaltalið segir til um. Þótt ættleidd börn sem dvalið hafa á stofnun, séu líklegri en önnur

börn til að sýna einkenni geðtengslaskerðingar, athyglisbrests með ofvirkni og námsörðugleika þá eiga þau oft sterkara tilfinningalegt bakland í foreldrum en gerist og gengur með önnur börn.

Ennfremur ber að hafa hugfast að þótt traust geðtengsl geti skipt sköpum til að barnið nái í framtíðinni að mynda heilbrigð og eðlileg sambönd við aðrar manneskjur þá tryggja þau ekki áframhaldandi velgengni enda getur barnið orðið fyrir ýmsum áhrifum og áföllum sem ekki er á valdi foreldra að hafa stjórn á.

9.6. Þekking kennara á ættleiddum börnum sem hafa dvalið á stofnun. Hvaðan er sú þekking fengin?

Undantekningarlaust töldu allir viðmælendur að þekking hins almenna kennara á ættleiddum börnum erlendis frá, sem dvalið hafa á stofnun, væri lítil. Fram kom að mismikill skilningur er í skólum á geðtengslaröskun og hugsanlega á þeim erfiðleikum sem mörg þessara barna glíma við. Athyglisvert er að ekki reyndist munur á þekkingu almennra kennara og sérkennara þar sem gera má ráð fyrir því að mörg þessara barna þurfi aðstoð í skóla og eru líklegri til að þurfa á sérkennslu að halda en mörg önnur börn (Raaska o.fl., 2011, bls. 303–313).

Gabowitz, Zucker og Cook (2008, bls. 163–178) benda á, að tilfinningalegur skaði sem börn hafa orðið fyrir, geti haft djúpstæð og langvarandi áhrif á þau. Oft sé vandi þessara barna djúpstæðari og flóknari en svo að hægt sé að leysa hann með eins konar töfrabroögðum. Viðmælendur voru allir meðvitaðir um mikilvægi þekkingar á ættleiddum börnum, sem dvalið hafa á stofnun, en erlendar rannsóknir benda á mikilvægi þess að kennarar, einkum sérkennarar, hafi góða þekkingu á börnunum sem sætt hafa alvarlegri vanrækslu fyrstu mánuði eða fyrstu ár ævinnar enda eru þau í áhættuhópi (O'Neill o.fl., 2010, bls. 190–197). Sum barnanna eru talsvert á eftir í vitsmuna og félagsþroska miðað við jafnaldra eins og fyrr segir en það er í samræmi við rannsóknir (Bowlby, 1953, bls. 21–23; Marinus o. fl., 2011, bls. 8–30). Ljóst er að þau börn, sem eiga við vanda af þessum toga að stríða, þurfa oft á að halda sérþekkingu kennara og verulegri aðstoð í skólanum.

Viðmælendur voru spurðir hvaðan sú þekking væri fengin sem þeir höfðu um ættleidd börn erlendis frá og sögðust flestir hafa öðlast þekkingu með því að kenna ættleiddu barni með vanda og fengið upplýsingar frá foreldrum. Aðeins einn kennari sagðist hafði lesið sér til í greinum og bókum. Annar sagðist hafa fylgst með fræðslufni um geðtengslaröskun hjá ættleiddum börnum í sjónvarpi. Það hlýtur að vera umhugsunarefni að kennarar einkum sérkennarar hafi ekki fengið fræðslu í kennaranámi

sínu um einkenni ættleiddra barna, sem hafa verið vistuð á stofnun, eða sótt námskeið um þessi málefni. Schwartz og Davis (2006). (2006, bls. 471–480) benda á, að alltaf verði að líta á ættleidd börn út frá bakgrunni þeirra og þessi hópur barna þurfi mikið öryggi og festu ef vel á að takast í skólakerfinu. Þegar þessi börn fá einstaklingskennslu eða kennslu í fámennum hópi þar sem er gott aðhald og reglufesta vegnar þeim mun betur í skólanum.

Full ástæða er til umræðna og til að leitað verði leiða til að bæta úr þekkingu kennara og sérkennara til að koma betur til móts við ættleidd börn erlendis frá. Spyrja má með hvaða hætti er hægt að efla þekkingu kennara með markvissum hætti. Oft þarf ekki mikið til að bæta við þá þekkingu. Það má gera með ráðstefnum, fræðslufundum og námskeiðum og síðast en ekki síst markvisst með grunn- og símenntun kennara. Áriðandi er að sú fræðsla byggir á félagsfræði-, sálfræði- og læknisfræðilegum sjónarmiðum. Það er því brýnt að þekking sé til staðar og skólinn hafi tök á því að veita börnum þann stuðning sem þau þurfa á að halda. Áriðandi er að skólar starfi í anda hugmyndafræðinnar „no child left behind“ í skóla án aðgreiningar eða skóla fyrir alla þar sem mikilvægt er allir nemendur finni að þeir séu velkomnir. Þar er átt við að bregðast verði við mismunandi einstaklingum, margbreytilegri menningu, fjölbreyttum námsstíl, hæfileikum, áhugamálum og félagslegri stöðu nemenda sem endurspeglast í Aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 31). Mannlegur breytileiki er það sem gefur litrofi lífsins fegurð og dýpt, rétt eins og strengirnir í verkum tónskáldsins Mahlers og kórarnir í öðrum þætti óperunnar Aíðu eftir Verdi.

Til að hugmyndafræði skóla án aðgreiningar geti orðið að veruleika, ekki einungis í orði heldur á borði, þarf hún að vera ríkjandi hugmyndafræði meðal stjórnvalda, skólastjórnenda, kennara, foreldra og nemenda. Verkefnið er krefjandi en fyrst og fremst eru það jákvæð viðhorf og vilji sem skipta máli svo hægt sé að bjóða öllum skólabörnum kennslu og nám við hæfi.

10. Lokaorð

Meirihluti nemenda í rannsókn minni eða sex af ellefu átti við málþroskavanda að stríða sem kom fram í litlum orðaforða, slökum hugtakaskilningi og lélegri stærðfræðikunnáttu. Fimm nemendur reyndust vera með góðan málþroska, þar af voru þrír nemendur með djúpan málþroska og góða frásagnarhæfni. Þessir nemendur eiga það sameiginlegt vera ættleiddir innan 12 mánaða aldurs og/eða hafa dvalið á stofnun. Þetta er í samræmi við fjölmargar erlendar rannsóknir sem hafa leitt í ljós að því yngri sem börnin eru við ættleiðingu þeim mun fljótari eru þau að ná innfæddum börnum í málþroska. Tveir nemendanna, sem ættleiddir voru eldri en 24 mánaða, voru talsvert á eftir jafnöldrum sínum í málþroska sem er í góðu samræmi við erlendar rannsóknir. Athygli vekur að fjórir nemendanna sem voru ættleiddir innan 12 mánaða aldurs, áttu einnig við seinkun í málþroska að stríða. Þessar niðurstöður stangast á við fjölda rannsókna sem hafa leitt í ljós að því yngri sem börnin eru við ættleiðingu þeim mun fljótari eru þau að ná innfæddum börnum. Þó verður að hafa í huga að áhættuhættuþættir eins og erfðaþættir, slæm lífsskilyrði, vannæring, áfengis- og vímuefnaneysla mæðra á meðgöngu og fyrirburafæðingar geta aukið líkur á þroskaskerðingu barna.

Niðurstöður sýna að munurinn á málþroska ættleiddra barna er gríðarlega mikill og spannar í raun allt frá góðri færni í málþroska til alvarlegri málþroskavanda. Miðað við þessar niðurstöður hljóta nemendur í slakasta hópnum að vera talsvert áhyggjuefni og verðugt umhugsunarefni fyrir skólafólk.

Athyglisvert er að ekki reyndist munur á þekkingu almennra kennara og sérkennara í þessari rannsókn. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni að kennarar einkum sérkennarar hafi ekki fengið fræðslu í kennaranámi sínu um einkenni ættleiddra barna, sem hafa dvalið á stofnun, til að koma betur til móts við þau í skólakerfinu. Gera má ráð fyrir því að mörg þessara barna þurfi aðstoð í skóla og eru líklegri til að þurfa á sérkennslu að halda en mörg önnur börn. Flest þeirra hafa ekki fengið fullnægjandi umhyggju á fyrstu mánuðum eða árum ævinnar og bera þess oft djúp sár sem setur mark sitt á þroska þeirra. Alltaf verður að hafa bakgrunn þeirra í huga og taka tillit til vanrækslunnar sem þau mörg hver hafa orðið að þola á fyrstu mánuðum eða árum ævinnar (Gabowitz o.fl., 2008, bls. 163–178). Jafnframt má ætla

að í þessu samhengi hafi persónulegir eiginleikar barnanna eitthvað að segja, t.d. hversu vel þeim tekst að vinna úr sárri reynslu með stuðningi foreldra og hversu þrautseig þau sjálf eru að upplagi.

Bent hefur verið á, að efla megi verulega þekkingu og skilning skólafólks á þeim tilfinningavanda sem börn, sem ættleidd eru erlendis frá, kunna að glíma við. Endurmenntun og símenntun kennara hefur lengi verið viðurkennd sem hluti af starfi þeirra. Samkvæmt 12. gr. laga um grunnskóla eiga kennarar og skólastjórar grunnskóla kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla stafshæfni sína (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Ljóst er, að kennarinn er lykilmaður í skólaþróun og breytingar í skólastarfi eiga sér sjaldan stað án þátttöku hans. Fræðsla og menntun kennara verður því sjaldan ofmetin. Með aukinni fræðslu um málefni ættleiddra barna erlendis frá aukast líkurnar á að skólafólk verði hæfara að mæta námsþörfum ættleiddra barna. Rannsakandi telur að með málþingum, námskeiðum og ráðstefnum um ættleidd börn erlendis frá sem dvalið hafa á stofnun, sé hægt að glæða áhuga skólafólks á málefnum þessara barna sem eiga oft við tilfinningavanda að stríða. Huga verður að því hvernig best verður stutt við kennara til að sinna þessum börnum eins og þörf er á. Þá skiptir máli að kennarar hafi aðgang að leiðbeiningum sem byggðar eru á reynslu og rannsóknum. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að rúmlega meirihluti ættleiddra barna erlendis frá, sem dvalið hafa á stofnun, eru í aukinni hættu á að eiga við námserfiðleika, athyglisbrest með eða án ofvirkni, málþroskavanda, skerta félagshæfni og tilfinningalega erfiðleika að etja í ríkari mæli en önnur börn. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fjölmargar rannsóknir (Bowlby, 1969, bls. 371–372; Cicchetti o.fl., 2001, bls. 677–693; Marinus o. fl., 2011, bls. 8–30; Shafler o.fl., 2010, bls 395–415) sem hafa sýnt fram á að börn, sem vistuð hafa verið á stofnun og sætt hafa tilfinningalegri vanrækslu, eru í hættu á að vera á eftir í andlegum og vitsmunalegum þroska. Niðurstöður sýna að börn sem ættleidd eru eftir 24 mánaða aldur og/eða hafa dvalið á stofnun á fyrstu árum ævinnar eru líkleg til að vera á eftir jafnöldrum sínum í þroska.

Í rannsókninni kemur á óvart að meirihluti nemenda virðist vera í góðum geðtengslum við foreldra, kennara og bekkjarfélaga, að sögn viðmælenda. Þessar niðurstöður stangast talsvert á við fjölmargar rannsóknir sem sýna að börn, sem vistuð eru ung á stofnunum, geta átt í erfiðleikum með að mynda djúp og varanleg tengsl við aðra manneskju. Einhverfueinkenni komu fram hjá tveimur nemendum en einkennin virtust hafa

gengið til baka í öðru tilfellinu sem kemur heim og saman við erlendar rannsóknir eins og sjá má í fræðihlutanum.

Fram kom að rúmlega meirihluti nemenda, eða sex af ellefu, áttu í erfiðleikum með félagsleg samskipti sem samræmist erlendum rannsóknum. Þeir nemendur, sem voru dökkir á brún og brá, virtust flestir vera viðkvæmir fyrir litarhætti sínum sem kann að hafa áhrif á sjálfsmynd þeirra.

Hins vegar var afar ánægjulegt að sjá að fimm af ellefu nemendum, sem hér um ræðir, stóðu öðrum bekkjarfélögum jafnfætis bæði námslega og félagslega og vegnaði sumum betur í samanburði við aðra bekkjarfélaga og hélst í flestum tilvikum við aldur ættleiðingar. Þetta er að mestu í samræmi við rannsókn Dalen og Rygvold (2006, bls. 45). Undantekningarlaust áttu nemendurnir foreldra sem sýndu þeim öflugan stuðning. Margir foreldrar höfðu verið til staðar og stutt börnin við námið auk þess sem margir þeirra voru mörg virkir í skólastarfinu. Rannsókn Dalen (2007, bls. 206) leiddi í ljós að foreldrar ættleiddra barna sýndu þeim oft meiri stuðning í skólastarfi og heimanámi en gerist og gengur með mörg önnur börn. Að vera virkur þátttakandi í skólastarfinu með barninu frá upphafi veitir því öryggi og það styrkir foreldrana að sjá barnið sitt í víðara samhengi. Það var einkennandi fyrir viðmælendur í skólunum hversu jákvæð viðhorf þeir höfðu til foreldrana, áttu gott samstarf við þá og voru jákvæðir í garð þeirra. Nefnd voru dæmi um foreldra sem fylgdust svo vel með námi barna sinna að þeir virtust vita um flest sem gerðist í skólanum. Rannsókn Desforges og Abouchaar (2003, bls. 18–22) sýndi, að það sem hefur mest áhrif á námsárangur, líðan og hegðun nemenda í skólanum er hvernig foreldrar gegna hlutverki sínu heima fyrir. Stuðningur foreldra við börn sín hefur mun meiri áhrif á námsárangur nemenda en félagsleg staða þeirra og menntun. Mest eru áhrifin af viðhorfum foreldranna og þeirri umræðu sem fram fer á heimili barnsins um námið og skólann. Niðurstöður Desforges og Abouchaar (2003, bls. 30–35) sýna svo ekki verður um villst að áhrif og stuðningur foreldra á námsárangur yngri barnanna geta verið margfalt meiri en þeirra nemenda sem fengu engan stuðning. Jafnvel þótt dragi úr beinum áhrifum foreldra eftir því sem nemendur eldast halda foreldrar oft áfram að stuðla að ábyrgð barna sinna gagnvart námi. Þótt áhrif foreldra séu mikil er ekkert vafamál að skólinn hefur einnig mikil ítök í lífi nemenda, enda dvelja þeir stóran hluta dagsins innan veggja skólans. Þrátt fyrir að skólinn sé mikilvægur þáttur í samfélaginu hefur honum aldrei verið ætlað það hlutverk að koma í stað foreldrana enda getur hann það ekki. Skólinn á hins vegar að vera viðbót við foreldrana og styðja þá í uppeldishlutverki sínu. Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru að þótt ættleidd börn sem dvalið hafa á stofnun, séu í aukinni hættu á að sýna einkenni

geðtengslaskerðingar, athyglisbrests með ofvirkni, námsörðugleika og málþroskavanda þá eiga þau oft sterkara tilfinningalegt bakland í foreldrum en gerist og gengur með mörg önnur börn. Miklar líkur eru á því að öflugur stuðningur foreldra vinni gegn áhættuþáttunum og getur orðið hornsteinn að velgengni barnanna, bæði félagslega og tilfinningalega, þegar fram líða stundir.

Heimildaskrá

- Abrines, N., Barcons, N., Marre, D., Brun, C., Fornieles, A. og Fumadó, V. (2012). ADHD-like symptoms and attachment in internationally adopted children. *Attachment and Human Development*, 14(4), 405–423.
Sótt 17. júlí 2012 af <http://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/14616734.2012.691656>.
- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (1999). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 29. júlí 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola>.
- Ainsworth, M. D. S. og Bell, S. (1970). Attachment, Exploration, and Separation: Illustrated by the Behavior of One-Year-Olds in a Strange Situation. *Child Development*, 41, 49–67.
Sótt 24. febrúar 2012 af <http://www.jstor.org/pss/1127388>.
- Ainsworth, M. D. S. og Bowlby, J. (1991). An Ethological Approach to Personality Development. *American Psychologist*, 46, 331–341.
- Alþingistíðindi. Þingskjal 733. (2008-2009). Um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992. Alþingistíðindi.
Sótt 31. ágúst 2012 af <http://www.althingi.is/altext/136/s/0733.html>.
- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV útgáfa.
- Audet, K. og Le Mare, L. (2010). Mitigating Effects of the Adoptive Caregiving Environment on Inattention/Overactivity in Children Adopted from Romanian Orphanages. *International Journal of Behavioral Development*, 2, 107–115. Sótt 22. ágúst 2012 af <http://jbd.sagepub.com/content/35/2/107.full.pdf+html>.
- Barcons, N., Abrines, N., Sartini, C., Fumadó, V. og Marre D. (2012). Social relationships in children from intercountry adoption. *Children and Youth Services Review*, 34, 955–961. Sótt 22. ágúst 2012 af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0190740912000515>.
- Barkley, R. A. (1995). *Taking Charge of ADHD: The Complete, Authoritative Guide for Parents*. New York: The Guilford Press.

- Barkley, R. (2000). Genetics of Childhood Disorders: XVII. ADHD, Part 1: The Executive Functions and ADHD. *Child Adolescent Psychiatry* 39(8), 1064–1068.
Sótt 22. febrúar 2012 af
<http://medicine.yale.edu/labs/lombroso/www/pdfs/column32.pdf>.
- Barkley, R. (2002a). Major Life Activity and Health Outcomes Associated with Attention-Deficit/Hyperactivity Disorder. *Journal of Clinical Psychiatry*, 63(12), 10–15.
Sótt 19. febrúar 2012 af
<http://www.russellbarkley.org/images/Major%20Life%20Activities%202002.pdf>.
- Barkley, R., Fischer, M., Smallish, L. og Fletcher, K. (2006). Young Adult Follow-up of Hyperactive Children. Adaptive functioning in Major Life Activities. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 45, 192–202.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna nr. 18/1992. Sótt 2. desember 2012 af
<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>.
- Beckett, C., Bredenkamp, D., Castle, J., Groothues, C., O'Connor, T. G., Rutter, M. o.fl. (2002). Behavior Patterns Associated with Institutional Deprivation: A study of children adopted from Romania. *Journal of Developmental and Behavioral Pediatrics*, 23(5), 297–303.
Sótt 22. júlí 2012 af
http://journals.lww.com/jrnldbp/Abstract/2002/10000/Behavior_Patterns_Associated_with_Institutional.1.aspx.
- Beckett, C., Maughan, B., Rutter, M., Castle J. J., Colvert, E., Groothues, M. o.fl. (2007). Scholastic Attainment Following Severe Early Institutional Deprivation. A Study of Children Adopted from Romania. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 35, 1063–1073. Sótt 9. mars. 2012 af
<http://www.springerlink.com/content/1086v270763q3p75/fulltext.pdf>.
- Beckett, C., Castle, J., Rutter, M., Sonuga, B. (2010). Institutional Deprivation, Specific Cognitive Functions, and Scholastic Achievement: English and Romanian Adoptee (Era) Study Findings. *Monographs of the Society for Research in Child Development*, 75(1), 125–142. Sótt 7. mars 2012 af
<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1540-5834.2010.00553.x/full>.
- Beverly, B. L., McGuinness, T. M. og Blanton, D. J. (2008). Communication and Academic Challenges in Early Adolescence for Children Who Have Been Adopted From the Former Soviet Union. *Language, Speech & Hearing Services in Schools*, 39(3), 303–313. Sótt 1. mars 2012 af
<http://search.proquest.com/docview/232589562?accountid=135943>.
- Biblían. *Myndskreytta Biblía Fjölva* –Kjarni heilagrar ritningar (1981). Reykjavík: Fjölvaútgáfa.
- Björn Bjarnason. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- Boris, N. W og Zeanah, C. H. (1999). Disturbances and Disorders of Attachment in Infancy. *Infant Mental Health Journal*, 20(1), 1–9. Sótt 13. febrúar 2012 af [http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1002/\(SICI\)1097-0355\(199921\)20:1%3C1::AID-IMHJ1%3E3.0.CO;2-V/pdf](http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1002/(SICI)1097-0355(199921)20:1%3C1::AID-IMHJ1%3E3.0.CO;2-V/pdf).
- Bowlby, J. (1953). *Child Care and the Growth of Love* (3. útgáfa). London: Penguin Books.
- Bowlby, J. (1969). *Attachment and loss*. Vol. I. (5. útgáfa). London: Penguin Books.
- Bowlby, J. (1973). *Separation. Anxiety and Anger*. Vol. II. (2. útgáfa). Lexington: Basic Books.
- Bowlby, J. (1988). Developmental Psychiatry Comes of Age. *The American Journal of Psychiatry*, 145, 1–10. Sótt 29. september 2012 af <http://search.proquest.com/docview/220490225/fulltextPDF?accountid=135943>.
- Bretherton, I. (1992). The Origins and Attachment Theory: John Bowlby og Mary Ainsworth. *Developmental Psychology*, 28(5), 759–775. Sótt 16. apríl 2012 af <http://psycnet.apa.org/journals/dev/28/5/759/>.
- Brian, A. (2011). The Use of Abuse of Attachment Theory in Clinical Practice, Part I: Diagnosis and Assessment. *Trauma and Violence and Abuse*, 12(1), 3–12. Sótt 10. október 2012 af <http://tva.sagepub.com/content/12/1/3.full.pdf+html>.
- Brodzinsky, D. M. (2011). Children's Understanding of Adoption: Developmental and Clinical Implications. *Professional Psychology: Research and Practice*, 42(2), 200–207. Sótt 10. september 2012 af <http://psycnet.apa.org/journals/pro/42/2/200>.
- Brown, T. H. (2008). Framkvæmda-og hegðunarstjórn heilans. Sex hliðar afar flókins heilkennis. *20 ára afmælisrit ADHD samtakanna*. (Matthías Kristiansen þýddi). Sótt 28. nóvember 2012 af http://v2.nepal.is/Files/Skra_0029159.pdf.
- Bruce, J., Tarullo, A. T. og Gunnar, M. R. (2009). Disinhibited Social Behavior Among Internationally Adopted Children. *Development and Psychopathology*, 21(1), 157–171. Sótt 7. apríl 2012 af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC2629385>.
- Bruder, M. B., Dunst, C. J. og Morgo-Wilson, C. (2009). Child Factors Associated with Enrollment in Part C Early Intervention Among Children Adopted from China. *Journal of Early Intervention*, 32, 54–67. Sótt 7. mars 2012 af <http://search.proquest.com/docview/193252819/1356314B21351A2DFF0/1?accountid=49537>.
- Cain, K. og Oakhill, J. (2007). *Children's comprehension problems in oral and written language: A cognitive perspective*. New York: The Guildford Press.
- Cooper, G., Hoffman, K., Marvin, R. og Powell, B. (1999 og 2000). Secure and limited circles of security. Unpublished material. *Centre for Clinical Intervention*, Spokane: University of Virginia.

